Gjörðabók

U.M.F. Höfðstrendinga

1923 — 3ja bók

Landssími Íslands

Símskeyti frá Sa
nr. 18 orð 13 þann 24/12 1923 kl. 9
Ungmennafjelagið

Meðtekið frá Sa
þann 24/12 '23 kl. 9.10
af P. B.

Beztu jóla og nýárs óskir, þakkir fyrir liðna árið
Ungmennafjelagið

---

1

Árni Jóhannsson tók til máls um grein
þá sem lesin var upp úr Fjelaganum
á fundi 3 mars og vakti þá almenna
umræðu, mætti reykna sjer sem grein
arhöfund. Komust litlar umræður þar
að því fundartími var á enda. En það var
ekki hægt að komast að öðru heldur en
dómnefnd ætti að taka málið til og
fjalla um það.
Þar næst kaus formaður fjelagsins stað formann
til næsta fundar til fundarstjóra Jóhann
Eiríksson Berlin og nefndi hann til rit
ara Kristján Ágústsson og Sigm. Baldvinsson
í ritnefnd blaðsins Eiþór Hallsson og
Pjetur Jónsson og Björn Jónsson. Björn J.
mótmælti og sagðist ekki vita í því
í málefnanefnd. Árni Guðmundsson
Björn Jónsson töluðu Jóhannes Stefánsson Ed.
Þar næst ruku flestir út af fundinum
áður en fundarstjóri sagði fundi slitið.
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
fundarstjóri við þá sem eftir voru fundi
slitið.

Þorsteinn Stefánsson
fundarstjóri

Björn Jónsson
ritari

Sunnud. fyrstann í sumri var fund
ur settur og haldinn í Ungmennafj.
Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþyktán breitinga.
2 Tekið til umræðu harmoníku mál það er
frestað var frá síðasta fundi Sig. Jónsson
frummælandi taldi litlar líkur til þess að
harmoníku kaup þetta gæti gengið þar ið
harmoníku eigandi væri fjærverandi og
ekki að vita að hann kjæmi til staðarins
aptur. Um málið urðu miklar umræður
og skyrðist svo fyrir að einir 2—3 fjel
agsmenn mundu kaupa því um líkt
hljóðfæri og var því ekki óhugsandi að
þeir mundu vera sanngjarnari með
kaupgjald. heldur en áður hefði verið
og ekki fyrst við loforði frá þeim sem þá
sátu inni. Kom samt svo hljóðandi tillaga
frá Byrni Jónssyni stud. at. af Árnaföh.
Fundurinn leggur til að harmoníku ~~mál~~
kaupunum verði frestað minnsta kosti

til næsta vors en aftur verði reynt að
komast að sem góðum samningum við
hina tilvonandi harmoníku eigendur
sem hagtær. Till. var samþykt.
3 Árni Jóhannsson skyrði frá því að haldinn
yrði ~~samvinnu~~ fjelagsfundur á Sauðárkrók
12 maí sagði hann að allir Ungmennafje
lagsmeðlimir væru velkomnir á fund þenna.
Talaði Árni mörgum velvöldum orðum
viðvíkjandi þeirri nauðsyn og uppfræðslu
er hver og einn og fjelagsskapurinn í heild.
sinni gæti haft af ferðinni. Enn fremur
sagðist hann hafa talað við mótorbáts
eigandann Skafta Stefánsson frá Nöf
og beðið hann að vera hjálplegann við
viðvíkjandi flutningi á meðlimum þessa
fjelags og hefði hann sagst skylda
verða það eins og búast var við af þeim
manni. Töluðu þá fleyri partur fundar
manna og þökkuðu frummælanda fyrir
þar miklu tilreyndir er hann hefði sint
í að veita okkur ferðina sem við fangs
minsta að hagti væri og varð enda líklegt
sú að hver sem farið gæti Gjeti Árna Jóhann

rita það viku til hálfum mánuði fyrir
hinn áðurnefnda dag er fara skyldi
4 Ritstjóri las upp greinar þær er farst
höfðu Fjelaginu
5 Kosnir starfsmenn til næsta fundar
fundarstjóri Ingólfur Þorleifsson og
nefndi hann til ritara Bjarna Sigurðs
son og Jónínu Jónsdóttir Staðarbjörgum
Málefnanefnd endurkosin
Ritnefnd Jóhannes Stefánsson Re
Kristján Ágústsson Hofsós Konráð Jónsson
Fleyra gerðist ekki á fundinum og sagði
þá fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri

Sigurður Símonarson    Eiþór Hallsson

Á    Jósaf Steg Jónsson

ritarar

Næsta fundargjörð sem innfærast átti að
færast inná undan þessari. En voru
tekin misgrip á fundargjörðunum
Björg Jónsdóttir

Þ

Fimtudaginn 29 marz 1923 var fund-
ur settur og haldinn í Ungmennafjel.
Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykkt án breitingar
2 Kristján Ágústsson lagði Röntgengeisla
málið fram til umræðu og aðallega til
þess að heyra undirtektir fundarman
a um málið urðu nokkrar umræður
og voru allir því fylgjandi og gat Árni
Jóhannsson þess að sá litli sjóður sem að
nú þegar væri til gengi til þess fyrirtæk
is Pjetur Jónsson kvaðst vera á móti því
sambandinu og einnig vera því mót
fallinn að það fje sem að hjer kynni að
safnast til þess fyrirtækis yrði flutt
yfir á Sauðárkrók og sameinað þar í einn sjóð
um þetta urðu nokkrar umræður og
kom fram í málinu svohljóðandi till.
frá Árna Jóhannssyni Studd. af Eiþóri
Hallssyni Fundurinn telur sig fylgjandi
" Röntgengeisla málinu og telur

" stjórn Fjelagsins að hafa
" um sjón með þeim sjóði
" sem þegar er til í því augna
" miði þanga til öðruvísi verður
" á kveðið með fundarsamþykt.
Um tilf. urðu nokkrar umræður en
þó samþykt án breitinga
3 Lesin upp úrskurður dómnefndar um
greinina góðu.
4 Sigurður Jónsson gat þess á fundinum
að fjel. þyrfti að útvega sjer harmoniku
og fékk í ljósi að Árni Guðmundsson
mundi fara í burtu og yrði því ekkert
hljóðfæri til framvegis og var þessu máli
frestað til næsta fundar
5 Baldvin Ágústsson gat þess að sjálfsagt væri
syngja fyrir og eftir fundi og væri menn
því fylgjandi og kom svo hljóðandi tilf.
frá Eyþór Hallssyni st. af Árna Jóhannssyni
Fundurinn samþykkir að fundarstjóri
taki til söngvísu sem sungnar sjeu á
undan og eftir fundi og var hún samþykt
án breitinga
6 Ritstjórinn las upp greinar sem að komið

höfðu í fjelaginu
7 Starfsmenn til næsta fundar fundarst.
Pjetur Jónsson og nefndi hann til rit
ara Jóhann Eiríksson Berlín og Jósafat
Sigfússon Gröf í Málefnanefnd. Árna
Jóhannsson Björn Jónsson Bæ og Eiþór
Hallsson Hofsós Ritnefnd Stefán Guðm.
Hofsós Bjarna Sigurðsson og Jósafat Sigfús
son Gröf
Fleira gerðist ekki á fundinum
og sagði því fundarstjóri fundi slitið

fundarstjóri
Jóhann Eiríksson

Kristján Ágústsson
Sigm. Baldvinsson
ritarar

sungið á eftir fundi
Eldgamla Ísafold.

Fundur var haldinn í Ungmennafje-
Höfðstrendínga 11/11 1923

1 Eftir skipun fundarstjóra var sungið
eitt lag áður en lesin var upp fundargjörð
frá næstliðnum fundi í fjelaginu.

2 Eftir að fundargjörð var samþykkt
og fundarstjóri hafði boðið um ræður
um þau mál & lán fyrir fundinum
bað Eyþór Hallsson um orðið og skýrði frá
að fyrir ófyrirsjáanlegar ástæður væri
ekki hægt að ræða málið sem hann hefði
lagt fyrir þennan fund til umræðu
fyr en á næsta fundi ef það yrði þá
við það höfðu menn lítið að athuga, þó sem
um fundarmönnum gæti ekki hugsað
hverjar þær ástæður væru sem gjörði það ó-
mögulegt að málið gæti komið til umræðu
á þessum fundi var því málinu frestað
án þess að leitað væri fundarsamþykktar

3 Næst bað Árni Jóhannsson um orðið og mint-
ist á hvernig greiddur yrði sundkenslu
kostnaður sem ógreiddur væri frá síðast-
liðnu vori en það voru mjög skiptar
skoðanir og komu því í málinu talsverð-

margar till. eins og fundargjörðin ber
með sjer. Fyrsta till. kom frá Agnari Magn-
ússyni studd af Eyþóri Hallssyni svohljóðan.
" Fundurinn leggur til að hver
" sundnemi borgi tveggja krónu
" gjald.
Eftir litlar umræður kom breitingartill.
frá Pjetri Jónssyni studd af Jóhanni E[illegible]
" Fundurinn samþykkir að börn
" þau er notuðu sundkenslu við
" sundpoll fjelagsins s.l. vor verði
" gjaldfrí en kostnaður greiddur
" úr fjelagssjóði
Tillaga Pjeturs borin upp fyrst voru 4 með
4 móti með Agnars till. 4 en 4 móti.
Þar næst kom till. frá Kristjáni Ágústsyni
studd af Þorgrími Hermannssyni svohljó-
" Fundurinn samþykkir að
" kostnaður sá er varð við sund-
" kenslu á síðastliðnu vori
" greiðist úr fjelagssjóði að frá
" dregnu 2 kr gjaldi af hverjum nemanda
Við þessa till. kom breitingartillaga frá Birni
Jónssyni Hofsós studd af Jóhanni Eiríkssyni

till. var svohljóðandi
" Fundurinn leggur til að hver
" fjelagsmaður borgi 75 au
" svo ekki þurfi að taka eins
" mikið úr fjelagssjóði
Eftir að kom til höfðu[n] fram raddir með og móti báðum till. áleit fundarstjóri að bera þær upp til atkvæðagreiðslu gat þá Pjetur Jónsson þess að till. væri á leiðinni frá sjer en þá taldi Árni Jóhannesson þá till ekki standa fyrir því að þessar væru bornar upp af hvorug fjöði tekin aftur
Fundarstjóri ljet því fara fram atkvæðagreiðslu um tillögurnar Björns till fyrst og voru 2 með allir hinir á móti
Með Kristjáns till. voru 11 en 2 mót þegar greitt hafði verið með og mót þessum till. kom tillaga frá Pjetri Jónssyni studd af Jóhanni Eiríkssyni
" Fundurinn samþykkir að
" börn þau er notuðu sund-
" kensluna við sund poll fjelagsins
" sl vor borgi 2 kr er leggist sjer
" stakann sjóð sem heiti sund-
" polls sjóður en kostnaður sá er var sl vor
" greiðist úr fjelagssjóði
Með þessari till. voru 2 en 14 mót. Næst var samþykkt að nefnd sú er starfað hefur við sundkensluna á till. sæi um innheimtu á áðurnefndu gjaldi frá hverjum sundmanna og greiðslu á þeim kostnaði er kenslan hafði í för með sjer
Næst kom Árni Jóhannesson með málefni um að við gjörðum nú í tíma till. hvað fyrir næsta árs sund kenslu og fælum einhverjum að sækja um sundkenslu styrkinn úr sýslusjóði um þetta urðu nokkrar umræður og fannst sumum of tíma bært en það var ekki í tilefni af því kom tillaga frá Árna Jóhannessyni svo hljóðandi Fundurinn felur stjórn Ungmenna fjelagsins að sækja um styrk úr sýslusjóði til sundkenslu á næsta vori tillagan var studd af Eiríki Hallssyni með henni voru 11 en 1 mót. Kristján Ágústsson lagði til að ræða yrði um stundvísi á næsta fundi
Fleira gjörðist ekki á þessum fundi og nefndi því formaður fjelagsins starfsmenn til næsta fundar fundarstjóra Baldvin Ágústsson og nefndi hann til ritara Ingólf Þorsteinsson

og Jóhann Eiríksson Berlín
Málshefjanda nefnd. Bjarni Sigurðsson Ágnar Magnússon Jóhanne Eiríksson,
Ritnefnd. Kristjana Árnadóttir Ingibjörg Kristinsdóttir Ingólfur Þorkelsson.
Ritstjóri fjelagsins las blaðið en góða grein uppúr blaðinu okkar og kvöð einnig las hann fyrir okkur smásögu með því að fundartími var á enda og ekkert orand ninja málta fyrir fundinum sagði fundarstjóri fundi slitið á eftir var sungið ættlag

Sigurður Jónsson
fundarstjóri

Kristján Ágústsson
ritari

Sunnud. þann 28/1923 var fundur haldinn í Ungmennafjelagi Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án nokkra breitinga
2 Teknar í fjelagið Sigurlög Jónsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir
3 Konráð Jónsson gat þess að okkur Ungmennafjelögum hefði borist brjef og óskaði eftir að mega lesa það upp var brjefið frá Jóni Konráðs. Pálma Þóroddssyni Vilh Erlendssyni Áskvaholi Björnssyni og Hjalmari Þorgilssyni
Efni brjefsins var um sparnað á ýmsum óþarfa varningi svo sem víni tóbaki og öllu því sem talist gæti þarfleitið Tók fundurinn málinu vel og lítaði ýmsra ráða í áttina að spara kom till. frá Birni Jónssyni Bæ studd. af Eyþór Hallssyni Fundurinn er einhuga um að spara vill hann því að U. M. F og eldri kiú slóð á Höfðaströnd - mindi fjelag Bindindisfjelag móti víni tóbaki og víni var till. borin upp og feld með 14 gegn 8 kom till frá Árna Jóhannssyni studd. af Birni Jónssyni
Fundurinn samþykkir einhuga að

" vinnuðu verði algjörlega bönnuð innan Ungmenna
" fjelagsins Einnig að reyna á allan hátt að
" spara sem mest af öðrum óþarfa varningi
" með almenningum sem ~~[illegible]~~ tökum og reyna á allan
" hátt að beita kröftum sínum í sparnaðaráttina
" innan og utan fjelags — — —
svo var tillögu samþykt með 15 gegn 3 Var álitið á fund-
inum að málið yrði að hafa sjer til betri tíma
þar næst gat Árni Jóhannsson þess að lítill áhugi
hefði orðið við sundkensluna í vor og kendi því
kuldanum. En fremur lýsti hann því yfir að
leiðinlegt væri að þurfa að taka einhverja upp
hæð af þátttakendunum þar sem Magnús
læknir hefði átt helminginn af þeim þar
sem hann hefði verið svo hjálpsamur við
okkur með sundstaðinn Var ekki hægt að tala um
þetta mál og var því frestað Málefnanefnd sagð
aði af sjer með það fyrir augum að reynt yrði að koma
söng í Fjel. Fundarstjóra til næsta fundar
Sigurð Jónsson Höfða nefndi hann ritara
Kristján Ágústsson og Jóhannes [illegible] Málefnanefnd.
Kristján Ágústsson Björn Jónsson Höfða Jóhannes
Bæ Bitnefnd endurkosin fleira gerðist ekki á
fundinum og sagði fundarstjóri fundi slitið
Fundarst Ingólfur Þorláksson Bjarni Sigurðsson og Jóhann Jónsd. ritarar

Sunnud. 25 nóvembr. 1923 var fundur
settur og haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrend-
inga á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar
Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og hún
samþykt án breytinga
1 Fundarstjóri var eigi mættur og var því nefnd-
ur til fundarstjóra Kristján Ágústsson og
sagði hann því fundinn settann
2 Árni Jóhannsson las upp úr Fjelagsannálnum
tvær greinar en gat þess að sú þriðja hefði
komið svo seint að hann hefði haft tíma
til að innfæra hana og er hann hafði lok
ið upplestrinum stóð fundarstjóri upp
og þakkaði fyrir upplesturinn og talaði fyrir
sínu máli. sem var [illegible] um málið urðu
miklar umræður var málið tekið frá því [illegible]
sjónarmiði að ekki væri hent að hafa —
fundi með svona fyrirkomulagi og verið
hefur á fundunum undanfarið Árni Jóhann
tók þá til máls og var því fylgjandi og sagði
að það gæti ekki gengið svo til lengdar að
fólk kæmi ekki fyr en um miðjan
fundartíma og gat þess enn fremur að

kvennfólkið hefði verið í gangi sjer til
skemtunar eftir að fundur var settur till.
kom ekki fram í málinu og var því
málið tekið út af dagskrá
3 Eiþór Hallsson gat þess að ekki væri hægt
að ræða málið um á fundi sem frestað
var á næsta fundi á undan. Kom því
næst till. frá Birni í Bæ svo hljóðandi
" Fundurinn samþykkir að
" söngkenslumál Ungmenna
" fjelagsins verði tekið út af
" dagskrá þessa fundar
og var það samþykt till. studd.
af Eiþór Hallssyni
4 Nefnd sú sem starfað hefur við sundpoll
og sundkenslu síðastliðið vor lagði fram
reikninga á fundinum um viðvíkjandi
kostnaði á síðastliðnu ári og fann fund-
urinn ekki neitt við það að athuga. Nefnd-
in kom líka með samningsuppkast
frá landeiganda um hvað að rjettindi
fjelagið hefði á sundpollinum og voru
allir fundarmenn þakklátir Magnúsi
lækni fyrir öll þau liðlegheit sem hann
hefur sýnt fjelaginu frá því fyrsta. Árni
Jóhannsson gat þess getið að nefndin væri
laus við allt þetta starf þegar hún væri búin
að skrifa undir samninginn
5 Björn Jónsson kom með málefni á fundinn
um það halda þyrfti skemti samkomu í vetur
eins og verið hefði undanfarna vetur. Um málið
urðu miklar umræður og voru allir málinu
hlintir nema Eiþór Hallsson, en margir
kváðust ekki geta unnið fyrir málið ýmsra
hluta vegna því næst kom till. í málinu
" Fundurinn leggur til að
" haldin verði ýmt tekta
" skemtun fyrir fjelagið
" milli jóla og nýárs einnig
" verði kosin 5 manna nefnd.
" sem sjái um allar fram
" kvæmdir þessara skemtunar
Björn Jónsson Hofsós studningsmaður Björn Bæ
till. borin upp og samþykt. Var það að samkom-
lagi að kjósa mennina skriflega og hlutu þessir
kosningu " Björn Jónsson Bæ með 17 atkvæði
" Björn Jónsson Hofsós — 14 —
" Símon Jónsson — 13 —

" Agnar Magnússon með 9 atkvæði
" Sigurður Finnsson — — 9 —
Til vara Jóhann E. Berlín — — 4 —
Ingibjörg Kristinsdóttir 4 —
Stefán Guðmundsson 4 —
Málefnanefnd lagði fram málefni
til næsta fundar um að koma á stofn
Unglingaskóla.
7 Því næst nefndi formaður fjel. starfsmenn
til næsta fundar. Í málefnanefnd:
Sigurð Símonarson St.
Björn Finnsson Tóli
Jóhannes Stefánsson Bæ
í ritnefnd. Svein Sigurðsson Il.
Steinþór Finnsson Gröf Jarþrúði í Hvamm E. Mýrakoti
fundarstjóri til næsta fundar Stefán Guðm.
og nefndi hann til ritara Eiríkur Hallsson og
Sigurð Símonarson St.
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því
fundarstjóri fundi slitið

fundarstjóri Kristján Ágústsson

ritarar Jóhann Eiríksson og Ingólfur Þorleifs.

Sunnud. 10 desember 1923 var fundur haldinn
í U.M.F. Höfðstrendinga og byrjaði stundvísl.
kl. 12 á hádegi
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykkt án breitinga.
2 Umræðuefni frá Málefnanefnd skólamál
Framsögumaður Agnar Magnússon sagði
hann að sínu áliti væri heppilegast að
setja málið í nefnd, öðrum kosti væri lít-
ið hægt fyrir það að gera. Næstur fram-
sögumanni talaði Kristján Ágústsson sagði
ist svo að málið væri óljóst fram borið og
illa ráðandi eftir því sem nú horfði við
Næst talaði Björn Finnsson Bæ og áleit fyrst að
skilaðið það að menn segðu hvort þeir væru
með eða móti málinu. Þar næst talaði
Árni Jóhannsson og benti á kostnað þann
sem kenslan mundi hafa í för með sjer
fanst það geta orðið svo dýrt að ekki væri
hægt að samþykkja skólann á þessum
fundi og vita fyrst hvað margir þátt-
takendur yrðu, en fremur vildi hann fyrir
sitt leiti að fjelagið bæri engann kostnað

af kenslunni komu þar næst nokkrar ræður
um að frestað yrði málinu var þá fundarst-
jóra rjett till. en áður en hún var borin upp
til samþyktar fengu þessir orðið Björn [illegible]
á leit hann skólann verða betur sóttann ef
kent yrði stúlkum handavinna Björn Jónsson
Hofsós fanst honum óþarfi að ræða málið
meyra nú og illa farið að eiða tímanum
svo til einskis Pjetur Jónsson sagði sig fylgj
andi þessu máli og fanst ekki illa til fallið
þótt Fjelagið bæri allann þann kostnað sem
af kenslunni hlyti aftur talaði Björn Jónsson
Hofsós og sagðist ekki skilja hugsun síðasta
ræðumans eða þeirra manna sem ætluðu
enga afturrekstur fyrir Fjelagið gera
til að afla því inntekta með þannig lagaðri hugs
un væri sjóðurinn ekki lengi að minka eða jafn
vel eiðast að fullu og öllu Árni Jóhannsson talaði
til síðasta ræðumanns og sagði það skakt
fram borið að Pjetur Jónsson inni ekki fjel
inntekta að minsta kosti hefði hann
starfað með honum í nefnd til inntekta
fyrir Fjelagið og hefði tekist ágætlega
Bar því næst fundarstjóri upp svo

hljóðandi till. og var hún samþykt
" Fundurinn er því samþykkur
" að fjelagið reyni að gangast fyrir
" Unglingaskóla síðari hluta
" vetrarins þó því aðeins að fjelagið
" beri engann kostnað við kensluna
" Telur fundurinn ekki gjörlegt
" að byrja kensluna með færri en
" að minsta kosti 10–12 nemendum
" og samþykkir að kjósa 3ja
" manna nefnd til þess að athuga
" þetta mál og leggi nefnd sín
" gjörðir síðan fyrir Ungmenna
" fjelagsfund til umræðu
Árni Jóhannsson studd af Kristjáni Ágústs.
Í nefndina voru þessir kosnir Agnar M.
Árni Jóhannsson Björn Jónsson H.
3 Baldvin Ágústsson gerði fyrirspurn til
fundarins hvort hún rjett væri um rekt-
unarmálið eða hvort nefnd sæti því
spurningunni svaraði Jóhann Eiríksson
sagði hann nefnd sitja í málinu er
hefði óbundnar hendur og mundi reyna
að framkvæma eitthvað í þá áttina á

hún væri sjer fært en þessa hluta vegna
hefði en ekkert verið hægt að framkvæma
Næst þar á eftir talaði Kristján Ágústsson
fanst honum að báðir þeir er áður hefðu
talað í þessu máli hefðu haft rjett
fyrir sjer það væri rjett með farið hjá
síðasta ræðumanni að nefnd setti mál
inu en eig að síður væri hún framkvæmda
laus og hefði heldur ekki getið af sjer
hljóð en sem komið væri Áleit hann nú fyrst
vera hægt að vinna eitthvað í því áttina Árni
Jóhannsson benti á sundpollinn okkar og
fanst vel til fallið ef hægt væri að koma
þar á sökkutækum blettum sagðist hann ekki
muna hver nefnd sú væri er þar hefði störf
um að gegna. Jóhann Eiríksson talaði aftur
upplýsti síðasta ræðumann að í nefnd
inni væri Ingólfur Þorleifsson Árni Jóhannsson
Jóhann Eiríksson talaði næst Ingólfur Þorl
eifsson og á leit hann mál þetta koma í
bága við húsbygginguna og ekkert að því
vinna fyrr en það mál væri út rætt. Björn
Jónsson Hofsós sagði að húsbygginga málið
væri dautt og var því mjög fylgjandi að fje

lagið gengist fyrir sökum í dálítið stór
um stíl, að hjer á fundum væri alla tíð
rætt sem maður segði önnur hlið en sem
sje það að talað væri um kostnaðinn en ekki
um það hvers peninga virði það væri sem
það gæfi af sjer. Voru honum nokkrir
sammála þó fleyri partur fundarmanna
væri því mótfallinn að fjelagið gengist
fyrir sökkum eins og nú stæðu sakir. —
Kom svohljóðandi till. er var samþykkt
" Fundurinn samþykkir að taka
" málið út af dagskrá þar eð
" nefnd sett í málinu
Árni Jóhannsson studd af Kristjáni Ágústsyni
4/ Pjetur Jónsson sagði það skyldu ritara fje
lagsins að hafa eftirlit með að nefndir settu
fullskipaðar t.d. vantaði nú einn mann í
dómnefnd og annann endurskoðanda
í stað þeirra er fjærverandi væru Talaði næst
ritari fjelagsins (B.J.H.) áleit þetta máské
rjett hjá Pjetri Jónssyni en ekki hefði hann
sjeð það fyrir sjer áður það þó að síðasti ræðu
maður hefði verið áður ritari fjelagsins. Svaraði
frammælandi og sagði ekki rjett með

farið hjá síðasta ráðsmanni, að minsta
kosti sýndi þetta þó að frekar hefði hann
yfirfarið fundargjörðabókina og lagað það er
á bóta vant var
5 Frá Kristjáni Ágústsyni kom fyrirspurn
hvort engir vara menn væru sagði fundur
inn þá ekki vera. Formaður nefndi til endur
skoðanda Kristján Ágústson og í dóm nefnd
Agnar Magnússon gjaldkeri áminti
þá er eftir áttu að borga að borga það fyrsta
Nefndi formaður starfsmenn til næsta
fundar fundarstjóri Bjarni Sigmundsson
og nefndi hann til [illegible] Björn í Bæ
Vernharð Karlsson, Árfinn um í málefna
nefnd. Þorgrím Hermannsson Þorstein S Bæ
Björn Jónsson Bæ í ritnefnd. Sigurður Jónsson
Björn Jónsson Hofsós Agnar Magnússon Hofsós
Málefni til næsta fundar Skauta mót
og Skíða mót framsögumaður Björn Jóns.
Bæ Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið

fundarstjóri
Stefán Guðmundsson

Eyþór Hallsson
Sigmundur Baldvinsson
ritarar

6
# Fundargerð
Sunnudaginn 30/12 1923 var fundur
settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum
stað og tíma. Á fundinum voru mættir 16 fjélagar
Gjörðir fundarins voru sem hjer segir
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og sam
þykt án breytinga
2 Þar sem framsögumaður Skíða og Skautamóts
var ekki mættur þótti rjettara að fresta því
máli. Var því mál sem koma átti á næsta
fund. tekið til umræðu Garðrækt í Drangey
framsögumaður Björn Jónsson Bæ frams
sögumaður taldi ágætt skylyrði í Drangey
til kartöflu ræktar. Var þess fýsandi að U. M. F.
gerði tilraun þar á næstkomandi vori Eyþór
Hallsson talaði á móti garðræktartilraun fyrir þess
ari taldi þar á marga annmarka vildi M. K.
láta aðra ríða á vaðið Kristján Ágústson Taldi
málið þarflegt en vildi ekki starfa í bak við áður
setta garðræktar nefnd. Björn Jónsson vildi
halda að veðrið gæti orðið kvimleiður Farar tálmi
á garðræktarferðum okkar til Drangeyar Bjarni
Sigmundsson taldi þarft fyrir þá sem færu til
eggjatöku að vinna eitthvað að málinu á þeim
tíma

Um málið urðu töluverðar umræður, en þar
sem svo fáir voru mættir þótti ógjörlegt að
fresta máli þessu. Nú var fundartími ekki út-
runninn en ekkert málefni annað til. Kom
því fundarmönnum saman um að byrja
umræður um Skíða og Skautamóts málið.
Eyþór Hallsson hóf fyrstur máls á því vildi
hann að fjelagið gæfi þeim viðurkenningu
sem bestur yrði í listinni. Björn Jónsson Bd.
taldi fyrsta sporið að ná mönnunum saman
að til æfinga áður en veitt yrðu verðlaun.
Sigurður Jónsson talaði af áhuga um málið
Skauta/nokkrum vel völdum orðum til Eyþórs
Hallssonar og settist svo niður. Kristján Ágústsson
vildi láta veita þeim verstu verðlaun því þá
myndi hann og fleyri sem vanir væru frekar
sækja æfingar. taldi ógjörning að útræða málið
á þessum fundi. Pjetur Jónsson Taldi byrj-
unina að veita verðlaunin. Þá var lesið upp
jólaóska skeyti frá U. M. F. Tindastóll.
og þess getið að U. M. F. H. hefði sent skeyti
áður til U. M. F. Tindastóll. Þá var Skauta og
Skíðamótsmálið frestað. fundarstjóri
var kosinn Kristján Ágústsson ritara til

næsta fundar Arna Jóhannsson og Jóhannes
Stefánsson. Málefnanefnd. Sigurlaug Jónsd.
og Kristbjörn Árnadóttir ritnefnd. Geirf. J. Bd.
Björn Jónsson, Bd. Þorsteinn Kristinsson Bd.

fundarstjóri — ritarar

Bjarni Sigurðsson — Björn Jónsson Bd.
Konráð Jónsson.

# Fundargerð 1924

Sunnudaginn þann 13. janúar 1923 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2. Árni Jóhannsson bað um orðið og skýrði frá því að nefnd sú sem kosin var, á umræðufundi Ungmennafjelaga sýslunnar, á Sauðárkrók síðastliðinn vetur, hefði nú fengið lög hins gamla Sambands til yfirlits og athugunar ef hin sömu fjelög vildu ganga í slíkt samband. Las hann síðan upp lög sambandsins og óskaði að fundurinn gæfi álit sitt í ljósi um málið.

Björn Jónsson Hofsós óskaði að lögin yrðu lesin upp grein fyrir grein svo fundurinn gæti rætt um hverja einstaka grein laganna. Var það samþykt og tók fundarstjóri við lögunum og las þau þannig upp.

Umræður urðu talsverðar um flestar greinar laganna og mjög skiftar skoðanir um hvort fjelagið ætti að ganga í þetta Samband. Þá ekki kom fram raddir um það að nafn fjelagsins væri ekki tilhlýðilegt þar sem það hjeti „Samb. Málfundafjelaga Skagafjarðar“ og voru flestir sammála um það að nafninu skyldi breyta ef svo færi að sambandið ætti nokkra framtíð fyrir höndum sem Samband Ungmennafjelaga. Var einnig bent á það að kostnaður sem af þessu leiddi yrði talsverður, en sundurliðar áætlanir voru þar gerðar um, töldu sumir að kostnaður vegna sambandsfundar þyrfti ekki að vera meiri en 40–50 kr. en aðrir áætluðu 100–150 kr.

Eftir nokkrar og allnarpar umræður kom fram tillaga frá Birni Jónssyni Bæ svohljóðandi:
„Fundurinn samþykkir að U.M.F.H.
„gángi í Samband Málfundafjel.
„ Skagafjarðarsýslu.

Um tillöguna urðu talverðar umræður, sjerstakl. vegna þess að í Sambandslögum stóð að 2/3 hluta fjelagsmanna þyrftu að greiða atkvæði með því

að ganga í sambandið. Var gizkað á að
greinin þessi bæri að skilja þannig að 2/3
hluta meiri fjelagsmanna á fundi þyrftu
til þess, en þó að þessi var aðeins ágiskun
var ekki hægt að binda sig við það.
Tillagan var þá borin upp og
fjellu atkvæði þannig að 15 atkvæði
voru með en 7 á móti.
Var þá fundartími á enda, var því
málefni til næsta fundar lagt fram;
Skemtiferð Ungmennafjelaga til Drangeyjar
Í Málefnanefnd voru skipaðir:
Ingólfur Þorleifsson Pjetur Jónsson
og Sigurður Símonarson
En þar ið ákveðið var að Aðalfundur
yrði næsta fundardag var hvorki skipaður
fundarstjóri eða ritari.
Að þessu loknu sagði fundarstj.
fundi slitið.

Kristján Ágústsson fundarstj.

Ari Jóhannsson ritari

## 1. Fundargerð

Sunnudaginn hinn 27. janúar 1924 var aðalfundur
Ungmennafjelags Höfðstrendinga haldinn í
Þinghúsi hreppsins.
Þessar voru gjörðir fundarins:
1. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og
samþykt án breytinga.
2. Las þá formaður upp lög fjelagsins,
fyrst öll en síðan lið fyrir lið til þess
að mönnum gæfist kostur á að gera athuga-
-semdir við sjerhverja grein laganna.
Viðvíkjandi annari gr. laganna kom fram
tillaga frá Eiríki Hallssyni svohljóðandi:
"Fundurinn samþykkir:
"að grein um vínbindindi verði tekin
"upp í lög fjelagsins aftur.
Um tillöguna urðu talsverðar umræður
og sýndist [illegible] sitt hverjum
Var því næst tillagan borin upp og
samþykt með 20 atkv. gegn 8.
Við 4 gr. laganna var einnig gerð
athugasemd af Eiríki Hallssyni þannig
að feld væri burtu að hafa íþróttir
og fyrirlestra á fundum fjelagsins.

það því var alls ekki framfylgt.
Samdi hann tillögur um að sú stöning yrði feld burtu, en enginn fundarmanna fjekkst til að styðja tillöguna og var hún því sjálffallin.
Við 12 gr. laganna gerði Ingólfur Þorleifsson dálitla athugasemd, hvað hann fyndi illa sótta af mörgum fjelagsmönnum. Hefði hann fyrir fundinum 3 menn e ekki hefðu sótt fundi 3 fundardaga í röð. Munnleg tillaga kom frá Pjetri Jónssyni um að kærur til dómnefndar skyldu koma fram skriflega; Var það samþykt í einu hljóði.

3. Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu kosningu: Konráð Jónsson með 24. Björn Jónsson Bæ með 23 atkv. og Árni Jóhannes. með 14. Í varastjórn voru kosnir: Björn Jónsson Hofsós 11 atkv. Kristján Agústss. 7 atkv. og Eiþór Hallsson með 5.

Í dómnefnd voru kosnir.

Jóhannes Stefánsson Bæ Björn Jónsson Bæ
Konráð Jónsson Hofsós Árni Jóhannsson Hofsós
Kristján Agústsson Hofsós

Endurskoðunarmenn reikninga Eiþór Hallss. Pjetur Jónsson

4. Að þessu loknu mintist Árni Jóhannsson á sambandsmálið að nýju. Kvaðst hafa getið þess á síðasta fundi & það mál var til umræðu að hann myndi hefja máls á því aftur. Um málið urðu talsverðar umræður og voru sumir fjelagsmenn mjög á móti því að fjelagið gengi í sambandið. Kvaðst ekki sjá neinn hagnað við það en kostnaður yrði talsverður. Eftir allmiklar umræður kom fram tillaga frá framsögumanni; svohljóðandi:

"Fundurinn samþykkir að U.M.F.H.
"gangi í samband málfundafjel.
"Skagafjarðar fyrir næsta aðalfund
"sambandsins.

Var tillagan borin upp og samþykt með 21 atkv. gegn 6.

5. Þá var rætt um að kjósa fulltrúa til sambandsfundar og var meiri hluti fundarmanna með því að það yrði gert á þessum fundi. Voru þeir síðan kosnir skriflega og hlutu kosningu
Árni Jóhannsson með 20 atkv. Konráð Jónsson með 16.
Björn Jónsson Bæ 16 " og Kristján Agústss. - 10

eftir hlutkesti milli hanns og Pjeturs Jónssonar er einnig fjekk 10. atkv. Sem varamenn voru kosnir Pjetur Jónsson 10 atkv. Björn Jónsson Hofsós 7. Eiþór Hallsson 9. Bjarni Sigurðsson 7.

6. Þá var skipaður fundarstj. til næsta fundar Eiþór Hallsson Hofsós og nefndi hann til ritara:
Guðlaug Jónsdóttir og Ingibjörg Kristinsd.

málefnanefnd
Árni Jóhannsson Hofsós
Björn Jónsson Hofsós
Eiþór Hallsson "

7. Málefni til næsta fundar voru lögð fram. Frá Ingólfi Þorleifssyni Peningaspil
" Pjetri Jónssyni Skemtikvöld
" Sigurði Símonarsyni Tombóla

Sagði því næst fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri
Ámundi Jónsson

Ritarar
Björn Jónsson Bæ
Björn Jónsson Hofsós

2. Fundargjörð

Sunnudaginn 10. febr. 1924 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörðin lesin upp og samþykkt án breytinga (7 atkv. með 5 á móti). Pjetur Jónsson sýndi fram á hve erfitt verk það væri að semja fundargjörðir í fjelagi þessu, og kom því um hjá einstökum fjelagsmönnum að vandasamt væri að semja þær svo að hann hefði ekki eitthvað (við) út á þær að setja. Ennfremur hreifði hann mótmælum gegn vínbindisgreininni í lögum fjelagsins og taldi hana ekki gilda.

2. Fundarstjóri hreifði skauta og skíðamálefninu, en fundurinn áleit það ekki eiga rjett á að koma til umræðu á þessum fundi.

3. Málefna-nefndin kom því næst fram með málefni sín. Ingólfur Þorleifsson lagði fyrir fundinn málefni sitt „peningaspil“ og lýsti ógeði sínu á þeim list eins og hann komst að orði. Tillaga kom frá framsögumanni svo hljóðandi:

Skorar

„Fundurinn á að allir
„ungm. fjel. hætti að spila
„peninga-spil. Ingólfur J. Studd af Indriða Guðjm.
Breitingartill. kom fram svohlj.
Fundurinn samþ. að ekki
verði spilað fjárhættuspil
af neinum fjelagsmanna
Kristján Águsts. Studd af Árna Jóhannss.
Breitingartill var samþykkt með 13 atkv. gegn 3 atkv.
Pjetur Jónsson lagði fram fyrir fundinn málefni
till „Skemtikvöld“ og skýrði frá hvernig halda
mætti skemtun innan fjelags án þess kostn-
aður hlytist af. Till. kom fram frá framsögum.
og studd af Kristjáni Ágústsyni og var svohlj.
Fundurinn samþ. að kjósa
þá 3 menn til að sjá um að framkvæma
skemtikvöld innbyrðis í U. M. F. H.
Till. var samþ. nefnd var kosin í málið og hlutu
kosningu þessir: Pjetur Jónsson Kristján Ágústs s.
og Árni Jóhannsson. Árni J. benti á hve brýn nauð-
syn bæri til að halda ágóða skemtun fyrir
fjelagið. Var þá leyfast við að velja nefnd sem
kosin hafði verið til að sjá um innbekkta skemtun
og kom fram till svohlj. frá Árna Jóhannss

„Fundurinn samþykkir að áðurkosin
„skemtinefnd fjel. haldi áfram störf-
„um og sjái fjelaginu fyrir inntekta-
„skemtun hið fyrsta, sem hún sjer hentug-
„leika til.
Tillagan var samþykt. Það kom í ljós að einn
nefndarmaðurinn Agnar Magnússon gat ekki
sint störfum sínum, og var varamaðurinn
Árni Jóhannsson kosinn í hans stað. Sigurður Símonars.
lagði fram málefni sitt „Hlutavelta“, og var ekki
líklega tekið í það af fjelagsmönnum.
Breitingartill. kom frá Árna Jóhannssyni svohljóð.
„Fundurinn samþykkir að hlutaveltu-
„málið verði tekið út af dagskrá. Samþykt.
Konráð Jónsson gat þess að fjelagið þyrfti á harmoniku
að halda, og ljet í ljósi að völ væri á harmoniku
til kaups. Ýmsir talsverðar umræður um málið
og sýndist sitt hvorum.
Till. kom frá K. J. svohljóðandi og var samþykt.
„Fundurinn samþykkir að fjel. feli
„stjórninni að kaupa harmoniku
„sem þá stendur til boða.
Árni Jóh. bað menn skýra frá, ef þeir hefðu mál-
efni að fela fulltrúum til að flytja á fyrir hugaðum

sambandsfundi. Ingólfur Þorleifsson óskaði eftir að fulltrúar leytuðu upplýsinga um fyrirkomulag á dýraverndunarfjel. hjá ungmennafjel. á Sauðárkrók. Pjetur Jónsson óskti þess að þetta fjelag gjörði ekki hærra út í peningamálum en önnur fjelög innan sambandsins og að nafn fjel. þessa hjeldist óbreytt.

Árni Jóh. lagði fram fyrir næsta fund málefni sitt „Fjelaginu".

Björn J. Stefsós og Eiþór Hallsson lögðu saman í. Landsverslunin einkasala tóbaks og steinolíu.

Stjórnin gerði grein fyrir að hún hefði skift með sjer verkum þannig:

Árni Jóhannsson formaður

Konráð Jónsson gjaldkeri

Björn Jónsson Bæ ritari

Formaður nefndi til fundarstjóra á næsta fundi Jóhannes Stefánsson Bæ.

Málefnanefnd Sigm. Baldvinsson Jósafat Sigfússon og Jóhann Eiríksson.

Ritarar til næsta fundar Jóhann Eiríksson og Indriði Guðjónsson.

Fundarstjóri sagði fundi slitið.

Eiþór Hallsson

Geirlaug Jónsdóttir
Ingibjörg Kristinsdóttir

## 3. Fundargjörð

Sunnudaginn þann 24/ febrúar 1924 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum fundarstað.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt án breytinga.

2. Veitt inntaka í fjelagið Þorsteini Sigurðssyni.

3. Formaður fjelagsins skýrði frá hvernig gengi með upptöku fjelagsins í Samband S. M. F. S. Gat hann þess að stjórn U.M.F.H. hefði leitað umsóknar til stjórnar sambandsins, og svar þaðan hefði verið þannig að hún (sambandsstjórnin) hefði ekki vald til að veita neinum fjelagi upptöku í sambandið, án samþykkis aðalfundar.

Mál þetta var rætt frá mörgum hliðum og eins og vanalega urðu menn alls ekki á eitt sáttir. Í málinu kom fram svohljóðandi tillaga frá Eiþóri Hallssyni. Skúla og Pjetri Jónssyni
" Fundurinn samþykkir
" að má þetta sje tekið út af dagskrá.
Tillagan var samþykkt með 14 gegn 4.

4. Ritstjóri Fjelagans Árni Jóhannsson lagði fyrir fundinn hvort halda skyldi

áfram með útgáfu fjelagsins.
Að nokkrum umræðum loknum kom fram svohljóðandi tillaga:
" Fundurinn samþykkir að
" haldið verði áfram með útgáfu fjelagsins
" með sama fyrirkomulagi og áður.
Studd Konráð Jónsson Bjarni Jónsson Bd.
Tillagan var samþykt með 16 atkv. gegn 9.
Ritstjóri var kosinn skrifleg, og fjell kosningin þannig:
Árni Jóhannsson fjekk 10 atkv.
Bjarni Jónsson " 6 "
5. Samþykt var að slíta fundinum vegna þess að fjelagarnir ætluðu að skemta sjer litið eitt á eftir fundi.
6. Skemtiför til Drangeyjar. Sigurl. Jónsdóttir og Skarða og Skíðastaðir Bjarni J. Hóli lagði fyrir til næsta fundar.
Fundarstjóri kosin Ingólfur Jóhannsson.
Ritarar Bjarni Sigurðsson og Jósafat Sigfússon.

Fundi slitið.
Ritari Guðjónss. Fundarstjóri
~~Indriði Stefánsson~~ Jóhannes Stefánss. Bd.
Indriði Guðjónsson Eanu

4. Fundargjörð
Sunnudaginn þ. 9. marts 1924 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt með lítilsh. aðfinslum.
2. Kristín Kristinsdóttir veitt viðtaka í fjelagið.
3. Bjarni J. Bd. Garðræktartilraun í Drangey. Fundinum kom saman um að gjöra tilraun á komandi vori, og var svohljóðandi tillaga samþykt:
" Fundurinn samþykkir að gera tilraun
" með kartöflurækt, í Drangey á næsta vori, ef leyfi fæst,
" og kjósa skuli þriggja manna nefnd
" til að hrinda málinu í framkvæmd.
" Einnig inniq um verkið að fornema eggjatökumenn
" Sem hefir lofað að sjá um verkið að
" einhverju leyti. Árni Jóh. studd. B. Jónss Bd.
Önnur tillaga kom fram í þessu máli frá Kristjáni Gunnarss. Studd af E. Vallst. Svohlj:
" Með framkvæmdir á garðræktartilraun á
" næsta vori í Drangey, er þriðji nefnd

" falið sem öðru er til í þessu máli,
" að athuga og sjá um að gerð verði
" með svo haganlegu móti sem hægt er
Tillagan var feld.
Með samþykki fundarins ~~stat~~ nefnd framsögum.
Bjarna Sigurðsson með sjer í nefndina
en hann afþakkaði Árna foh.
4. Fundurinn þótti of fámennur til að ræða
það sem gert hafði á sambandsfundinum
5" Skauta og skíðamóts mál
Framsögumaður var ekki mættur, Bj. Hól, en Eiþór
Hallsson flutti það fyrir hans hönd.
Mál þetta var rætt frá ýmsum hliðum
og syndist sitt hverjum eins og vanalega
" Tillaga kom frá Eiþór Hallss. Studd af
" Bjarna Sigurðss. Svohljóðandi:
". Fundurinn samþykkir að kosin sje
" þriggja manna nefnd sem sjái um að útvega
" verðlaunapeninga þá sem U.M.F.H. gefur
" til skauta og skíða-móts.
Tillagan var feld.
Tillaga frá Árna Jóhannes Studd af Stefáni Guðm.
" Fundurinn samþykkir að kjós
" þrjá menn, til þess að athuga möguleika
" á því að U.M.F.H. veiti verðlaun
" fyrir skauta og skíðaferðir,
" leggi nefndin álitið sitt fyrir tillögur fyrir næsta fund.
Tillagan samþykkt.
Kosningu hlutu í skauta og skíðamótsmálinu:
Þjóðv. Bo. Eiþór Hallsson og Kristján Ágústss.
6 Björn í Bo. Gjöf þá ósk uppi að fjelagsmenn vildu
halda uppteknum hætti með að halda
skemtifunda. Kom fram álandi með tillögu svohljóðandi:
" Fundurinn samþykkir að U.M.F.H.
" gángist skemtikvöld á næsti fundi fjelagsins
" á sama grundvelli og á síðasta fundi. Og verði
" skipuð til þess þriggja manna framkvæmdarnefnd.
Tillagan samþykkt (Studd Bjarni Sig.)
Formanni fjelagsins var falið að kjósa nefndina
Hlutu þessir kosningu
Eiþór Hallss. Jóhannes Stefánss. og Þorsteinn Sigurðss.
Ritnefnd var endurkosin
Skemtiför til Drángeyjar, frestað.
Einkasala á tóbaki og Olíu frestað.
Skilað af sjer málefni. Af hverju stafar fáfræðin frams.m. Jósafat Sigfúss.
Málefnanefnd ekki kosin.
Fundarstjóri til næsta fundar skipaður Kristján Ágústss
Ritarar Konráð Jónsson og Pjetur Jónsson. Fundi slitið
Ritarar
Jósafat Sigfúss.
Bjarni Sigurðsson
Fundarstjóri
Ingólfur Þorláksss.

## 5. Fundargjörð

Sunnudaginn þann 23 maí 1924 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt með lítilli breytingu.

2. Eyþór Hallsson hafði framsögu á einkasölu ríkisins á steinolíu og tóbaki. Um málið urðu litlar umræður. Tillag kom frá framsögumanni studd af Birni Jónssyni Hofsós:
"Fundurinn samþykkir að
" málið sje tekið út af dagskrá.
Var hún samþykt.

3. Skemtiferð til Drangeyar. Framsögum. Sigurlaug Jónsdóttir.
Um mál þetta urðu nokkrar umræður. Kom þá fram tillaga frá framsögum. (Studd)
"Fundurinn leggur til að kosin sje
" þrjá manna nefnd sem starfi
" í Drangeyarmálinu. Feld
Önnur tillaga kom frá Birni J. Hofsós svohljóðandi
"Fundurinn leggur til að farin verði
" skemtiferð á landi ef góð tíð verður
Studd af Árna Jóhannes.
Tillaga þessi var feld

4. Af hverju stafar fátæktin. Framsögum. Jósafat Jóh.
Umræður urðu engar.
Tillaga frá framsögumanni
"Fundurinn samþykkir að málinu verði
" frestað til næsta fundar.
Tillagan feld, og málið þarmeð tekið út af dagskrá.

5. Árni Jóhannesson las upp fundargerð frá sambandsfundinum á Sauðárkróki.
Spurning kom fram í sambandi við bóg sambandsins, sem að nokkru leyti var svarað í fundargerðinni; en Árni Jóh. svaraði að öðru leyti. Umræður urðu töluverðar. Árni Jóh. skýrði einnig frá því að kostnaður við fulltrúa sendingu á sambandsfund væri kr. 15.00
Einn fundarmaður óskaði eftir skýringu á því hvernig kostnaður gæti verið svo lítill. Fjekk hann á því fullnægjandi skýringar frá Kristjáni Ágústssyni.
Fundarstjóri til næsta fundar

var tilnefndur Jóhannes Stefánsson Bæ
Ritarar Sigurður Símonarsson og
Jóhanna Jónsdóttir.
Málefnanefnd Sigm. Baldvinsson
Sigurður Jónsson og Jóhann Eyríksson
Ritnefnd Sigurður Símonarsson
Josafat S. Gröf og Sigurlaug Jónsdóttir
Elína gerðist ekki á fundinum

Fundi slitið.

Ritarar
Konráð Jónsson
Pjetur Jónsson

Fundarstjóri
Kristján Ágústsson

6 Fundargjörð

Sunnudaginn þann 13 apríl 1924
var fundur haldinn í U. M. F. H.
á venjulegum stað og tíma.
Gjörðist fundarins voru þessar.
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykkt með lítilli breytingu.
2. Formaður fjelagsins óskaði eftir
að geta gjört út um það hvort sambands-
-gjald ætti að greiðast af fjelagssjóði
eða af hverjum fjelagsmönnum, auk
árstillags. Um málið urðu nokkrar
umræður, frá Árna Jóhannssyni kom
svohljóðandi tillaga:
"Fundurinn samþykkir að sambandsgjald
" U. M. F. H sje greitt af fjelagssjóði.
Var hún samþykkt.
Einnig kom tillaga frá Stefáni Guðm.
svohljóðandi: so.
"Fundurinn skorar á Gjaldkera fjelagsins
" að fara þess á leyt við fjelagsmenn
" að borga sem fyrst sambandsgjaldið
" með árstillögum um. Var hún einnig samþykkt

3. Formaður fjelagsins lagði fram
reikninga yfir skemtanirnar sem haldin
var þm. 29. og 30 mars. af Umf. T.H. og
Kvenfjelagi Hofshrepps. Voru þeir samþyktir

4. Fundarstjóri bar upp hvort ekki
ætti að fresta málefni Björns frá Bæ
þar sem hann var ekki mættur. Samþykt.

5. Árni Jóhannss. skýrði frá að
sýslumaður Skagafjarðarsýslu
hefði gefið þær upplýsingar að
ekki mætti gera jarðrask í Drangey
nema með þónokkru eftirgjaldi.
Og þarmeð var dauðadómur kveðinn
upp yfir garðræktartilrauninni í Drangey
Einnig gat Á.J. þess að nefnd sú er
starfa ætti í Drangeyjarmálinu hefði í
huga að fara þess á leit við Hofstorfu-
-eiganda að fá blett til einhverskonar
ræktunar og þar með yrði sú nefnd
sjálfkjörin ef eitthvað fengist fyrir
málið að gjöra.

6. Kristján Ágústsson gat þess að vel
væri til þess fallið að kjósa nefnd
til að sjá um skemtunina eftir
næsta fundi; Formaður tók einnig í
sama strenginn og fór um það nokkrum
vel völdum orðum. Voru allir þessu samþykkir
þar næst var nefnd þessi kosin
þannig að formaður kaus þann
fyrsta og svo koll af kolli:
Bjarni Sigurðsson á var kosinn fyrstur
og kaus hann svo Björn Jónsson frá Bæ
en Bj. Kristínu Kristinsdóttur Hofsós
Í málefnanefnd og ritnefnd
þótti ekki þörf að kjósa.
Fundarstjóri til næsta fundar
Pjetur Jónsson Þangstöðum
Ritarar Stefán Guðm og Eyþór Hallss.
Glíma gjörðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Fundarstjóri
Sigurður Jónsson Hofsós

Ritarar
Sigurður Símonars.
Jóhanna Jónsdóttir

7 Fundargjörð

Sunnudaginn þann 27 apríl 1924
var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.
á venjulegum stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Lesin upp fundargjörð frá 23 mars og samþykt
2. Sundkensla. Framsögumaður Árni Jóhannss.
Talaði hann fyrir máli þessu og nauðsyn
þeirri er íþrótt þessi hefði í för með
sjer. Þar sem hann hugsaði þetta
framkvæmanlegt í vor, hafði hann mynst
á við sundkennara þann er við höfðum í fyrra
að hann kendi á komandi vori, og hafði
hann lofað því. Einnig gat framsögumaður þess:
að stjórnin hefði fengið úr sýslusjóði til
þessa fyrirtækis. Framsögumaður taldi nauðsyn.
að fjelagið kæmi sjer upp skýli þar sem
vorin væru svo köld, bjóst hann við að
fá dagsverk nokkur til byggingarinnar,
Fyrirspurn kom frá Birni J. Ba svohljóðandi:
Hefir fjelagið leyfi fyrir efni til byggingar
á jörðeigninni. Um mál þetta urðu töluverðar
umræður, kom að endingu tillaga frá

Birni J. Ba studd af Stefáni Guðmundssyni
svohljóðandi:
"Fundurinn samþykkir að sundskýli
"U.M.F.H. verði bygt með þegnskylduvinnu
" og stjórn fjelagsins sje falið að jafna
" niður dagsverkum.
Tillagan var samþykt.
3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar sem
ekki kom fyr – og samþykt
4. Garðræktarmál framsögumaður Árni Jóh.
Garðræktarnefnd hafði farið þess á leyt við
eiganda Hofstorfu að fjelagið fengi leyfi
til að rækta blett í eign torfunnar
Jón á Hofi (eigandi) gaf það svar að fjelagið
gæti fengið blett til 5 eða 6 ára með 5 kr.
leigu á ári. Um mál þetta urðu miklar
umræður, fanst einstöku mönnum þetta
aðgengilegt og varla við óbilgjörnum kjörum að
búast. Aðrir töldu þetta of stuttan tíma
væri því betra að láta ógert því hita málsins
að við værum að vinna fyrir aðra, væri því
annaðhvort að fá blettinn keyptan eða
fá hann leigðan til óuppsegjanlegs
tíma, einnig vann menn sem nota vildu

vald jarðyrkjufjelaganna, en það þótti
öðrum ósanngjarnt.
Tillaga kom frá Árna Jóh. studd af
Konráði Jónssyni svohljóðandi:
"Fundurinn samþykkir að birja á
"ræktun á þessu vori ef eftirgreind
"skilyrði fást.
1. Að bletturinn fáist leigður til ákveðins
tíma gegn 10-15 kr. árl. gjaldi
2. Að bletturinn fáist til 15-20 ára, og þar
eftir uppsegjanlegur með eins árs
fyrirvara, fyrir 5-8 kr. á ári
3. Að bletturinn fáist keyptur með
sanngjörnu verði, eftir mati 2ja óvilhallra
manna og sje annar skipaður af
landeigandanum en hinn af fjelaginu.
Um tillögu þessa urðu miklar umræður
voru þær því næst bornar upp lið fyrir
lið til samþyktar.
1sti liður samþyktur með öllum greiddum
atkv.
2ar liður samþyktur með 22 gegn 4
3ji liður samþyktur með 22 ~ 2
Svohljóðandi munnl. tillaga frá

Árna Jóh. studd af Birni J. Bæ
"Fundurinn samþykkir að fjelagsmenn
"vinni sjálfir það sem þarf að vinna
"að garðinum.
Tillagan var samþykt.
Svohljóðandi munnleg tillaga kom frá
Kristjáni Ágústss. studd af Eyþór Hallss.
"Fundurinn samþykkir að nefnd
"sú er leiddi garðræktarmálið inn
"á fund, starfi í því áfram
Tillagan samþykt.
Þá var fundarhlje í 15 mínútur
5. Móðurmálsvarðar framsögumaður
Björn Jónsson Bæ. Eftir nokkrar umræður
kom svohljóðandi tillaga frá Birni J. Bæ
studd af Árna Jóh.
"Fundurinn samþykkir að kosin sje
"5 manna móðurmálsnefnd, sem
"starfi á sama grundvelli og
"Móðurmálsnefnd U.M.F. Tindastóll Sthrók
Um tillögu þessa urðu miklar umræður
kom að lokum munnleg tillaga frá
Eyþór J. Hallssyni studd af Bjarna Sigurðs

" Fundurinn samþykkir að
" Móðurmálsnefnd verði kosin munnlega
Tillagan var samþykkt.
Kosningin fór þannig:
Björn Jónsson Ske Árni Jóhannsson Hofsós
Kristín Kristinsd. Hofsós Konráð Jónsson s.st.
Guðlaug Jónsdóttir Ske
6. Formaður las þrjár greinar úr fjelaganum
einnig las hann greinar úr
Kolbeini Unga blaði S.M.F.S.
Stafsmenn til næsta fundar voru kosnir
Fundarstjóri Bjarni Sigurðs Á
Ritarar Björn Jónsson Ske og Jósafat Sigfúss Gröf
Annars hafði þá stoðið yfir á 5ta tíma
Eftir fund skemmti Skemtinefnd með fjölbreyttum
skemtunum. Allir skyldu glaðir og ánægðir
hver öðrum gáttar liðanar á komandi
fundi.
Sagði þá fundarstjóri fundi slitið

Ritarar
Eyþór Hallsson
Stefán Guðmundss.

Fundarstjóri
Pjetur Jónsson

8. Fundargerð

Sunnudaginn þann 11 Nóvember 1924,
var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.
á venjulegum stað og tíma
24 Meðlimir voru mættir.
Gjörðir fundarins voru sem hjer segir:
1. Lesin upp síðasta fundargjörð frá fyrra
fjelagsári, af fundarstjóra Birni J. Hofsós
og samþykkt án breytinga.
2. Í fjelagið gekk Guðbjörg Kristinsd. Hólakot.
3. Formaður mintist á mál sem rædd
voru á síðasta fundi í fyrra og
framkvæmdir á þeim.
Svo sem Sundkenslu og Garðræktarmál.
4. Björn Jónsson Ske mintist á skemtiferð er
fjelagar ættu að fara nú á næstunni
ef tíð breyttist ekki.
Litlar umræður urðu um málið
virtist lítill áhugi fyrir því.
Var það því tekið út af dagskrá.
5. Björn Jónsson Ske leytaðist við að finna ráð
til að fá alla fjelagsmenn til að tala
á fundum. Hans tillaga var: Að skifta

fundarmönnum niður í 2. flokka,
skyldi einn maður stjórna hverjum
flokki og senda menn sem í
bandaglímu til að reyja og sækja
mál sem fundurinn hefði til
meðferðar.
Um mál þetta urðu töluverðar umræður
sýndist sitt hverjum sem vanalega
Kristján Águstss. taldi betra að
fundarstjóri hefði vald til að skipa
þessum eða hinum að standa upp
ef umræður væru daufar.
Um þennan lið urðu einnig töluverðar
umræður, töldu þeir er á móti voru
að ofmikið væri heft frelsi fundarmanna
með máli þessu.
Þegar hér var komið kom tillaga frá
Árna Jóhanness. studd af Stefáni Guðmundss.
Svohljóðandi:
"Fundurinn samþykkir að málið
" verði tekið út af dagskrá og
" fundi slitið hið bráðasta
Enn áður en tillaga þessi var borin upp
kom breytingartillaga frá Eyþór Hallss.
studd af Ingólfi Þorleifssyni
Svohljóðandi:
"Fundurinn samþykkir að málið verði
" sett til hliðar á þessum fundi.
Báðar þessar tillögur voru felldar
Þriðja tillagan kom frá Birni J. Bæ.
studd af Jóhannesi S. Bæ.
Svohljóðandi:
" Fundurinn samþykkir
" að málinu sé frestað
Tillagan var samþykkt.
6. Baldvin Águstss. lagði skemmtimál fyrir
næsta fund.
Nú var fundartíminn útrunninn og skipaði
þá formaður til fundarstjóra
Jóhann Eyríksson en til ritara hans hann
Eyþór Hallsson og
Þorstein Stefánsson
Málefnanefnd
Þorsteinn Stefánsson Bæ
Baldvin Kristinsson Ósi og
Gunnlaugur Eymarsson Mýrakoti.
Skemmtinefnd Sigurður Símonars. Sigurl. Jónsdóttir
Kristjana Árnad.
Ritarar, Fundi slitið Fundarstj.
Björn Jónsson Bæ Björn Jónsson Hofsós
Jóhannes Stefánsson Bæ

# 9 Fundargerð.

Sunnudaginn þann 22. Nóvember var fundur haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt án breytinga.
2. Í fjelagið gengu Ásta Kristinsdóttir og Þóra Þorsteinsson.
3. Skemtimál. Framsögumaður Baldvin Ágústsson talaði fyrir málinu og áleit heppilegast að lykta. Um málið urðu miklar umræður og flestum sem fanst sama og framsögumanni, þrátt fyrir alla þá örðugleika sem áðurnefnd skemtun hefir í för með sjer.

Ráðlegt þótti að vita með vissu hvort fjelagar vildu nokkra skemtun en enn á sjer þar rætt að því með tveggja ætti að skemta. Svohljóðandi tillaga kom frá Önnu Jóh. studd af Kr. Ágústss.

"Er fundurinn því samþykkur
"að haldin verði innlektaskemtun
" fyrir fjelagið um jólaleytið

Tillagan var samþykkt með 15 atkv. móti 2.

Eyþór Hallsson lagði mikið til málanna. Sumsje, að reynt yrði að fá 2-3 fyrirlesara og þá 1-2 úr fjelaginu sjálfu ræður, vildi hann helst að ræður yrðu fluttar í 3 kvöld og 2 töluðu hvert kvöld og þá dans á eftir, einnig gæti það komið til mála að leikið yrði fyrir börn 3ja kvöldið.

Eftir alllangar umræður kom svohljóðandi tillaga frá Önnu Jóh. studd af Þorsteini Stefánssyni

"Fundurinn leggur til að
"kosin sje 3ja manna nefnd
"til að koma á innlektasamkomu
" fyrir fjelagið. Skal sú nefnd
" útvega húsnæði til starfa
" og heimtingu á aðstoð allra
" fjelagsmanna eftir þörfum,
" ef ekki mæla gildar
" ástæður á móti.

Eftir nokkrar umræður um tillöguna
var hún borin upp og
samþykkt með 14 atkv. móti 3.
Í nefndina voru kosnir:
Árni Jóhannsson 9 atkv.
Kristján Ágústss. 4 –
Björn Jónsson Ske 4 –
til vara: Pjetur Jónsson 3 atkv.
Björn Jónsson 3 –
Baldvin Hg. 3 –

4. Fyrirspurn kom frá Kristjáni Ágústss.
þess efnis hvort ekki hefði verið breitt
fyrirkomulagi á skemtinefndinni, og
hvernig sú breyting hefði verið.
Var því svarað að breytingar hefðu orðið
síðastliðinn vetur. Nokkrar umræður
urðu um málið, áleit Árni Jóh.
að heppilegasta leiðin væri að skemta
ekki nema annan eða þriðja hvern
(fundardag) Eftir litlar umræður
var máli þessu frestað til næsta
fundar.

5. Málefni til næsta fundar frá
Þorsteini Stefánssyni:

Að hver fjelagi (einn) gefi 1 klút minst.
sem seldur verði á "Basar" (til sölu)

Í málefnanefnd Björn Jónsson Hofsós
Þórður Þorsteinss. –
og Eyþór Hallsson –

Skemtinefnd Sigurlög Jónsdóttir Staðarbj.
Ásta Kristinsdóttir Nöf
og Sigurður Símonarson Þrastarst.

Fundarstjóri var skipaður
Þorsteinn Sigurðss.
Ritarar Pjetur Jónsson og Björn Sigurðss.
Fleira gerðist ekki á fundinum
sagði því fundarstjóri, fundi slitið

Ritarar
Eyþór Hallsson Hofsós
og Þorsteinn Stefánsson Ske

Fundarstjóri
Jóhann Eiríkss. Belin

10 Fundargerð

Sunnudaginn þann 14 desember 1924
var fundur settur og haldinn
í U.M.F.H. á venjulegum stað
og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar
og samþykkt án breytinga
2. Guðmundi Sigmundssyni var
veitt inntaka í fjelagið.
3. Söfnun íþr.muna framsögum.
Þorsteinn Stefansson Bð.
Í máli þessu kom tillaga svohlj:
frá framsögumanni studd af
BjBe: "Fundurinn samþykkir að stjórn
" fjelagsins sje falið að selja
" munina, sje hlutunum komið
" til hennar fyrir vissan tíma
" sem hún ákveður.
4. Fyrirspurn frá Kristjáni Ágústss.
um hvern skemtinefndar á
eftir fundum. Svar kom frá
ritara fjelagsins. Í fyrra var samþykkt
að formaður fjelagsins nefndi fyrsta
manninn og svo hver af öðrum
Um nefnd þessa urðu miklar umræður
og óvanalegur misskilningur sem stóð
yfir mestan hluta fundartímans
Að lokum kom svohljóðandi tillaga
frá Arna Jóhannss. studd af Þorst. Sigurðss.
"Fundurinn samþykkir að
" skemtinefndir á eftir fundum
" starfi aðeins 3ja hvern sunnudag
" og sje þá reynt að hafa svo
" fjölbreitta skemtun sem kostur er á
Tillagan var feld
Þá kom svohljóðandi tillaga frá Birni Bð
studd af Guðbr. Kristinss.
" Fundurinn samþykkir að
" skemtinefnd verði kosin til að
" skemta sunnud. milli jóla og nýárs.
Var hún samþykkt.
Einnig kom tillaga frá Pjetri Jónssyni
studd af Bjarna Sigurðss.
" Fundurinn samþykkir að málið sje
" tekið út af dagskrá. Samþykkt

5. Formaður nefnd. fyrsta mann í Skemtinefndina Eysteinn Hallsson en hann neytaði vegna anna.
Var þá Björn J. Hofsós nefndur í hans stað og hann aftur Björn Sk. og Bj. nefnd. Þorstein. Sigurðsson

5. Voru þau mál nú útrædd sem lágu fyrir þessum fundi.
Málefnanefnd næsta fundar lagði fram: Glímuæfingar innan fjelags
framsögum. Lárus Þorsteinss.
Hvort skáldið í kvæðinum: Eitt e landið ægigirt og Norður við heimskautið
mælir betur fyrir minni Íslands
framsögum. Eysteinn Hallsson.

6 Formaður fjelagsins var fœdim af fund. nefnd. því ritari Stofnsm.
Þorsteinn Stefansson fundarstj. ritara hans hann Ingjálf Þorleifsson og Sigm. Baldv.
Málefnanefnd. Sigmundur Baldv. Kristin K.
Jóhannes Stefánss. Fundi slitið
Skemtinefnd stofnuð.

Ritarar
Pjetur Jónsson og
Björn Sigurðs.

Fundarstj.
Þorst. Sigurðs.

# Fundargerð

Árið 1925 11 jan var aukafundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru sem hjer segjir
Fundargjörð síðasta fundar var ekki komin til fundarstjóra þegar fundurinn var settur og því ekki hægt að hafa hana til meðferðar

1 Í fjelagið gengu þau Egill Kristinsson Pála Árnadóttir og Valgerður Jónsdóttir

2 Árni Jóhannsson lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld skemtisamkomunnar sem þá var nýafstaðin. Reikningarnir bornir upp og samþyktir með öllum greiddum atkvæðum

3 Formaður fj. mintist á hvort viðungmenna fjel. vildum ekki gangast fyrir því að fá hingað fyrirlesara einhvern tíma í vetur. Gat hann þess að gera Jakob Kristinsson yrði að öllum líkindum staddur á Hólum seinna í vetur og mælti hann mikið með því að við fengum hann. Um málið urðu miklar umræður vildu sumir að fengnir yrðu 2 menn

og kom svo hljóðandi till. í þáttr frá
Birni í Bæ studd af Árna Jóhannssyni
" Fundurinn samþykkir að reynt
" verði að fá fyrirlesarann sjera
" Jakob Kristinsson hingað (ef) eftir
" því að eins að kostnaður fari ekki
" yfir 100 krónur Einnig samþykkir
" fundurinn að reynt verði að fá Pál
" Zophaníasson hingað einnig að
" kostnaður verði ekki mikill eftir
" dómi stjórnar U.M.F.H.
Till. var mikið rædd var hún því næst borin
upp og samþ. með öllum greiddum atkvæðum
kom líka munnl. till. frá Kristjáni Ágústsyni
studd af Stefáni Guðmundssyni einnig að
fela stjórninni framkvæmdir í þessu máli
Till. var samþykt
4 Næsta mál á dagskrá var um harmoníku
fjélagsins Gat form. þess að beiðst hefði
verið eftir henni af utanfjelagsmanni
sagði hann einnig að sjer væri ókunnugt
um hvað sanngjarnt væri að lána hana
fyrir mikið. Hefði sjer því fundist rjett
að þetta kæmi fyrir fundinn. Var mikið

um þetta rætt og kom munnl till. frá
framsögumanni studd af Kristjáni Ágústsyni
" Fundurinn samþykkir
" að ekki verði tekið meyra
" fyrir harmoníkuna af
" [illegible] á Hofða en þegar hefir
" verið gert."
Till var samþykt Till kom frá Kristjáni Á.
studd af Eyþór Hallssyni
" Fundurinn samþykkir
" að harmonika fjelagsins
" verði ekki lánuð til notkunar
" hér eftir á öðrum stað en Hofsós
" og þá fyrir visst gjald á kl. tímann."
Var svo till. borin upp og samþ. með 16 gegn 5
Björn í Bæ stakk uppá að tekið væri fyrir 75 a. harmoníkuna á tímann og kom till frá honum
studd af Eyþór Hallssyni
" Fundurinn samþykkir
" að stjórninni sje falið að
" lána harmoníkuna
" fyrir 75 aura á klukkustund!!
samþykt með 15 atkvæðum gegn 7 En þar
sem Lestrarfjel. fjekk hana lánaða í

vetur en ekki var búið að ákveða hve mikið
ætti að taka fyrir lánið á henni þá kom
svohljóðandi till. frá Birni Jónssyni
Hofsós studd af Eyþór Hallssyni
" Fundurinn samþykkir
" að bestrarfjelaginu verði gefið
" harmoníku lánið á skemt.
" uninni sem það hjelt í vetur
Samþykt. Að því búnu skipaði formaður
fundarstjóra til næsta fundar Jósafat
Sigfússon og nefndi hann til ritara
þá Stefán Guðmundsson og Kristján Ágústs.
Málefnanefnd og skemtinefnd voru end-
urkosnar. Fleyra gerðist ekki á fundinum
og sagði því fundarstjóri fundi slitið

Þorsteinn Stefánsson — Ingólfur Þorleifsson
fundarstjóri — Jóhannes Stefánsson
ritarar

# Fundargerð

Sunnudaginn þann 1 febrúar 1925 var aðalfundur
U.M.F.H. settur og haldinn á venjulegum
stað og tíma. Gjörðir fundarins voru þessar
1 Borið upp hvort ungmennafjelaginn
Jón Jóhannesson frá Siglufirði mætti vera á fundi
samþykt með öllum atkvæðum
2 Lesin upp fundargjörð frá 14 desember 1924
og samþykt með lítillegum breytingum.
3 Skrifleg úrsögn frá fyrverandi formanni fjel.
Önnu Jóhannsdóttir lesin upp.
4 Ársreikningarnir lesnir upp og samþyktir
með þeim breytingum að færa upphæðina
í sparisjóðsbók no 194 inná jafnaðar
reikning fjelagsins
5 Lesið upp bréf frá S.M.F.S.
6 Lesin upp lög fjelagsins fyrst öll svo
lið fyrir lið til athugunar og sam
þyktar. Við 2 gr. laganna kom svohljóð
andi till laga
" Sem ekki neiti víns meðan þeir eru í
" fjelaginu. Sömuleiðis að þeir sem eru
" innan 20 ára gæti eigi tóbaksnautnar

" Aldurstakmark að neðan er 18 ár
" en ekki takmarkað hvað aldur uppávið
Tillögumaður Björn Jónsson Bæ studd af
Bjarna Sigurðssyni Till. var samþykt.
Einnig kom svohljóðandi br. till. við 6 gr. laganna
Við inngöngu í fjelagið greiði hver umsækjandi
krónu 1.00 en framar greiði hver karlmaður
árstillag krónur 2.00 konur 1.50 og unglingar
krónu 1.00 fyrir desembermánaðarlok ár
hvert. Björn Jónsson Bæ stuðningsmaður
Bjarni Sigurðsson till. var feld með 15 gegn 10
Þá voru lögin öll samþykt með þeim breyting
um sem á voru orðnar
7 Stjórnarkosning. Hlutu þeir kosningu
Björn Jónsson Bæ með 20 atkvæði
Pjetur Jónsson Þangst. — 16 — —
Kristján Águstsson Hofsós — 11 —
Varastjórn Björn Jónsson Hofsós — 9 —
Jóhannes Stefánsson Bæ — 8 —
Eyþór Hallsson Hofsós — 7 —
8 Dómnefndarkosningu hlutu þau Stefán
Guðmundsson Eyþór Hallsson Ingólfur
Þorleifsson Kristín Kristinsdóttir Aska Kristsdóttir
9. Til að endurskoða fjelagsreikningana þau
Jósafat Sigfússon Gröf og Kristín Kristinsd. Nöf
10 Kristján Águstsson taldi nauðsynlegt að gera
ráðstöfun fyrir fjelaganum " þarsem fyr
verandi ritstjóri væri nú genginn úr fjelaginu.
Eftir nokkrar umræður var samþykt að fundar
stjóri skypaði ritstjóra var Jóhannes Stefánsson
til nefndur
11 Beiðni kom frá þáverandi Ungmennafjelaga
Árna Guðmundssyni Ólafsfirði þess efnis
hvort fjelagið vildi ekki lána honum gegn
nægri tryggingu krónur 500.00 fimmhundr
uð krónur Eftir nokkrar umræður var sam
þykt að þriggja manna nefnd skyldi at
huga þetta nánar og leggja álit sitt fram
á næsta fund og voru valdir þeir
Björn Jónsson Bæ
Pjetur Jónsson Þangstöðum
Kristján Águstsson Hofsós
12 Jósafat Sigfússon var fundarstjóri til næsta
fundar og aðrir starfsmenn voru að er skip
aðir fundartíminn útrunninn fundi slitið
Ritarar Fundarstjóri
Björn Jónsson Bæ
Björn Jónsson Hofsós Árni Jóhannsson

~~Fundargjörð~~

## Eignir. U. M. F. Höfðstrendinga við aðalfund. 1925

1 Leiktjald með hlutum 1 Blátt flagg
1 ~~rautt D.~~ gamalt
1 Skrúngaglugga 6 bekkfótur
4 Leiktjöld (6 Kulisser)
1 Slobrok, 2 Kjólar
1 Fáni. U. M. F. H.
1 Harmonika

### Leikrit

1 Ila Tengdamamma
2 að Happið
3 ja Ostaðrósin og Sagt upp Vistinni
4 – Svona fór það
5 – Mikill ótta legur vörði
6 Talað á milli hjóna
7 Best sem vitlausast
8 Bronsku ástin
9 Vinnukonubaslið
10 Skóarinn
11 Apinn

## Fundargjörð

Sunnudaginn þann 15. febrúar 1925 var fundur haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og byrjaði kl. 12 á hádegi

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð frá 11 janúar 1925 og samþykkt án breytinga.
2 Í fjelagið gekk Sigurður Tómásson Hofsósi
3 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar (Aðalfund.) og samþykkt með öllum greyddum atkvæðum.
4 Nefnd þeirri er falið var að athuga hvort hægt væri að veita lán það sem Árni Guðmundsson bað fjelagið um skylað af sjer störfum með svohljóðandi áliti " Nefnd sú er kosin var 1 febr. 1925 í U. M. F. H.
" til að athuga möguleika fyrir lánveitingu
" til Árna Guðmundssonar Ólafsfirði. Hefir
" athugað og leytað sjer upplýsinga um
" málið, og leyfir sjer hjermeð að leggja
" til að þetta lán verði ekki veitt, og telur
" það til helstu þessar ástæður 1. Að þó ábyrgð-
" armenn sjeu góðir megi fjelagið ekki lána
" svona mikið fje út úr sjóðnum að minsta

kosti meðan hann er ekki stærri en hann nú er
2. Minst hefur verið á við stjórnina að fjelagið láni fje til brúarbyggingar á Hofsá. Álítur nefndin skyldu fjelagsins að lána fje frekar í það fyrirtæki en að lána það út úr sýslunni
Björn Jónsson Bæ Pjetur Jónsson Þangstöðum
Kristján Ágústsson Hofsós
5 Lesin upp lagaleg fundarsköp fjelagsins og niðurstöðurnar í embætti stjórnarinnar svo hljóðandi Formaður Björn Jónsson Bæ Fjehirðir Pjetur Jónsson Þangstöðum ritari Kristján Ágústs.
6 Formaður fjelagsins las upp breytingar og viðauka á lögum S. M. F. S. einnig voru lesin upp öll lög S. M. F. S. og rædd. Við fyrstu grein laganna kom svo hljóðandi till. frá Eyþóri Hallssyni studd af Stefáni Guðmundssyni
" Fundurinn samþykkir að fyrsta grein
" í lögum S. M. F. S. verði breitt þannig, að
" fyrir orðið Málfundafjelaga komi
" Ungmennafjelaga."
Till. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum
2 grein. Hvorki greitt atkvæði með eða móti
4 — samþykkt
5 — samþykkt

6 grein. hvorki greitt atkvæði með eða móti
1. Stafliður 7. greinar rædd. svohljóðandi till. kom frá Pjetri Jónssyni studd af Eyþóri Hallssyni "—
" Fundurinn samþykkir að Aðalfundur
" S. M. F. S. verði haldinn á sama tíma
" og áður hefur verið."
Var till. feld, með 10 atkvæðum 6 á móti. Viðauki
8 greinar rædd. Kom svohljóðandi till. frá Pjetri Jónssyni studd af Kristjáni Ágústsyni:—
" Fundurinn leggur það til að fjelag sem óskar
" upptöku í S. M. F. S. verði ekki veitt inntaka
" nema á aðalfundi.
Till. var samþykkt. Viðauki 9 greinar samþykktur með 11 atkvæðum móti 0
7 Lesin upp till. frá millifundarnefndinni um starfsemi S. M. F. S. fyrst allar og svo lið fyrir lið og ræddar. Var fyrsta till. borin upp og samþykkt með þannig orðaðri athugasemd frá Eyþóri Hallssyni og Stefáni Guðmundssyni
" Fundurinn samþykkir að 1 till. viðvíkjandi
" starfsemi S. M. F. S. verði samþykkt með fyrirvara
2 till. samþykkt — " —
3 — samþykkt — " —
4 — samþykkt — " —

8 Svohljóðandi till. kom frá Byrni Jónssyni
Bæ studd af Pjetri Jónssyni
" Fundurinn samþykkir að U. M. F. S.
" fái og kosti einn mann sem
" ferðist á milli fjelaga sambandsins
" á vetumar. Haldi hann leosfjandi
" fyrir lestra og hafi íþrótta náms skeið
" ef fjelögin óska " Till var samþykt
9 Önnur mál milli fundar nefndarinnar sem væntanlega kjæmu til umræðu svo sem Söfnun ör
nefna svohljóðandi till. var samþykt
till. maður Björn Jónsson Bæ, stuðningsmaður
Eyþór Hallsson
" Fundurinn álítur að sambandið
" eigi að beita sjer fyrir söfnun örnefna
" og stuðja af álefli að öllu því er fræða
" geti um ýmsa staði sem nú eru ókunnir
" almenningi "

Einnig var samþykt svohljóðandi tillaga
frá sömu mönnum Friðmo forra sögustaðar
" Fundurinn leggur til að
" U. M. F. Höfðstrendinga
" leggi ekkert til í þessu máli

" en fulltrúar sem kosnir verða
" Sambandsfund. leggi þar til
" að nefnd athugi málið gaumgæfilega
" fyrir næsta aðalfund ~~fjelagsins~~
" Sambandsins
10 Fór fram skrifleg fulltrúa sending á Sambands
fund. og hlutu þessir kosningu
Björn Jónsson Bæ 17 atkv. Jósafat S. Gröf 8
Pjetur Jónsson Þangst. 16 — Jóhannes S. Bæ 7
Eyþór Hallsson Hofsós 13 Björn Jónsson Hofsós 6
11 Nefndiformaður stofsmenn til næsta fundar
fundarstjóra Sigmund. Baldvinsson og nefndi
hann til ritara Sigurð Jónsson Hofsós og Þorgrím
Hermannsson Ritnefnd. Pjetur Jónsson Guðm.
Sigmundsson og Ásta Kristinsdóttir, Nöf
Málefnanefnd endurkosin
Lesið upp úr fjelaganum einig lesið
upp brjef frá fjelagssystur okkar
~~Ástu~~ í Reykjavík, Ingibjörgu Kristinsdóttir
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið
fundarstjóri ritarar
Jósafat Sigfússon Eyþór Hallsson
Stefán Guðmundsson

# Fundargerð

Sunnud. þann 1/3 1925 var fundur haldinn í U.M.F. H. á venjulegum stað og tíma gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2. Rætt málefni frá Jónasi Þorsteinssyni um glímuæfingar innan fjelagsins um málið urðu litlar umræður kom svo till. frá Birni Jónssyni Hofsstöðum svo hljóðandi

   „Fundurinn leggur til
   „að kosin verði þriggja
   „manna nefnd til
   „að athuga glímumálið
   „leitist hún fyrir að fá
   „húspláss og glímukennara
   „en sem hafi þó ekki kostnað
   „í för með sjer fyrir fjelagssjóð
   „leggi nefndin fram álit sitt
   „á næsta fundi

Tillagan var borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum

3 Kosið í áður nefnda nefnd og hlutu þeir kosningu
Jónas Þorsteinsson með 7 atkvæði
Björn Jónsson Hofsstöðum — 7 — —
Eyþór Hallsson Hofsstöðum — 6 — —

4/ Formaður var ekki mættur nefndi því annar meðstjórnarmaður hans starfsmenn til næsta fundar er voru í málefnanefnd.
Jósafat Sigfússon Gröf
Bjarna Sigurðsson Á og
Ingólf Þorleifsson Hofsstöðum
til fundarstjóra Kristínu Kristinsdóttir Nöf
en þar sem hún ekki var viðstödd gat hún ekki kosið ritara fleira gerðist ekki á fundinum
sagði því fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri Sigm. Baldvinsson Þönglabakka
ritarar
Sigurður Símonarson Prestastöðum
Indriði Guðjónsson Tumi

# Fundargerð

Sunnud. þann 1/3 1925 var fundur haldinn í U.M.F. H. á venjulegum stað og hana gjörðis fundarins vorn þá

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga
2. Rætt málefni frá Jóni Þorsteinssyni um glímuæfingar innan fjelagsins um málið urðu töluverðar umræður kom svo till. frá Birni Jónssyni Hofsós svo hljóðandi
   „Fundurinn leggur til
   „að kosin verði þriggja
   „manna nefnd til
   „að athuga glímumálið
   „leitist hún fyrir að fá
   „húspláss og glímukennara
   „m. sem hafi þó ekki kostnað
   „í för með sjer fyrir fjelagsjóð
   „leggji nefndin fram álit sitt
   „á næsta fundi

Tillagan var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

3 Kosið í áður nefnda nefnd og hlutu þeir kosningu
   Jóns Þorsteinsson með 7 atkvæði
   Björn Jónsson Hofsós — 7 — —
   Eyþór Hallsson Hofsós — 6 — —

4/ Formaður var ekki mættur nefndi því annar meðstjórnarmaður hans starfsmenn til næsta fundar & voru í málefna nefnd.
   Jósafat Sigfússon Gröf
   Bjarna Sigurðsson Á og
   Ingólf Þorleifsson Hofsós
til fundarstjóra Kristínu Kristinsdóttur Hof en þar sem hún ekki var við stödd gat hún ekki kosið ritara fleira gerðist ekki á fundinum sagði því fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri Sigm. Baldvinsson Þönglabakka
ritarar
Sigurður Símonarson Prestastöðum
Indriði Guðjónsson Enni

# Fundargjörð

Árið 1925 sunnudaginn 15 mars var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesið upp svo hljóðandi nefndarálit Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi U. M. F. H. til að athuga glímumálið hefur tekið þá ákvörðun í málinu að æfðar verðu glímur innan fjelagsins þar sem nefndin hefir fengið loforð fyrir húsplássi svo nefndu Kaupfjelagsplatser húslofti hjer á staðnum. Um glímukennara mun ekki vera að ræða hjer en da álitur nefndin að ef fjelagið eignist glímubók að mikið megi eftir henni fara með aðstoð þeirra manna sem fengið hafa dálitla tilsögn í því fagi. Björn Jónsson Hofsós Ásgeir Þorsteinsson Hofsós Eyþór Hallsson

Nefndarálitið síðan rætt og borið upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Í sambandi við glímurnar gat Björn í Kr. þess að hann gæti útvegað fjelaginu glímubelti og að sjer hefði boðist belti fyrir 15 kr. og var mikið um þetta rætt, vildu sumir láta fjelagið eiga beltið en aðrir aftur að eins þá sem tækju þátt í glímunum

Kom tillaga frá Eyþóri Hallssyni studd af Birni Sigurðssyni svohljóðandi

„ Fundurinn leggur til að nauðsynlegt sje
„ fyrir U. M. F. H. að eignast glímuáhöld
„ og felur stjórn fjelagsins að annast
„ kaup á þeim „

Till. var svo rædd og því næst samþykkt með 15 atkv. gegn 3. Björn Jónsson Hofsós vildi láta fjel. taka þátt í að leggja fram fje að einhverju leiti ef slys kæmu fyrir í glímunum. Voru flestir á móti því og töldu slíkt ógjörning kom þá fram sögumaður með svohljóðandi tillögu studda af Jóhanni E

„ Fundurinn leggur til að málið verði
„ tekið út af dagskrá þar sem
„ fundarmönnum finst það
„ vera óráðandi

Till. var samþykkt. Till. kom frá Birni í Kr. studd af Jósafat S. Gröf og er hún svohljóðandi

" Fundurinn samþykkir að 3ja
" manna nefnd sje kosin af
" U. M. F. H. til að á kveða glímu æfingar
" og stjórna þeim eftir því sem hagter
Samþykkt. Síðan var nefndin kosin og
hlutu kosningu Jóhannes S með 20 atkv.
Jósafat S með 10 Pjetur J með 9. Málefni
frá Eyþór H kvæðin Ertu er landið ægi
girt og Norður við heimskaut " og álítu
menn að láta álit sitt í ljósi hvort kvæðið
(mönnum) þætti betur ort. Um málið
urðu fremur litlar umræður. Munnl.
till. kom frá framsögumanni um að taka
málið af dagskrá. Samþykkt.
Málefnanefnd lagði fram mál til næsta
fundar. Þegnskylduvinnan framsögum.
Jósafat Sigfússon. Eru til forlög? ———
Björn Sigurðsson. Fundarstjóri til næsta
fundar Sigurlög Jónsdóttir. Ritarar Pjetur J.
og Valgerður Jónsdóttir. Málefnanefnd
Björn Jónsson Hofsó, Sigurður J Hofsós Ingólfur
Þorleifsson. Til að rita í fjelagann Björn í Hofsós
Kristín Kristinsdóttir Sigurður Tómasson. Fleira
ekki til umræðu fundi slitið

Kristín Kristinsd.
fundarstjóri

Þorsteinn Stefánsson
Jóhannes Stefánsson
ritarar

## Fundargerð 2

Á annan í Páskum 13/4 1925 var,
fundur haldinn í U. M. F. H., á venjulegum
stað og tíma. Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi
um hana urðu nokkrar umræður og var
hún því næst samþykkt með öllum greidd-
um atkvæðum
2 Var því næst tekið til umræðu málefni
frá Birni Sigurðssyni Eru til forlög
Talaði hann fyrir málinu og sagðist vera
því frekar fylgjandi. Næst honum
tók til máls Eyþór Hallsson og sagði að það
væri ómögulegt að gera upp á milli forlaga
og frjálsvilja. Jóhann Eiríksson gat þess að
málið hefði verið borið svo fram hvort
væru til forlög og hjelt Jóhann Eiríksson
því fast fram að það væru til forlög þó
ekki væri manna að forðast og deyja en
hinir hjeldu því fram að það væri mikið
frívilji manna Guðberg Kristinsson gat þess
að hann væri fylgjandi forlögunum Pjetur Jónsson
sagðist eingöngu vera með frjálsviljanum

og sagðist telja það skaðlegt að trúa á forlög
þá tók til máls Björn Jónsson og sagðist vera
fylgjandi frivíljanum og sagðist taka til dæmi
að hann teldi það ekki forlög þess manns
sem fori á sjó til dæmis í óveðri og rödis
litlu fori og yrði honum að bana slíkt
sagði hann telja frívilja en ekki forlög og
sagði hægt að taka fleiri dæmi
Sigurður Jónsson gat þess að hann teldi það
frívilja að blessuð börnin fæddust. Var þá
fundarstími á enda og sagðist fundar
stjóri telja málið útrætt og því telja það
samþykt að það væri tekið til umræðu dag skrá
Var þá útnefndur fundarstjóri til næsta
fundar Eyþór Hallsson og nefndi hann sjer
til ritara Pálínu Árnadóttir og Kristínu Kristinsd.
fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið
málefni að nefnd en ekki kosin

Pjetur Jónsson      Lárus Þorsteinsson
fundarstjóri      Jóhann Eiríksson
ritara

# Fundargjörð 1

Skírdag 9 april 1925 var fundur settur
og haldinn í U. M. F. H. Gjörðist fundar
ins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og hún
borðar samþykt
2 Lesin upp fundargjörð frá Sambandsfundi
S. M. F. S. á samt brjefi frá Sigurði
Ólafssyni Kárastöðum Nokkrar fyrirspurnir
komu frá fundarmönnum og var þeim svarað
að af fulltrúunum fjelagsins
3 Þegnskylduvinna framsögu maður
Jósafat Sigvaldason um málið urðu miklar
umræður með og móti en þó sjerstaklega
Eyþór Hallsson er talaði í samtals mikinn
hluta fundartímans móti þegnskylduvinnu
kom munnleg till. frá Eyþóri H. svohljóðandi
" Fundurinn samþykkir að umræðunni
" verði frestað til næsta fundar og skulu
" þá allir mættir fjelagsmenn
" skyldugir að taka til máls
Till. var feld. Bað framsögum. málsins um að það
væri borið upp hverjir væru með og móti

þegnskylduvinnuni fjell það svo 7 með 13 móti
1 greiddi ekki
5 Lesið upp í Fjelaganum
6 Næsta málefni nefnd lagði fram svo mál svohljóðandi Af hverju strengnum fékkst í framstöðuna framsögumaður Ingólfur Þorleifsson Síldarsalan á Skagafirði framsögum. Bjarni Jónsson Hofsós
7 Starfsmenn til næsta fundar Jóhannes Stefánsson fundarstjóra Baldvin Kristinsson Lárus Þorsteinsson ritarar Eyþór Stefánsson Guðberg Kristinsson Þorsteinn Stefánsson í skemtinefnd. Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið

Sigurlög Jónsdóttir
fundarstjóri

Valgerður Jónsdóttir
Pjetur Jónsson
ritarar

# Fundargjörð

Árið 1925 Sunnud. 27 apríl var fundur settur og haldinn í U. M. F. [illegible] á venjul. stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ. með 2 orðabreytingum
2, Lesnir upp Reikningar ásamt fylgiskjölum Yfir skemtisamkomu er haldin var 13/4 samþ.
3 Síldarsalan á Skagafirði framsögum. Bjarni Jónsson Hofsós hvatti fundarmenn að taka til máls með og móti línunni því [illegible] borið upp og fjell þannig 7 með 11 móti. Kom till. frá Guðberg Kristinssyni um að málið yrði tekið út af dagskrá samþ.
4/ Vegamál framsögum. Eyþór St. um málið urðu litlar umræður óskaði framsögum. þá eftir að málið yrði tekið út af dagskrá fyrst af nemendum [illegible] fengjust ekki með því samþ. 5 málefni frá Ingólfi Þ. frestað
6 Lesið upp í Fjelaganum 7 Kosnir Starfsmenn til næsta fundar til fundarstjóra Björn Jónsson Hofsósi ritarar Sigm. Baldvinsson Jóhannes Bó[illegible]
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundar

Stjórn fundi slitið

Eyþór Hallsson fundarstjóri    Pála Árnadóttir
Pjetur Jónsson
ritarar

## Fundargjörð

Árið 1925 sunnud. 10 maí var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma og þann fund sátu nokkrir með limir úr Ungmenna fjelaginu „Fundaföll“ á Sauðárkrók.
Gjörðir fundarinns voru sem hjer segir
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytingar
2 Árni Jóhannsson flutti fróðlegt erindi um skáldið Jónas Hallgrímsson talaði ræðu maður um uppvaxtarár Jónasar rakti hann svo lífsferil hans mjög nákvæmlega kom víða við og var mjög skemtilegt og fróðlegt að heyra þökkuðu fundar menn ræðu manni fyrir skemtanina
3 Af hverju flytur fólkið úr sveitunum í kaupstaðan framsögumaður Ingólfur Þorleifsson um málið urðu nokkrar umræður voru skoðanir manna mjög skiftar í þessu máli sem öðrum dróst þegnskyldu vinnan inn í umræðurnar og klöppuðu margir

henni lof í lófa. Að þessum umræðum loknum var samþykkt að slíta fundi og fóru menn þá út og skemtu sjer. Fundarstjóri til næsta fundar Stefán Guðmundsson og nefndi hann til ritara Ingólf Þorleifsson og Guðberg Kristinsson
Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið
Fundarstjóri Björn Jónsson Hofsós
Ritarar Jóhannes Stefánsson Sigm. Baldvinsson

## Fundargjörð

Sunnudaginn þann 25/10 1925 var fundur haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Fundur settur og jafn framt skýrði fundarstjóri frá að ekki væri fundargjörð frá síðasta fundi komin til sín og yrði því ekki lesin upp á þessum fundi
2 Fundarstjóri bar upp til inn töku í fjelagið þau Árna Jóhannsson Hrauni Konráð Jóhannsson Hrauni Jakobínu Hallsdóttir og Steinunni Ágústsdóttir báðar í Hofsós
3 Formaður fjelagsins las upp bréf [illegible] er komið hafði til U. M. F. H. frá sambandi Kjalarnesþings
4 Formaður fél. kom með svo hljóðandi tillögu studda af Kristjáni Ágústsyni

Fundurinn samþykkir að U.M.F.H. sendi U.M.F.T.
heillaóska skeiti í til efni af vígslu húss þess var. Þunn
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum
5 Frá Pétri Jónsyni kom nokkurskonar spurning
um það hvað gjöra ætti við það Iðnanum sem safnað
hefði verið í fyrra vetur hvort haldast á fram
söfnuninni eða selja munina nú þegar með
tombólu stofnum eða á annan hátt um málið urðu
nokkrar umræður er spunnust með af því að sumir
fundarmenn mynti að gert hefði verið að fundarsam-
þykkt þá er mál þetta ~~var rætt~~ í fyrra að senda
Iðnanum þá er kynni að safnast suður á "Basar".
en í fundar gerð þeirri er skýrir frá umræðum
þessa mál stendur skýrt fram sett að stjórnfél.
hafi verið falið að sjá um sölu á þeim
6 Formaður félagsins gat þess að við Ungmennafél-
ættum heimboð til U.M.F.T. og lagði hann þá spur-
-ningu fyrir fundinn hvenær helst við ættum að
fara Engin ákvörðun var gerð í málinu og því
frestað Form. skýrar starfs menn til næsta fundar
til fundarstj. Eyþór Hallsson og nefnd. hann til aðstoðar
Valgerði Jónsdóttir Hofsós Geirlaugu Jónsdóttir Bæ
í matsölunefnd Árni Jóhannsson Haraldur Hjálmarsson
Jóhann Eiríksson Skemti nefnd. Pétur Jónsson

Stefán Guðmundsson og Guðberg Kristinsson
Ritnefnd. Valgerður Jónsdóttir Björn J. Hofsós
Steinþór Jónsson Fleira gerðist ekki á funda
sagði því fundar stjóri fundi slitið
Fundarstjóri Stefán Guðmundsson
Ritarar Sigurður Símonarsson og Guðberg Kristinsson

## Fundargjörð

Sunnudaginn 8/11 1925 var fundur settur
og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað
og dinna Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Fundargjörð frá 10 maí lesin upp og
samþykkt með litlum breytingum
2. Sauðárkróksferð U.M.F.H. framsögu-
maður Björn Jónsson Bæ Um málið
urðu talsverðar umræður munnleg
fyrir-spurn kom frá framsögumanni
svohljóðandi Er fundurinn því samþykkur
að farið verði yfir á Sauðárkrók í vetur?
það var samþykkt.
Þar næst kom fram önnur tillaga frá
framsögumanni svo hljóðandi

Fundurinn samþykkir að meðlimir U.M.F.H.
fari hina fyrirhuguðu Sauðárkróksferð
fyrir Jól sjé þriggja manna nefnd
kosin sem ráði hvenær farið verði og láti
hlutað eigendur vita um heimsóknardaginn
með fyrirvara studd af Pétri Jónssyni
Fundurinn samþykkti tillöguna með
öllum greiddum atkvæðum.
Munnleg tillaga f kom frá Birni Bæ.
svo hljóðandi Fundurinn samþykkir
að fundarstjóri fyrsta mann í nefnd-
-ina samþykkt kosningu hlutu Björn Jóns
Bæ Þorsteinn Stefánsson Bæ Jóhannes
Stefánsson Bæ
Þá kom fram tillaga frá Birni Jónssyni
Hofsós svo hljóðandi Fundurinn samþykki
að hin fyrir hugaða Sauðárkróks ferð af
U.M.F.H. verði farin landveg studd af
Jóhannesi Bæ.
Um tillöguna var mikið rætt og voru lítið eitt
skiftar skoðanir en að síðustu samþykt með
miklu meiri hluta viðvíkjandi ferð þessari
kom fram svo hljóðandi tillaga frá Birni Bæ
Fundurinn samþykkir að ungmennafélaga-
-leri að synga saman nokkur lög sem
líklegt er að sungin verði á Sauðárkrók
eða leiðinni studd af Þorsteini Stefánssyni
Samþykkt með meiri hluta atkvæða
málið tekið út af dagskrá
3. Fundarstjóri las upp fundargjörð síðasta
fundar og var hún samþykt eftir dálitlar
umræður
4. Málefnanefnd lagði fram fyrir næsta
fund málefnið „Brjársagt“ framsögumaður
Árni Jóhannsson Hrauni
5 Kosnir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Valgerður Jónsdóttir ritarar
Eyþór Hallsson Jakobína Hallsdóttir
Málefnanefnd Steinunn Ágústsdóttir
Jakobína Hallsdóttir Þorsteinn Stefánsson
Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum
og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Fundarstjóri
Eyþór Hallsson

Ritarar
Geirlaug J. Jónsdóttir
Valgerður Jónsdóttir

# Fundargjörð.

Sunnudaginn þ. 22/11 1925 var fundur settur í
U.M.F.H. á venjulegum stað og byrjaði óstund-
-vislega Hinn kjörni fundarstjóri var ekki mættur
og skipaði formaður félagsins til fundarstjóra í hans
stað Kristján Ágústsson. Á fundinum sátu fjórir
bræður frá Hólakoti á Reykjarströnd Bjarni –
Móron Sigmundur og Guðján Sigurðssynir
einnig Jón Guðmundsson frá Þrasastöðum í Fljótum
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesinupp fundargjörð frá síðastafundi og
samþykt með flestum greiddum atkvæðum.
2 fyrir fundinum lá málefni frá síðastafundi
Kjáravöt framsögumaður Árni Jóhannsson
Hrauni Hafði hann leitt málið inn með mörgu
vel völdum orðum sem báru vott um bremandi
áhuga og góðan skilning á málinu Framsögu
maður var ekki mættur. og fanst því
fundarstjóra ekki við eigandi að ræða
málið og voru margir því fylgjandi
Eyþór Hallsson fanst farið aftan að sjöðunum
að ekki mætti ræða málið nú ekki sist
þar sem flutningsmaður hefði fylgt
því með soma í fyrstu Ýms mál sem fátæk-
legri hefðu komið úr föðurgarði hefðu ekki

verið látin njóta þessa tillits annars væri sér
ekkert sérstakt á huga mál að ræða þetta nú
Kom svo tillaga frá Pétri Jónssyni studd af
Birni Jónssyni Bæ
Fundurinn samþykkir að kjáravötar málinu verði
frestað samþykt með 33–1 móti
3 Fundarstjóri hvatti síðast komnu málefnanefnd
til að koma með málefni þar er ekkert lái fyrir
frá þessari fyrri Eyþór Hallsson áleit fundarst-
jóra ekki hafa heimting til þessa því regla væri
að hver málefnanefnd sæi sinum fundi fyrir
málefni En með þessu væri komið hringli
á málefnanefndir sem væri alsekki til bóta
ef ekki annars ætti að breita fyrir komu
lagina Skaðadest atks. þessi rétt og því
borið upp málefni frá eldri málefnanefndinni
4 Hvorjar íslenskar skemtanir eru hollastar
og skemtilegastar Flutningsmaður
Haraldur Hjálmarsson Kambi Fyrstur
talaði í málinu Björn Jónsson Bæ var mikið
með stranta og skíða sótkunum er átu að vera
veiga mestar fyrir hvortveggja í senn hollustu
og skemtun vitti dansinn vonum framar
og veldi engin mótk við hann liga

Gudberg Kristmsson ad mestu sam mála því
sem sidasti ræðu madur hefdi sagt vid bættri
Knattspyrnunni sem bædi væri holl og
gamansöm Jósafat Sigfússon vildi þátt en
fallegt fanst ekkert skemtun annadeins sund.
Semtun þess og hollnustu fengju fáir ad
fullu metid Steinunn Ágústsdóttir fart
fylgjandi söng og skautaferdum
Björn Jónsson Hofsós var ekk sem best sammála
því sem ádur hafdi sagt verid en tók enn
hardari tökum á ad vita dansins en vildi skemti
sjér vid manntafl öllu ödru fremur mest fyrir
ad þad væri aldrei fulllært og hefdi svo þroskandi
á hrif fyrir andlega hæfi-leika
Ásta Kristmsdóttir vildi ekki láta gleyma
gönguferdum. Eyþór Hallsson vildi lida þetta
litillega i sundur i fyrsta lagi hvad væri
inni skemtanir og aftur úti af inni skemtun
þætti sér dansin lang skemtilegastur en til
þess þyrfti sidferdislegur þroski ad vera i sam
starfi med honum en af úti skemtunum
skautaferdir og sund og taldi þess utan upp
margar þær helstu skemtanir sem nú væru
idkadar i sveit og kaupstödum

Fann þá fundarstjóri sig knúdan til ad bidja
hljóds. og bad menn atuga ad hér„ hefdi verid
farid út fyrir málid þar sem alfarid hafi átt
ad ræda um alíslenskar skemtanir og syndi
mönnum fram á ad þetta hefdi annar fundar-
mador fundid likka og hefdi hann ordid næst
þar nært byrjadi Pétur Jónsson ad tala og fann
ad því sem sagt hefdi verid og þá helst ad
því sem Eyþór Hallsson hefdi sagt þannig
hefdi málid verid borid fram ad ræda skyldi
alíslenskar skemtanir en út fyrir þau takmörk
hefdi verid farid. En hverjar þær alíslensku
skemtanir væru og hverjum hann væri
fylgjandi hirti hann ekki ad nefna því þad
væri ekki sinu umbóta verkefni Byrni Jónssyni
Hofsós fanst þessi athis. full sidbær þar sem
búid væri ad ræda málid svona frá fyrstu og ekkert
gert til fyr en nú þegar ætti ad farad takka
þad út af dag skrá hefdu þessir gódu menn
átt ad sjá vidlekanum og stja undir hann og ekki
væri nóg ad finna ad þad þyrfti likka ad reina
ad rökfæra Eyþór Hallsson sagdist standa upp
til ad veita þessum umbóta mönnum tolningu
enda þótt hann fengi ekki skilid þeirra

þolinmæði að hafa þagað svo leingi. En alt það
sem þeir hefðu sagt væri það sem maður segði
að slá um sig án þess að vera maður til að
fram fylgja ekki eitt dæmi af því sem rætt
hefði verið um hefðu þeir fundið ekki s. við að eins
að ræða hefði átt alíslenskar skemtanir En til
þess að fara nú ekki frumhlaup þetta
vildi hann gera fyrir spurn sem vonandi
yrði svarað Er dansinn alíslenskur eða iðkaður
sem hefð. ekkert svar
Bíó og Sjónleikir nefndi Eyþór er ekkert rætt
Knattspyrna er ensk svar Nei sagði Pétur Jónsson
enn sömunar gögn voru í hillu heima hann
herti sig og sagði aftur nei
Bað þá Guðberg Kristinnsson velvirðingar
á mismynni sínu og benti Eyþór Hallssyni
að betur færi fyrir honum ef hann yfir
færi Egils og Grettirs sögu þar sem
Knattspyrnan væri Íslensk eins og hún var
iðkuð þá. (Kom svo) þetta leiðrétti fundarstjóri
með því að annað væri knattleikir og
Knattspyrna því knattleikur í fornöld
var iðkaður með knatttré en í Knattspyrnu
er spyrnt með fæti. Kom svo tillaga frá

Eyþór Hallssyni studd af Birni Jónssyni
Hofsós Fundurinn samþykkir að Hollnusta
Íslenskra skemtana og skemtanir verði
frestað til næsta fundar Samþykkt með 9 mót 5
svo hljóðandi tillaga kom frá Guðberg Kristinnssyni
studd af Birni Jónssyni Hóli. Sjálf fallin
Fundurinn samþykkir að málið verði tekjið
út af dagskrá
5 Skemtisamkomumál flutningsm. Jósafat
Sigfússon Kleif naudsin legt fyrir félagið
nú sem fyr að halda skemtun og best ef
hægt væri að breyta til þá helst ef hægt væri
að hafa álfadans Eyþór Hallsson kvaðst ekki
hafa neinu nú að bæta við fyrir sér væri það
sama og áður að þá skemtunum félagsins
komið fyrir í það horf að þroska andlega
hæfi leika félagsmanna og þeirra annara
er sæktu félags sins skemtanir Í sambandi
við þetta mintist ræðm. hins vel samda
fyrirlesturs sem haldin var af hátt virtum
skólastjóra Hólaskóla Páli Zóphoníassyni
og að þess konar skemtun væri hann að vinna
að og þeim ættu allir félagsmenn að vinna með
á huga! Björn Jónsson Bæ vildi ekki

segja skilið við likjina vitti ekki álfadansinn
en fundurinn gæti ekki annað gert en skipa nefnd
Pétur Jónsson áleit marga hálfgerða álfa
í skemtana legu til liti og sagðist vera á móti
Skemtun á annan veg framkvændri en
eins og Eyþór Hallsson hefði um getið
Kom svo tillaga frá Jósafat Sigfússyni studd
af Birni Bl

Fundurinn samþykkir að kosin verði 3ja
manna nefnd. til þess að koma með nefndar
álit á næsta fundi um skemtun sem verði
haldin í U.M.F.H. nú í vetur milli jóla og nýárs
Samþykkt. Fundarstjóri nefndi fyrsta
mann í nefndina Jósafat Sigfússon og nefndi
hann. Kristján Ágústsson sem aftur nefndi
Pétur Jónsson

6 Lesið upp bréf frá ungmennafél. Velvak-
-andi Reikjavík sem ræðast skyldi á næsta
fundi

7 Ákveðið að fara hina fyrir huguðu
Sauðárkróks ferð um komandi helgi Hafin
skyldi, förin kl. 9. á laugardags morni
22. félagar gáfu sig fram
Kosnir starfs menn til næsta fundar
til fundarstjóra Guðberg Kristinsson
ritarar Jóhann Sigfússon og Jóhann Stefánsson
Skemtinefnd endurkosin Málefnanefnd engin
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundar-
-stjóri fundi slitið

Fundarstjóri
Kristján Ágústsson

Ritarar
Eyþór Hallsson
Jakobína Hallsdóttir

## Fundargjörð.

Árið 1925 sunnud. 5. des var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað, en byrjaði óstundvíslega. Mættir voru 29 fjelagsmenn.

Gjörðir fundarins voru, sem hjer segir:

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Eiþóri Hallssyni; voru um hana miklar umræður, og hjeldu sumir fundarmenn því fram að ekki hefðu verið tilfærð rjett sum þau orð er þeir hefðu sagt á fundinum. En ritarinn sagðist taka fúslega öllum orðbreitingum. Komst ekkert samkomulag á, á fundinum. Var fundargjörðin því næst borin upp og feld. Enginn greiddi meðatkvæði, en einn var á móti. En

þegar þannig var komið sagðist ritarinn reyna
að gera fundargjörðina dómnefndarmál.
2. Lesið upp brjef frá U.M.F. Velvakandi í
Reykjavík, af Birni Jónssyni Bl. Hafði brjefið
áður verið lesið upp, en þá enginn tími að ræða
það. Áleit hann að best mundi vera að kjósa nefnd
til þess að svara þessu ef fjelagið annars hugs-
aði sjer að gera nokkuð í þá átt, en rjett væri
samt að ræða þetta hjer á fundinum.
Eiþór K. mótmælti því að við svöruðum þessu
brjefi, sagði að ómögulegt væri að svara þessu
rjett þó kosin yrði nefnd og hún sæti við í
allan vetur. Litla sagðist hann hafa talað við
bindindismann yfir á Sauðárkrók og hann hefði
sagt að fjelögunum bæri engin skylda til að svara
þessu, nema ef samband ungmennafjelaga
í Skagafirði krefðist. Jóhann Sigfússon kvað sjálf-
sagt að svara, og sagði að annaðhvort þyrfti að
bæta á bindindislögunum eða nema þau burt.
Kristján Ágústsson vildi láta kjósa nefnd til að svara
þessu brjefi og leggja svo það nefndarálit fram
fyrir fund án þess þó að það yrði sent sem svar
heldur aðeins til að skýra þetta betur. Jósafat Sigfú
sagðist finna vanmátt sinn í að ræða málið nú

þegar en vildi láta kjósa 5 manna nefnd til að gera
eitthvað fyrir málið. Kvað hann þetta aðeins benda en
ekki skyldu að svara þessu brjefi. Svohljóðandi
tillaga kom frá Birni J. Bl. studd af Geirl. J. Bl.
„Fundurinn samþ. að 5 manna nefnd athugi
„rækilega spurningarnar frá U.M.F. Velvakandi
„og leggi uppkast af svörunum fyrir fund í
„U.M.F.H.
Björn J. Hofsós sagðist greiða sitt atkvæði móti till.
af því sjer findist að svar yrði fjel. aldrei nema til
vansa. Tillagan borin upp og samþykkt með flest-
um greiddum atkvæðum, eitt á móti.
Till. frá Eiþóri K. studd af Jóhanni Sigfússyni
„Fundurinn samþ. að formaður fjel. sje sjálfkjör-
„inn sem fyrsti maður í nefndina, og nefni
„hann næsta mann og svo hver af öðrum.
Samþ.
Kosningu hlutu: Björn J. Bl. Jóh. Stefánsson, Ásta
Kristinsd. Geirl. Jónsd. Kristján Á. —
3. Skemtimál. Framsögumaður Jósafat Sigfússon
Sagði hann að nefnd sú er kosin hefði verið hefði
litlu getað til leiðar komið, því mörgu heppi-
legu væri ekki til að dreyfa. Áleit samt heppi-
legast að leika ef hægt væri að fá hentugt leik-

við. Einn fremur drap hann á að fjel. gæti fengið
mann yfir á Sauðárkrók til að syngja fyrir
okkur nokkur lög, en hann kostaði 10 kr.
Vildi hann láta fundinn skera úr hvað gera
skyldi í þessu. Eiþór K. sagðist vera hissa að
nefndin skyldi ekki skammast sín fyrir að
koma með svona lagað nefndarálit, kvaðst
ekki gráta það þó ekki yrði hægt að leika, því
margt annað væri til. Sagðist hann hafa átt
von á að nefndin hefði reynt til að fá mann
að halda ræðu. Vítti hann nefndina mjög
fyrir athafnaleysi í þessu máli.
Pjetur Jónsson sagði að nefnd þessi hefði ekki
verið kosin til að fullgera neitt aðeins til að
afla sjer upplýsinga. Vildi láta fá fyrirlesara
en strandaði þar. Áleit mjög óheppilegt að leika
vegna þess að það kæmi niður á sömu mönn-
unum ár eftir ár.
Björn J. Hofsós sagðist ekki víta nefndina þó þetta
kæmi nokkuð á eftir tímanum, nefndarálit kæmu
vanalega skrifleg. Sagði hann til að nefndin
starfaði áfram og studdi Eiþór það.
Björn J. Bæ áleit að þó Eiþór og hann hefðu starf-
að í nefndinni hefðu þeir ekki starfað meira.

Bjóst hann við að Sigurður Ólafsson frá Kárastöðum
fengist til að halda ræðu fyrir okkur og jafnvel
Pjetur Hannesson Sauðárkrók líka einhverntíman
milli jóla og nýárs, bjóst líka við að geta fengið þá
Eiþór Stefánsson og Valgarð Blöndal til að syngja
nokkur lög, en gat þess einnig að öllum líkindum
þyrftum við að sækja þá. — Var hann einn af þeim,
sem vildi láta leika einhvern smáleik.
Fundarstjóri benti á að gott væri að leika „Strikið"
því það þyrfti lítinn útbúnað og litla æfingu.
Eiþór K. vildi ekki láta eyða lengri tíma í þetta því
fundartími væri þegar langt kominn. Sagðist
geta bent á margt svo sem bögglauppboð og hluta-
veltu, en sjer væri þetta mjög ógeðfelt og því færi
hann ekki fleiri orðum um það, en fyrirlesara
vildi hann reyna að fá fyrir ekki neitt.
Kristján Ágústsson kvaðst því miður ekki geta bent
á neinar nýjar leiðir en hvað samt rjett að menn
athuguðu hve mikill kostnaðurinn yrði þá er halda
ætti skemtun.
Jóhann Sigfússon sagði að beinast lægi við að vita
hvort menn vildu nokkra skemtun.
Björn í Bæ kvaðst vera K. Á. sammála hvað kostnað-
inn snerti. Sagði líka að hægt mundi vera að fá hesta

og jafnvel bát líka til að sækja þá, sem hann hefði áður minst á. Björn í Hofsós vildi láta kjósa nefnd til að hrinda þessu lengra áleiðis en komið væri. Ásta Kristinsd. sagði að fjelagsdrenir mættu búast við að þurfa að leggja nokkuð á sig og þeir gætu alls ekki neitað að vinna fyrir fjel.

Tillaga kom frá Birni í Bæ studd af Baldvin Kristinssyni, en áður en hún var borin upp kom breitingartillaga frá Kristjáni Á. studd af Jósafat Sigfússyni. „Fundurinn leggur til að kosin verði
„ný nefnd til að sjá um framkvæmd
„á inntekta-skemtun fyrir fjel. milli
„jóla og nýárs.
Till. borin upp og feld með 8 gegn 3.
Till. Björns J. Bæ.
„Fundurinn samþ. að áður kosin nefnd
„vinni að framkvæmdum á skemtun
„milli jóla og nýárs eftir því sem tök
„eru á. Einnig verði reynt að fá fyrir-
„lesara og söngmenn af Sauðárkrók.

4. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Jóhanna Jónsdóttir Hofsós.
Ritarar Stefán Guðmundsson Lárus Þorsteinss.
Málefnanefnd engin. Skemtinefnd endurkosin.

Ritnefnd: Jósafat Sigfússon, Ásta Kristinsdóttir Konráð Jóhannsson.

Fleira ekki til umræðu fundi slitið.

Guðberg Kristinsson
fundarstjóri

Jóhannes Stefánsson
Árni Jóhannsson
ritarar.

## Fundargjörð.

Sunnudaginn 20/12 1925 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma. Fundargjörð frá síðasta fundi var ekki komin til fundarstjóra og þess vegna ekki hægt að hafa hana til meðferðar.

1. Í fjelagið gengu þeir Hjálmar Pálsson Bræðralandi og Vilhelm Jónsson Stóðarbjörgum, var það borið upp og samþykt.

2. Því næst tók Björn J. Bæ til máls og gat þess að sjer hefði verið sent nokkur eintök af blaðinu „Skinfaxa" og útbýtti hann honum á fundinum til þeirra sem vildu, en gat þess jafn framt að hann vissi ekki hvort þyrfti að borga hann eða ekki.

Árni J. Hrauni fanst rjettast að fjelagið keyfti Skinfaxa og ljeti hann ganga milli fjelagsmanna líka fanst honum rjett að fjel. keyfti fleiri víðtæg-andi blöð. Urðu um það nokkrar umræður og var

það því næst tekið út af dagskrá. Fundarstjóri gat þess að næsta mál á dagskrá væri málefni Haraldar Hjálmarssonar Kambi: "Hverjar eru hollastar og bestar af íslenskum skemtunum." Urðu um það nokkrar umræður. Kom þá svohljóðandi tillaga.

Fundurinn samþ. að málið, hverjar eru hollastar og bestar af íslenskum skemtunum, verði tekið út af dagskrá. Guðberg Kristinsson studd af Birni J. Bd. og var hún borin upp og samþykt með 6 gegn 1.

B. Jónsson Hofsós barðist einn fyrir því að málið yrði ekki rætt en fjekk því ekki framgengt. Árni J. Hrauni gat þess að hann vildi helst ekki að hjeraðsskólamálið yrði rætt þá á fundinum vegna fámennis. Kom þá svohljóðandi till.

Fundurinn samþykkir að fundi verði slitið vegna fámennis og veðurvonsku. Björn J. Bd studd af Árna J. Hrauni.

3. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.

Formaður tilnefndi fundarstjóra til næsta fundar Ingólf Þorleifsson og nefndi hann sjer til ritara Björn Jónsson Hofsós og Guðberg K. Hólakoti. Málefnanefnd: Jósafat Sigfússon, Konráð Jóhannsson Hrauni og Pála Árnadóttir. Ritnefnd: Pjetur Jónsson, Árni Jóhannsson, Baldvin Ágústsson

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Jóhanna Jónsdóttir — fundarstjóri

Lárus Þorsteinsson
Stefán Guðmundsson — ritarar

## Fundargjörð

Árið 1926 10. Janúar var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað en byrjaði óstundvísl. Fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri Ingólfur Þorleifsson Hofsós. Mættir voru 24 fjel.m.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð frá 20. des 1925. Urðu um hana dálitlar umræður, sjerstaklega vakti Björn Jónsson Hofsós umræðurnar, þótti honum hún ekki skýra nóg frá afstöðu sinni á málinu, sem af ósanngirni var tekið út af dagskrá á fundinum næst á undan; taldi hann að sjer hefði verið beitt órjetti með því að geta þess ekki í fundargjörðinni að hann hefði einn barist á móti því að málið yrði hvorki rætt eða tekið út af dagskrá. Pjetur Jónsson fullyrti að þess hefði ekki þurft þar, sem

at í fundargjörtinni stóð lattkvæði á móti og þá
hlýtur allir at vita hver það hefði verið, sem hefði
greitt mótatkvæði. Það næst var fundargjörtin
borin upp og samþykt með afarlitlum breitingum
er fundargjörtin ber með sjer.
2. Randver Sæmundsson st. bað um inn töku
í fjel. og var það samþ.
3. Lesin upp fundargjörð frá 5. des 1925, urðu um
hana miklar umræður. Fyrstur tók til máls Eiþór
Hallsson, snjerust umræður hans at fyrsta lið fundar-
gjörðarinnar og fanst honum hallað á sig með því at
í fundargjörtinni stóð „Eiþ ritaði mótmælti og bað
menn sanna." Næstur honum talaði Jóhannes
Stefánsson Bæ og bað Eiþór athuga at annað væri
hvort maðurinn talaði sjálfur eða annar segði
frá því, sem hinn hefði sagt. Sagðist vera fús at
taka orða breitingum seinna en ekki nú til at
tefja ekki fundinn.
Árni Jóhannsson Straumi var fús á at taka breitingum
ef væri mætti til at halda Eiþór kyrrum í fjel.
Bað Eiþór um orðið aftur fanst mikið um hvað
Árni hefði verið betri til sátta því hann álit
at hinn ritarinn vildi hafa sig úr fjel. með þessu
eins og fleiri, sem hjer væru inni hefðu sagt at hann

mætti fara. Jóhannes í Bæ skaut því inní at sjer lægi
það í hjarta sínu hvort hann færi eða væri, og hvort
það væri ekki nóg svarað. Eiþór þá fundargj. frá sjer
og hvort ekki hirða um at taka breitingum at sinni
Þar næst tóku þeir til máls, Pjetur Jónsson og Björn
í Bæ og snjerust umræður þeirra beggja at því at á-
kjósanlegast væri ef hægt yrði at miðla svo málum at
sætt gæti komist á á þessum fundi; kom till. frá
Pjetri Jónssyni í þá átt, en þar, sem lá fyrir at bera
upp fundargjörtina þá var það gert og var hún feld
með 3 atkv. Þar næst borin upp till. Pjeturs J.
„Fundurinn samþykkir og skorar á ritara
„frá 22. nóv. og 5. des ásamt þeim mönnum
„er hlut eiga at því máli at skjóta á fundi
„í dag og athuga báðar fundargerðirnar
„sem um er getið og fá því þannig breytt
„at allir geti unað, sem hlut eiga at máli.
Pjetur Jónsson studd af Kristjáni Ágústssyni:
Till. borin upp og samþykt.
Eins og till. P.J. ber með sjer var fundur haldinn
milli hlutateiganda fundargertanna frá 22. nóv.
og 5. des. á fundi þessum fjekkst ákjósanlegt
samkomulag og skotar fundurinn fundar-
gertirnar samþyktar með þeim breitingum

vá hafa orðið.
10. Jan. 1926
Hlutaðeigendur.
4. Lagðir fram reikningar yfir tekjur og gjöld af samkomunni 3. og 4. Jan. 1926 við þá var ekkert að athuga og voru þeir því samþ.
5. Lögð fram svör við spurningum frá U. M. F. Velvakandi til umræðu.
Björn Jónsson Hofsós taldi það óþarft að senda slíkt út frá sjer, áleit að fjel. sem slíkt mundi lítið á því græða, en gat ekki heldur sett rök fyrir því tapi, sem af því hlyti fyrir fjel., en bar það fyrir sig að okkur bæri engin skylda til að svara þessum spurningum því, sem þetta kæmi frá einstöku fjelagi.
Árni J. og Guðberg Kristinsson töldu bæðir ásamt fleiri fundarmönnum að ekkert væri á móti því að svörin yrðu send til hlutaðeigenda.
Pjetur Jónsson gat þess að ef hann yrði með því að spurningunum yrði svarað þá væri það af þeirri ástæðu að sjer væri forvitni á að sjá heildarskýrsluna. Að lokum kom till
frá formanni fjel.
„Er fundurinn því samþykkur að umrædd svör verði send til hlutaðeigenda."
Björn Jónsson Bæ, studningsm. Guðm. Sigmunds.
Till. var samþykt með 11:8.
6. Pjetur Jónsson lagði fram reikninga yfir tekjur af skemtuninni 5. Jan. 1926, sem haldin var til ágóða fyrir Anton Gunnlaugsson Syðstugrund og afhenti þá peninga fundarstjóra. Fundarm. þótti þetta koma einkennilega fyrir en Pjetur gerði mönnum það skyljanlegt að vitanlega skilaði nefndin af sjer og svo væri það fundarins að skera úr hver ætti að koma peningunum til skila, afhenti þá fundarstjóri formanni fjel. peningana og hvatti formaður vera skilduga að koma þeim til skila frá stjórninni í heild undir nafni fjelagsins.
7. Lesið upp úr „Fjelaganum".
Starfsmenn til næsta fundar sjálfkjörnir (stjórnin)
Fleira ekki til umræðu á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið.
Ingólfur Þorleifsson. Björn Jónsson Hofsós
fundarstjóri Guðberg Kristinsson ritari

# Fundargjörð

Árið 1926 sunnud. 17. jan. var aðalfundur
haldinn í U.m.F.K. á venjulegum stað
og byrjaði stundvíslega. Á fundinum voru
mættir 28 fjelagar. Gjörðir fundarins voru sem
hjer segir:
1. Geirmundur Jónsson borinn upp til inn-
töku í fjel. og var það samþykt.
2. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp.
Eiþór Hallsson lýsti velþóknun sinni á því
að Björn Jónsson hefði tekið þann sið að láta
sjást þær breitingar, sem gjörðar voru við
fundargjörðir. Kom næst fyrirspurn frá Krist-
jáni Ágústssyni. Hver er ástæða ritara fyrir því
að verða ekki við beiðni þeirra manna er fóru
fram á að færð yrði inn í fundargjörðina yfir-
lýsing, sem fram kom við samkomulagstilraun
er gjörð var viðvíkjandi fundargjörðum frá 22. nóv.
og 5. des. Björn Jónsson Hofsós taldi ritara ekki
skylda til að taka þessa beiðni upp í fundar-
gjörð sína og hefðu þeir ekki verið vissir um hvort
þeir hefðu átt að setja hana í fundargjörðina,
en kvaðst ekki vera á móti að henni yrði bætt
við. Var þá fundargjörðin borin upp og samþykt.

Kristján Ágústsson bað um orðið og fjekk leifi fundar-
stjóra að lesa upp eftirfarandi yfirlýsingu er hljóðar
svo: Eins og till. P.J. ber með sjer var fundur haldinn
milli hlutaðeigandi fundargerðanna frá 22. nóv og
5. des. Á fundi þessum fjekkst ákjósanlegt sam-
komulag og skoðar fundurinn fundargerðirnar
samþyktar með þeim breitingum er á hafa orðið.

Hofsós 10. jan. 1926

Hlutaðeigendur.

Bar svo fundarstjóri þessa yfirlýsingu upp til
samþyktar, ásamt því að hún yrði færð inn í
fundargjörð frá 10. jan. Var það samþ.—
3. Eiþór Hallsson bað næstur um orðið og tók sína
fundargjörð til umræðu og upplesturs.
4. Árni Jóhannsson talaði einnig um sína fundar-
gjörð og meðferð á henni, heimtuðu báðir að þær yrðu
bornar upp til samþ. Taldi fundarstjóri þessar
fundargjörðir báðar rjettilega samþyktar áður á
fundinum og því óþarft að bera þær upp. Mótmæltu
þeir Eiþór og Árni að svo væri og töldu brotin á sjer
lög ef þær yrðu ekki bornar upp. Bar þá fundarstjóri
það undir fundinn hvort hann vildi taka þessar
fundargerðir til meðferðar, með því voru 2 þeir
Eiþór H. og Árni J., en 5 móti. Kom en fram

óánægja áðurnefndra manna stóð þá upp
Jóhannes Stefánsson, og las upp fundargj. frá
5. des. og heimtaði að fundargj. yrðu borinar upp.
Stóð þá fundarstjóri upp og sagðist álíta að ritar-
arnir hefðu meiri ánægju af að lesa þessar
fundargerðir upp en aðrir að hlusta á þær. Sagðist
hann þó vilja bera þær upp til samþ., en á nýj
ef það mætti verða til þess að gera þá ánægða.
Voru þær þá bornar upp og samþ.
4. Reikningar síðasta árs lagðir fram endur-
skoðaðir, lesnir upp og samþ.
5. Lesin upp lög fjel. fyrst öll svo grein fyrir
grein. 1. gr samþ. 2. gr. Árni J. taldi óviðeig-
andi að hafa bindindisheit í fjel. og taldi
víst að ætti sjer stað brot á þessum lið 2. greinar.
Leifur Hallsson taldi þarflitið að hafa bindindi
í fjel. sökum þess að hjer væri stilka og getu þeir,
sem bindindissinnaðir væru leitað þangað, og
hvatti fylgja því að bindindisheitið væri tekið úr lög-
um fjel.
Guðberg Kristinsson sagðist fylgja því að bindindis-
heitið yrði tekið úr lögunum.
Kristján Á. gat þess að sig undraði ekki þó Á. J.
talaði á móti bindindi í fjel. þar, sem hann

væri nýkominn í fjel. og því ekki kunnugt um
gagn þess fyrir fjelagsskapinn, en sjer kæmi það ein-
kennilega fyrir þegar Leifur beitti öfugu vopninu,
sem áður hefði borist mest fyrir því að bindindið
væri tekið inn í lög fjel.
E. H. hvatti alla að svara K. Á. með því að segja,
„hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sjer leifist
það." Kom því næst till. frá Árna J. studd af Guðb. K.
svohljóðandi: „Fundurinn samþ. að önnur grein
„fjelagslaganna, sem fjallar um bindindi
„sje felld úr fjelagslögunum.
Umræður um till. Kristján Á. taldi að till. kæmi
í bága við svör þau er samþ. höfðu verið á síðasta
fundi og sendast ættu til U. M. F. Velvakandi
í Rvík.
E. H. taldi sig ekki samþykkan till. eins og hún
væri, þætti sjer hún of víðtæk. Tók þá till.maður
aftur till. og samdi aðra er hljóðar svo:
„Fundurinn samþ. að bindindið sje
„numið úr fjelagslögunum.
Till. hafði sama stuðningsmann. Var hún því
næst borin undir atkvæði; greiddu 6 með en 16 mót.
3. gr., 4. gr.; 5. gr. samþ. með 5 gegn 2.
6. gr tekin til umræðu. Jósafat Sigfússon sagðist

vilja leita álits fundarins á því hvort ekki væri
rjett að hækka árgjald fjelaganna þannig að
karlmenn greiddu Kr. 3,00 og kvenmenn og
unglingar innan 15 ára Kr. 2.00.
Eiþór H. sagðist vera á móti hækkun á fjelögunum
en hann felti sig betur við að sambandsgjald
hækkaði, og einhverjum hluta þess væri varið til
fyrirlesara, sem ferðaðist á milli fjelaganna.
Kom því næst till. frá Jósafat Sigfússyni studd
af Jóhannesi Stefánssyni.
„Fundurinn samþ. að árstillög í U. M.
„F. H. verði hækkuð að karlmenn greiði
„Kr. 3.00, en kvenfólk og unglingar innan
„15 ára Kr. 2,00.
Bar fundarstjóri upp till. og greiddu 7 með en 12 mót.
7. gr. samþ. 9 með 2 mót.
8. gr. samþ. 9. gr umræður. Eiþór H. taldi betra
fyrirkomulag að fundarritarar færðu sjálfir inn í
fundargjörðabók þær fundargjörðir sem kæmu á
þeim fundi sem þeir væru ritarar fyrir eins og átti
sjer stað í sumum öðrum fjelögum.
Jósafat Sigfússon kvaðst vera á móti þessari breyt-
ingu vegna þess að þá skiftust ekki ritstörfin eins
jafnt á meðlimi fjel.— Árni Jóh. kvaðst vera að

mestu samþ. Eiþóri H. og vildi breyta greininni eins
og till. E. H. væri & hljóðar svo.
„Fundurinn leggur til að ritum á fundar-
„gjörðum verði þannig fyrirkomið að ritar-
„ar hvers fundar færi sjálfir inn í fundar-
„gjörðabók fjel. og taki upp efni úr ræðum
„fjel.manna og færi þær með sönnu rjett
„inn í fundargjörðina.
Till. studd af Árna Jóhannssyni. Bar fundarst.
upp till. og greiddu 7 með 10 mót.
10., 11., 12., 13., 14., 15. og 16. gr. samþ. Voru því öll
lögin samþ. óbreytt
7. Fundarsköp fjel. lesin upp og samþ.
8. Úrsögn úr fjel. kom frá tveimur Sigurbjörgu
Halldórsdóttir og Pjetri Jónssyni.
9. Fór því næst fram skrifleg stjórnarkosning.
Björn J. Ax. neitaði kosningu í stjórn því hann
hefði verið í stjórn fjel. svo lengi
Fjellu atkvæði þannig.
Árni Jóhannsson 22 atkv.
Kristján Ágústsson 15 —
Jóhannes Stefánsson 14 —
Varastjórn
Björn J. Axfjörð 13. atkv. Jósafat Sigf. 9 atkv. Eiþór Hallsson 3 at.

10. Jóhannes Stefánsson fór fram á að hann fengi að nefna ritstjóra í sinn stað var það fjel. og nefndi hann Sigm. Baldvinsson og var það samþ.
11. Kosin dómnefnd og hlutu kosningu Valgerður Jónsd Jóh. Stefánsson Björn J. Stöfsiö Þorsteinn St. Bæ Jósafat Sigfússon.
12. Endurskoðendur næstaársreikninga Björn J. Bæ Sigm. Baldvinsson.
13. Fundinum slytið fórm. fjel. Björn J. Bæ lýsti hann með nokkrum orðum störfum fjel. sjerstaklega að mintist hann á gartækt fjel. glímu-mál og leikfimnismál sem hann skýrði fyrir fundinum og óskaði eftir að leitin yrði ákveðin um á næsta fundi hvað fjelsmenn vildu fyrir málið gjöra.
14. Kosnir starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Þorsteinn Stefánsson, ritarar Björn Jónsson Stöli Jósafat Sigfússon. Málefnanefnd endurtekt með einum Björn J. Stöli. Stemtinefnd, Jósafat S. Gotb. Kristinss. Björn J. Stöfsiö.

Fleira ekki starfað á fundinum og sagði fundarstjóri því fundi slitið.

Björn Jónsson Bæ
fundarstjóri

Kristján Ágústsson
Pjetur Jónsson ritarar.

Eignir U. M. F. Höfðstrendinga
við aðalfund 1926.

Girðing í kringum 200 □ fm. stóran Kálgarð.
1 Kassi fyrir bækur.

Leikrit.

1. Pengdamamma. 2. Happið. 3. Qrsladiósin
4. Sagt upp vistinni 5. Svona fór það.
6. Mikill ótta legur vott. 7. Talað á milli hjóna.
8. Best sem villausast. 9. Bernsku ástin.
10. Vinnu konu bastið. 11. Skóarinn.
12. Apinn.

1 Leiktjald með bitum.
1 Blátt flagg.
1 Cherlings gluggi.
4 Leiktjöld.
1 Slobrok 2 kjólar.
1 Fáni (U. M. F. H.)
1 Harmonikka.
3 Glímu belti.

## Fundargjörð.

Sunnudaginn 7. febr. 1926 var fundur
settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul.
stað og tíma. Það, sem á fundinum gjörðist
var það er hjer segir:
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi,
sem þá var aðalfundur. Um fundargjörðina
urðu engar umræður, og var hún borin upp
og samþ. með öllum greiddum atkv.
2. Árni Joh. gat þess að hann kynni betur við
að Efnahagsreikningur, viðskiftareikningur
og ársskýrsla væru með hverri aðalfundargjörð.
Um þetta urðu litlar umræður.
3. Mál lág fyrir fundinum frá Birni í Bæ
svohljóðandi, hvort fjelagsmenn vildu ekki taka
þátt í því að kosta sig í Møllersskólann í Rvík,
einnig gat hann þess að hann skildi svo kenna
okkur fjelögunum ekki fyrir neitt, þegar hann
kemi heim, sömuleiðis mintist hann á það að
kostnaðurinn mundi verða 20 til 25 kr.
Um þetta mál urðu talsverðar umræður og voru
skiftar skoðanir manna, sumum fanst ekki
rjett að við tækjum neinn þátt í þessu námi
hans, þeir hjeldu að við mundum ekki hafa

gott af því þegar frá liði. Kom svohljóðandi till.
í málinu.
„Fundurinn leggur til að þess sje farið á
„leit við Björn Jónsson að hann læri leik-
„fimi við Møllersskólann svo vel að hann
„siðar geti kent þessar æfingar hjer í fjel.
„Og að honum verði þá borgað kenslugjald,
„sem ákveðið yrði af hverjum nemanda.
Árni Jóhannsson studd af Jóhannesi St. Bæ
4. Kristján Ó. mintist á að núverandi stjórn hefði
safnað saman ýmsum smámunum er fjel. átti,
sem hefðu verið hingað og þangað; fór hann þess
á leit að U.M.F.H. keyfti hirslu til að geyma í
þá smámuni, sem ekki væru notaðir nema
endrum og eins. Kom fundinum saman um
að keyft yrði hirsla undir þessa muni. Var þá kom-
ið með till. er hljóðar svo.
„Fundurinn samþ. að keyft sje hirsla
„undir smámuni fjel.  Samþ.
Árni Joh. studd af Joh. Stefánssyni Bæ
5. Mál var á dagskrá frá Árna Joh., sem var bjárakt.
Framsögum. fór þess á leit að U.M.F.H. gengist
fyrir því að komið yrði á bjárakt innan fjel.
Kristján Ó. gat þess að peninga liðirnir væri okkur

vitlaum við mættum helst ekki ráðast í þau fyrirtæki sem ekki gæfu af sjer neinn arð í aðra hönd. Kom þá áhuga í fundarmenn og tóku þeir til máls, stóð þá framsögum. upp og fór þess á leit við fundinn að gjört væri að breyta nafninu á málinu og nefndi það grasrækt. Einnig mintist framsögumaður á það að við fengjum blettinn til þess að rækta; líka gat hann þess að ef það væri eitthvert áhugamál sem fjel.menn hefðu í huga að koma í framkvæmd þá óskaði hann eftir að heyra hvaða mál það væri.

Kristján Á. svaraði honum þannig að það væri húsbyggingarmálið, sem væri eldheitasta mál, sem fjel.menn hefðu á hjarta sjer og í sambandi við það var lesið upp bréf, sem kom frá fyrverandi formanni fjel., var ordlefni þess um húsbygginguna í fjel. Teikning kom af húsinu og lýsing af því að öllu leiti. Var þá fundartíminn á enda og því ekki hægt að ræða hvorugt málið. Munnleg till. kom frá Árna J. sem var samþ. að kosin yrði 3ja manna nefnd í grasræktarmálið, og einnig 3ja — — í húsbyggingarm. til þess að koma með nákvæma lýsingu um þessi mál eins fljótt og unt væri. Þeir sem hlutu kosningu í grasræktarm.

voru þessir: Árni Jóhannsson, Ingólfur Þorleifsson og Jósafat Sigfússon, en í húsmálinu voru það: Kristján Ágústsson, Björn Jónsson Hofsós og Jóhannes Stefánsson.

6. Lesið upp úr fjelaganum. Skrifuðu fundarmenn undir lögin þeir, sem mættir voru á fundinum.

7. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri: Sigm. Baldvinsson
ritarar: Björn Jónsson, Steinþór Jónsson
Málefnanefnd: Björn J. Hofsós, Randver Sem. Á., Jósafat Sigfússon.
Ritnefnd: Ingólfur Þorleifsson, Björn J. Hofsós og Jónanna Jónsdóttir.

Fleira gjörðist ekki á fundinum,
fundi slitið.

Þorsteinn Stefánsson — Jósafat Sigfússon
fundarstjóri — ritari

## Fundargjörð.

Sunnudaginn 21. febrúar 1926 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og byrjaði stundvíslega. Fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri Sigm. Baldvinsson.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi; var hún borin upp og samþ. með lítilli breitingu, sem kom frá Kr. Ágústssyni.
2. Lesinn upp "Fjelaginn" af ritstjóranum.
3. Formaður fjel. gat þess að hann gæti fengið áburð í garð fjel. hjá Ingólfi Þorleifssyni og kostaði kerran kr. 1,50. Taldi honum rjett að taka þessu fyrir sitt leiti, en ef fjelagsmenn vildu hafa annað fyrirkomulag á þessu mættu þeir því ráða.
Kr. Ágústsson sagðist ekkert hafa út á verðið á þessum áburði að setja, en sagðist álíta að hægt mundi vera að fá áburðinn gefins hjá fjelagsmönnum.
Árni J. sagði að hann hefði komið með þetta mál, til þess að fundarmenn tæku einhverja ákvörðun, hvort hann ætti taka það illa upp þó K.Á. ef einhverjir aðrir fjelagsmenn gætu útvegað áburð gefins.
Jóh. Stefánsson sagði það óþarfa kostnað að kaupa áburð í garðinn, bauðst hann til að gefa 2 kerrur og lofaði að koma þeim í garðinn.
Jósafat S. sagðist gefa eina, Guðberg K. eina, og blessaðar stúlkurnar 4 kerrur ef þær gætu fengið

þær keiftar hjá einhverjum áburðarríkum kaupmanni.
Árni J. bað sjer hljóðs og hvað það vera mjög hættulegt að áburðurinn væri gefinn óviktur, af því að þeir flyttu hann í garðinn genginn misjafnlega frá hornum og haugarinn (?) að vanskapaður.
Kr. Ágústsson stóð upp og kvað það óþarfa umræður um þetta mál, taldi það best að fresta málinu til næsta fundar, og þá ættu þeir, sem ætluðu að gefa áburð að vera búnir að gefa sig fram við stjórnina, svo hægt væri að gera einhvern enda á málinu.
Var málið því næst tekið út af dagskrá.
4. Árni J. gerði fyrirspurn til húsbygginganefndarinnar hvort það mál kæmi til umræðu á þessum fundi. Kom þá svar frá Kristjáni Á.
Nefndin hefði ekki haft nægan tíma, til að afla sjer upplýsinga á málinu, svo að hægt væri að taka málið til umræðu á þessum fundi; og óskaði eftir að því yrði frestað til næsta fundar.
Kom þá nefndarálit frá grasrótskurðarnefndinni svohljóðandi:
Nefndin hefir aflað sjer þeirra upplýsinga að fjelagið getur fengið landspildu keyfta hvort sem vill fyrir utan eða innan Stofsá

Blettirinn fæst 4,5 vallardagsláttur að stærð
á Kr. 200,00 með þeim skilyrðum að hann
sje eingöngu hafður til ræktunar.
Nú leggur nefndin til að þessi blettur sje
keyftur og hafður til grasræktar. Í því sam-
bandi hefir nefndin aflað sjer upplýsinga
um hvað kosta muni að koma blettinum í
rækt og hvað eftirtekja muni verða af honum.
Áætlaður kostnaður við blettinn er Kr. 1150,00
og þar í verð blettsins sjálfs. En bletturinn gefur
af sjer á fyrsta ári Kr. 600,00 brúttó eða Kr. 500,00
nettó.

Árni Jóhannsson
Ingólfur Þorleifsson Jósafat Sigfússon.

Þegar búið var að lesa upp nefndarálitið talaði
formaður nefndarinnar næst á eftir. Sagðist hann
telja vafalaust að hægt væri að koma þessu í fram-
kvæmd á næsta vori þar áætlaður kostnaður væri ekki
meiri en það, að fjel. hefði afl til að hrinda jafn góðu
og þarflegu fyrirtæki í framkvæmd. En ef að væri
svo fyrir mönnum að drepa þetta mál, þá yrði
ekki hægt að búast við góðum fjelagsskap, þegar
góð og arðsöm fyrirtæki gætu ekki komist í fram
kvæmd fyrir fjesparnað og þekkingarskort á málum.

Kristján A. tók til máls næst á eftir og gat þess getið
að það mundi mikið vanta til að húsbygginganefndin
kæmi með svona skýrt nefndarálit eins og þessari nefnd
hefði tekist að koma með. Samt sagðist hann vilja
sjá greinarlínur fyrir kostnaði þessum sundur lið-
aðar, en ekki eins og nefndarálitið bæri með sjer. Skýrði
formaður nefndarinnar það lið fyrir lið og fundar-
manni lofað að reikna út upphæðina.
Jóh. Stefánsson gerði fyrirspurn til Á. J. hvort hann
hefði ekki átt við jarðabætur. Svar, lítið — því hefir
þú ekki bætt jörðina, sem þú hefir búið á, úr því þú
telur grasræktarmálið eins og gullnámu fyrir
bændur eins og þú hefir lýst hjer yfir.
Á. J. svara, hvergi er eins hentugt land og hjer, hef-
ekki vantað peninga til jarðabóta vinnu, það, sem
jeg varð þeim til þrætu á Hólum, og en fremur bjóst
jeg við eins og á kom daginn að jeg nyti ekki verka
minna. Þar næst bar fundarstjóri það undir fund-
inn hvort hann væri því ekki samþykkur að málinu
væri frestað til næsta fundar, og var það samþ.
5. Formaður fjel. nefndi til fundarstjóra Ásta Kristins
og nefndi hún sjer til ritara Jóhannes Stefánsson og
Jónínu Jónsdóttir. Málshefjandi Jósafat Sigfússon
og lagði hann fram sitt málefni: "Sveitafólk"

en hinir sitja til næsta fundar og Steinþór Jónsson bætt við. Ritnefnd: Valgerður Jónsdóttir, Steinunn Ágústsdóttir og Jósafat Sigfússon.

Skemtinefnd endurkosin.

Fleira gjörðist ekki á fundinum og sagði fundarstjóri fundi slitið. Nokkur lög voru sungin á eftir.

Sigm. Baldvinsson
fundarstjóri

Ingólfur Þorleifsson
Steinþór Jónsson
ritarar.

## Fundargjörð.

Árið 1926 sunnud. 7/3. var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað, en byrjaði óstundvíslega.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundarstjóri bar upp hvort Árni Jóhannsson Hofsós mætti ekki sitja á fundi. Samþ.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi; urðu um hana dálitlar umræður, en var að síðustu samþ. með þeirri breytingu, sem kom frá formanni fjel. að í stað orðanna „gefur af sjer árlega." komi „gefur af sjer á fyrsta ári."
3. Lesinn upp fjelaginn.
4. Formaður fjel. mintist á að hann hefði fengið blaðið Skinfaxa til úthlutunar, bað hann þá, sem hefðu fengið blaðið og búnir væru að borga að gefa sig fram.
5. Formaður húsbyggingarnefndar Kristján Á. bað þá um orðið, skýrði hann frá störfum nefndar þessarar og í tilefni af því las hann upp svohljóðandi nefndar álit.

„Nefnd sú er kosin var af Ungmennafjel. Höfðstrendinga til þess að athuga möguleika fyrir húsbyggingu, hefir haldið fundi með sjer og fengið til aðstoðar 3 menn úr Málfundafjel. Hofshrepps, hafa nefndirnar athugað þetta mál allrækilega, og komist að þeirri niðurstöðu að gjörlegt sje að ráðast í þetta fyrirtæki; þó því aðeins að allir fjel. menn leggist á eitt og standi sem einn maður í þessu máli. Það verða fjelagsmenn sjerstaklega að hafa hugfast að til þess að hægt verði að framkvæma þetta verður hver og einn fjel. maður að binda sjer allstóra byrði, og hafa einlægan vilja á að bera þá byrði til enda. Það er álit nefndarinnar að einmitt þetta mál muni verða einn sterkasti þátturinn til að halda fjelagsskapnum saman, og fá hann til að mynda eina sterka heild, og einnig að þá fyrst myndi fjel. sjá sjer fært

að framkvæma fleira þegar það hefði fengið sitt eigið
heimili, og um leið svo mörg skilyrði betri til að
afla sjer fjár. Nefndin hefir lítillega leitast fyrir
um ábyrgð á láni og má segja að því máli hafi
verið vel tekið og t. d. hefir Málfundafjel. Hofsh.
látið þess getið að það myndi styrkja fjelag okkar
í þessu máli, svo sem unt væri og það sæi sjer fært.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til að byrjað
verði á húsbyggingu þegar á næsta vori og að um
leið verði safnað dagsverkaloforðum hjá öllum
fjelagsmönnum.

Hofsós 7. mars 1926.

Kristján Ágústsson

Björn Jónsson    Jóhannes Stefánsson

En að því búnu byrjuðu umræður um málin, sem
voru heldur daufar fyrst framan af en jukust að
miklum mun þegar á leið fundinn. Voru bæði málin
rædd samhliða og á skynsamlegan hátt. Þótti sem
um rjett að ræða hvort mál út af fyrir sig og athuga
svo á eftir hvort málið nauðsynlegra væri fyrir fjel-
skapinn og fyr ætti að koma til framkvæmda.
Urðu umræður all heitar af hálfu grasræktar-
málsmanna af þeirri ástæðu að þeim þótti þær
skýringar ekki nægilegar, sem húsbygginganefndin
hafði aflað sjer og jafnvel það að vafasamt væri hvort
alt væri eins vel í haginn búið og nefndarálitið greindi
frá það lítið að þar var tekið fram, en annars væri
nefndarálitið aðeins hvatning til fjelagsmanna en
annað ekki. Af þessu leiddi það að sumir fjelagar
sögðust ekki láta það uppi hvora megin þeir væru því
nú á þessum fundi væri ekki hægt að fá neinar
frekari upplýsingar. Var því skotið fram af grasræktar-
málsmanni að ekkert væri fyrir húsbyggingunni hægt
að gera og því ekkert nær en taka það út af dagskrá.
Húsbygginganefndin gaf þá upp allar þær upplýsing-
ar sem fengist höfðu á nefndarfundum, en ekki voru
nema að litlu leyti teknar fram í nefndarálitinu
og sem voru þær að samnefndarmennirnir úr Málfunda-
fjel. Hofshrepps hefðu gefið vilyrði fyrir ábyrgð sinni
gagnvart lántöku, sem óhjákvæmileg væri fyrir fjel. ef
ráðist væri í þetta. Sömuleiðis gat hún þess að ef fram-
kvæmdir yrðu í þessa átt væri það beint skylda þeirra
að hjálpa til eins og unt væri, svo framkvæmdir
gengju greiðlegar. Farið var fram á það við landeiganda
að hann gæfi okkur lóð undir húsið, ákveðið svar
fjekkst ekki, bar hann það fyrir sig að hann hefði
ekki um málið hugsað frá þeirri hlið. Gat hann þess
að búið hefði verið að stinga upp á 20,00 kr. leigu

á ári og að það væri rjett að halda sjer fyrst, upp fyrir það fyrir það ekki en hvað mikið það lækkaði væri ekki hægt að segja um nú. Að þessum upplýsingum fengnum, sem milliveggir þóttu, tóku sumir sem ekki höfðu neitt til málanna lagt áður, voru flestir fylgjandi húsbyggingunni og töldu hana tryggari fyrir fjelagsskapinn og rjett væri því að hafist væri handa í þessu máli og hrundið til framkvæmda eins fljótt og tök væru á.

Munnleg tillaga kom frá formanni fjel. um að málið væri tekið út af dagskrá.

Munnleg breytingartillaga kom frá Kristjáni K. studd af Jóh. S. Bæ um að málin væri borin upp til atkv. svo hægt væri að sjá fyrir hvort málið menn vildu heldur starfa.

Till. borin upp og samþ.

Að þessu búnu fór fram skrifleg atkvæðagreiðsla í hús- og grasræktarmálinu og fjellu atkv. þannig

Húsbyggingarmálið 18 atkv.

Grasræktarmálið 5 —

Þá var tekið til umræðu hvort húsbyggingarn. ætti að starfa áfram eða kjósa aðra.

Kom till. frá Guðberg K. studd af Þor. St. Bæ "Fundurinn samþ. að endurkjósa húsbyggingarn."

Till. var samþ. Þá kom munnl. breytingartill. frá K. Á. studd af J. S. Bæ "að tveim mönnum verði bætt við í nefndina, og nefndin stingi upp á öðrum!!"

Till. var samþ.

Var þá stungið upp á formanni fjel. og nefndi hann til samstarfs Jósafat Sigfússon.

6. Formaður fjel. mintist á hvort ekki væri tiltæki legt að haldin yrði innlekta skemtun fyrir fjel. nú í vetur. Bað hann fundarstjóra að bera það upp og var það þegar samþ. Var þá kosin nefnd til að starfa fyrir þetta mál og hlutu kosningu þeir: Árni J., Kristján K., Ingólfur Þ. Þegar hjer var komið var fundartími nálega útrunninn, nefndi formaður því starfsmenn til næsta fundar. Til fundarstjóra: Jósafat Sigfússon

— Ritarar: Sig. Tómasson Sigm. Baldvinsson

Málshefjan: Björn J. Hóli, Björn J. Hofsósi, Þorsteinn Bæ

Ritnefnd: Kristján K., Lárus Þ. Guðm. Sigmundsson.

Skemtun: Björn J. Hofsósi, Guðb. K. Harald Hjálmarsson

Málshefi frá Steinþóri Jónssyni (Fatnaður Íslendinga)

Fleira ekki tekið fyrir

fundi slitið

Ásta Kristinsdóttir
fundarstjóri

Jóhanna Jónsdóttir
Jóhannes Stefánsson
ritarar

# Fundargjörð.

Árið 1926 sunnud. 24/3 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Óskað Þórður Friðbjarnarson inngöngu í fjel. og var það samþ. Einnig var borið undir fundinn hvort Steinunn Hjálmarsdóttir mætti sitja á fundi og var það leift.

2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi borin upp og samþ.

3. Ritstjóri Fjelagsins var ekki mættur og las Kristján Á. upp það, sem hann hafði fram að færa.

4. Árni Jóhannsson las upp svohljóðandi nefndarálit frá nefnd þeirri er kosin var til að athuga möguleika á að gjöra skemtun fyrir fjel.

„Nefndin leggur til að reynt verði að halda skemtun á sumardaginn fyrsta til inntekta fyrir U. M. F. H. Eftir þeim upplýsingum sem nefndin hefir aflað sjer, þá álítur hún það framkvæmanlegt, með því að fjel. menn skorist ekki undan þeim störfum, sem þeim yrði falið að inna af hendi."

Árni Jóhannsson

Kristján Ágústsson Ingólfur Þorleifsson

Var það borið upp og samþ. Kom þá svohljóðandi tillaga. „Fundurinn samþ. að nefndin kjósa skemtinefndina, og hún sjái um allar framkvæmdir á málinu."

Guðberg Kristinsson studd. af Jósafat Sigfússyni

5. Árni J. las upp nefndarálit frá nefnd þeirri er áður hafði verið kosin til að athuga húsbyggingarmál U. M. F. H. Urðu um það talsverðar umræður, þó allir, sem til máls tóku yrðu á eitt sáttir með að reynt yrði að byggja, nema Árni J., sem taldi marga agnúa á að lagt verði út í það.

6. Fundarstjóri skrifaði upp nöfn viðstaddra fjelaga til að fá uppgefinn dagsverkafjölda hjá hverjum einum, sem hann ætlaði sjer að gefa í vinnu við húsbygginguna. Og eru þau hjer upptalin.

1. Kristján Ágústsson 6 dagsverk.
2. Haraldur Hjálmarss. 6 —"—
3. Björn Jónsson Hofsós 6 —"—
4. Guðm. Sigmundsson 5 —"—
5. Baldvin Ágústsson 5 —"—
6. Jóhannes Stefánsson 5 —"—
7. Guðberg Kristinsson 5 —"—
8. Jósafat Sigfússon 5 —"—
9. Þórður Friðbjarnarson 4 —"—
10. Egill Kristinsson 4 —"—
11. Ingólfur Þorleifsson 4 —"—

12. Gunnlögur Einarsson 4 dagsverk
13. Sigurður Tómasson 4 — " —
14. Steinþór Jónsson 4 — " —
15. Björn Jónsson Stóli 4 — " —
16. Hjálmar Pálsson 4 — " —
17. Konráð Jóhannsson 4 — " —
18. Árni Jóhannsson 4 — " —
19. Ásta Kristinsdóttir 4 — " —
20. Kristín Kristinsdóttir 4 — " —

Samtals 91 dagsverk.

7. Árni Jóhannsson tók til máls og las upp áætlun af húsi, sem hann hafði hugsað sjer með ódýrara fyrirkomulagi en hin fyrri áætlun.
Um það var ekki rætt á fundinum. Kom þá svohljóðandi tillaga.
"Fundurinn samþ. að reynt verði að koma upp húsi á næsta vori svo framarlega sem kostnaður á öllu byggingarefni samlagt verði ekki hærra en 4500,00 kr. (Fjögur þúsund og fimmhundruð krónur) og sje kosin nefnd í því máli."
Árni Jóhannsson studd af G. Kristinssyni.
Munnl. tilh. frá Baldvin Ágústssyni að húsbygginganefndin væri endurkosin. Var það borið upp og samþ. Svohljóðandi till. kom frá Guðberg Kristinss.
studd af Guðm. Sigmundssyni:
"Fundurinn samþ. að kjósa 3ja manna nefnd til þess að leita samskota utanfjelags."
Var hún borin upp og samþ. Kosningu hlutu þeir:
Guðberg Kristinsson, Árni Jóhannsson, Jóhannes Stefánss.
8. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Björn Jónsson Stofnár
ritarar Björn J. Stóli Jóhannes Stefánsson
ritnefnd Hjálmar Pálsson, Steinunn Ágústsdóttir
Ásta Kristinsdóttir
Skemtinefnd Björn Jónsson Haraldur Hjálmarss.
Jóhannes Stefánsson
Í lok fundarins las Guðberg Kristinsson upp kvæði.
Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið.

Jósafat Sigfússon
fundarstjóri

Stefán Guðmundsson
Sigurður Tómasson
ritarar.

## Fundargjörð

Árið 1926 á Skírdag var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjulegum stað en byrjaði óstundvíslega. Mættir voru 16 fjelagar.
Fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri

Björn Jónsson Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundarstjóri gat þess að fundarskrifarar frá síðasta fundi hefðu ekki verið búnir að semja fundargjörðina og því væri ekki hægt að hafa hana til meðferðar.
2. Lesinn upp „Fjelaginn".
3. Fundarstjóri minntist á að framsögum. á málinu „Huldufólk" væri ekki mættur og hefði falið formanni fjel. framsögu á málinu, og væri rjett að bera það undir fundinn hvort ætti að taka það til umræðu nú; voru sumir, sem vildu láta málið bíða þar til framsögum. væri mættur, en aðrir, sem vildu láta ræða það nú.

Samþ. var því að taka málið til umræðu þar sem önnur mál voru ekki fyrir hendi.

4. Árni Jóhannsson lagði málið fyrir fundinn, og sagði hann að tilganginn hefði verið sá að skifta í flokka og yrðu tveir foringjar væri þetta gjört til þess að fá alla til að tala.

Munnleg till. frá framsögum.

„Fundurinn samþ. að fundarmönnum verði skift í tvo flokka, ~~ekki~~ annar en hinn verji."

Litlar umræður urðu um till. var hún síðan borin upp og feld með 3 atkv. gegn 1. Framsögum. kvaðst nú lítið vera inn í dulspeki, en þó sagði hann að öll hefðum við lesið mikið af huldufólkssögum, og hefði það komið fyrir nú á síðari árum að fyrirbrigði hefðu sjeðst, sem ill mundi vera að hrekja, óskaði hann að sem flestir tækju til máls og ef einhverjir væru því mótfallnir að það væri til mundu með því skýrast umræðurnar.

Jóh. Stefánsson var þessu mótfallinn frá upphafi áleit að ekkert huldufólk væri til, og að þessar sögur, sem um það gengju mundu á komandi tímum verða skýrðar fyrir almenningi og þá leiddist það í ljós að þeir, sem þeim fylgdu hefðu verið lítið að stritjast.

Baldvin Á. sagði að ábyggilegt væri að huldufólk væri til og ekki væri hægt að hrekja það þegar menn sæu það með berum augum eins og hann sjálfur hefði sjeð. Sagði hann sögu, sem ætti að sanna mál hans.

Jóh. Stefánsson sagði að ekki væri rjett að segja að þetta og hitt væri ábyggilegt og þá síst um þetta mál því en væri það ósannað mál að huldufólk væri til og á sögunum, sem síðasti ræðumaður hefði sagt væri lítið og ekkert að græða.

Þorsteinn Stefánss. kvaðst ekki trúa því að til væri huldufólk en sterk trú gæti komið ýmsu til leiðar

en aftur á móti sagðist hann trúa því að til væru svipir.

Björn Jónsson kvaðst altaf hafa verið því mótfallinn að huldufólk væri til og bústaðir þess í holtum og hæðum sagðist hann halda þeirri skoðun að það væri ekki til, fyr en búið væri að skýra það betur fyrir sjer.

Steinunn Ágústsdóttir sagði að það væri aldrei hægt að telja sjer trú um til væri huldufólk, aftur á móti svipir án þess þeir fylgdu nokkrum sjerstökum, sagðist hún annars lítið hafa um þetta að segja.

Kristján Á. áleit að orðið huldufólk væri nokkurð víðtækt og gæti átt við dauða menn, sem væru hjer á sveimi. Fór hann um það fleiri orðum, en með hverju hann mundi vera eindregið gaf hann ekki upp.

Baldvin Á. sagði draum, sem hann dreymdi í Málmey til að sanna sitt mál.

Steinn Jónsson sagðist geta hugsað sjer að draumur Baldvins hefði komið til af því að hann hefði fengið eftirþánka af verkum sínum og taldi hæpið að menn svöruðu orði til orðs í draumi.

Vilhelm Jónsson kom með dæmi því til sönnunar að huldufólk væri til.

Þórsteinn St. sagðist álíta að málið mundi ekki verða skýrt betur og langt liðið á fundartímann væri því best að taka málið út af dagskrá.

Árni J. sagði að það væri með þetta mál sem önnur að þau væru ætíns ráðd til að skylta linann; kvaðst hann aldrei hafa sjeð huldufólk sjálfur, en margar sögur væru til um það og væri ekki rjett að rengja þær, ef menn tryðu orðum nokkurs manns, í þessu sambandi mintist hann á álagablettir og huldulækninum fyrir norðan.

Björn J. Hofsós áleit það einkennilegt að allar þessar sögur kæmu aðeins frá eldra fólki, en við yngri kynslóðin yrðum aldrei vör við neitt og væri það sönnun þess að það væri ekki til. Sagðist hann álíta að þó menn yrðu varir við eitt hvað þá væri ekki auðvelt að dæma hvað það væri.

Að umræðunum loknum var málið tekið út af dagskrá.

5. Þorsteinn Stefánsson lagði fram málefni og var það kaup á harmoniku taldi það óhæft að hafa þessa í framtíðinni og vildi heyra undirtektir fundarmanna um hvað þeir vildu í þessu máli.

Kristján Á. taldi stóra nauðsyn fyrir fjel. að eiga harmoniku og þar, sem þessi væri illa nothæf þyrfti að kunnast að niðurstöðu hvorju ætlu að annast kaup á nýjri og hvort það ætti að vera stjórnin eða einhverju

ætri. Björn Jónsson Hofsós sagðist vera því alveg mótfallinn að keypt yrði dýr harmonika og sagðist álíta að ef þessi hefði aldrei verið lánuð, mundi hún hafa endst einu til tveim árum lengur.

Tillt. kom frá Arna J. um að fresta málinu til næsta fundar. Samþ.

Randver S., sem verið hafði í málefnanefnd skilaði af sjer og var málefni frá honum. Sund

6. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Sigurður Tómasson
Málefnanefnd B. J. Hofsós, B. J. Hóli, Baldvin Á.
Ritnefnd Þorsteinn St., Randver S., Steinþór Jónsson.
Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið.

Björn Jónsson Hofsós
fundarstjóri

Sigmundur Baldvinsson
Johannes Stefánsson
ritarar.

Árið 1926 sunnud. 18. apríl var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað en byrjaði óstundvíslega.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð frá 21. mars 1926 og var hún samþ.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ.
3. Tekið til umræðu harmoniku málið. Frsm. Þorsteinn Stefánsson Bæ, gat hann þess að harmonikan, sem fjel. ætti nú væri þegar ónýt og alt útlit fyrir að hún mægði ekki fjel. næsta ár og lægi því ekkert annað fyrir en annaðhvort kaupa harmoniku eða eiga hana vísa að láni hjá Jósafat Sigfússyni í Gröf. Gat Jósafat þess að hann mætti leita harmoniku laus nú sem stæði af þeirri ástæðu að hann væri nýbúinn að fá sjer þrjefalda harmoniku og væri óvanur við að spila á hana og mundi þarafleiðandi ekki spila á hana fyrir dansi. Einnig mintist hann á að hann hefði selt Sigurjóni í Kolkuós sína harmoniku en þó með þeim skilmálum að ef fjel. vildi fá hana keypta þá sæti það fyrir kaupunum á henni, en ákveðið svar þyrfti hann að fá á þessum fundi

hvort fjel. vildi sitja fyrir kaupum á henni eða ekki. Um þetta mál urðu töluverðar umræður vildu flestir af fundarmönnum, sem töluðu í málinu að gert yrði nýj harmoniku kaup.
Björn J. Hofsós var því mótfallinn að keypt yrði ný harmonika, áleit nóg með peningana að gera eins og sakir stæðu, það, sem við hefðum ekki úr svo miklu fje að dreifa, vildi láta aðra gera harmoniku kaup og fá hana lánaða það, sem fjel. þyrfti á næstkomandi vetri.
Jóhannes S. Bd tók í sama strenginn áleit okkur ekkert knúða til að ráðast í þessi kaup.
Kristján K. tók til máls og áleit að þegar menn hefðu lítið fje handa á milli þá væri um að gera að verja því sem skinsamlegast, og áleit ekki hægt að verja fje í þarfara fyrirtæki en harmoniku kaup. Að þessum umræðum loknum kom svohljóðandi till. „Fundurinn leggur til að keypt verði harmonika í sumar.“ Þorsteinn S. Bd studdingsm. Árni J. Straumi. Till. borin upp og samþ. með 10 gegn 2ur atkv. Þorsteinn Bd hvatti helst vilja fela stjórn fjel. að sjá um framkvæmdir á málinu. Jóh. S. Bd. sagðist vera því algjörlega mótfallinn að það yrði stjórnarverk. Kristján K. þótti það skrítið af einum stjórnarmanninum að hann skyldi koma með þessa vitleysu, því það væri stjórnin, sem ætti að sjá um framkvæmdir í svona málum. Munnl. till. kom frá Þorsteini S. Bd „að fela stjórn fjel. umsjón á harmonikukaupum.“
Till. var samþ. með 7 atkv. gegn 1.
Málefnanefnd skilaði af sjer Baldvin A.
„Skemtiferð til Husklinjuks“: Björn Jónsson Hóli.
„Hverjar eru bestar og þjóðlegastar byggingar í sveitum á Íslandi.“ Björn J. Hofsós „Hvað er fært og hvað er ófært?“
Þar næst skipaði formaður fjel. starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Björn J. Hóli, og nefndi hann sjer til ritara Harald Hjálmarsson og Þorstein Stefánsson Bd.
Ritnefnd til næsta fundar Sigm. Baldvinsson, Guðberg Kristinsson og Sigurð Tómasson.
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Sigurður Tómasson.
fundarstjóri

Björn Jónsson Hofsós
Guðm. Sigmundsson
ritarar.

## Fundargjörð.

Árið 1926 miðvikud. 28. apríl var aukafundur haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað, en byrjaði kl. 4 síðdegis.

Hinn kjörni fundarstjóri Björn Jónsson Hóli var ekki mættur og skipaði formaður fjel. því Konráð J. Straumi til að stýra fundinum, en hann skipaði aftur annan ritara Guðberg R. Hólakoti í stað Þorsteins S. Bd. er eigi var mættur á fundinum.

Á fundinum sátu 20 fjel. menn.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesið upp úr fjelaganum.
2. Formaður lagði fram til athugunar reikninga yfir tekjur og gjöld af skemtisamkomu er U.M.F.H. hjelt á sumardaginn fyrsta 1926. Hafði enginn neitt við þá að athuga, voru þeir því bornir upp og samþ. með öllum greiddum atkv.
3. Form. skýrði frá að hann hefði fengið tilkynningu um að halda ætti sambandsfund ungmennafjel. á Sauðárkróki 2. maí, og það lægi því fyrir þessum fundi að ræða og taka ákvörðun um hvort senda ætti fulltrúa 1 eða fleiri á hann. Þá tók til máls

Björn Jónsson Hofsós og sagði að það mundi verða nóg að senda 1 fulltrúa. Guðberg R. sagði að það væri full lítið að senda aðeins einn, sagðist hann leggja til að sendir yrðu tveir. Form. fjel. sagði að sjer fyndist nóg að senda einn því einn mundi áorka jafnmiklu og tveir, og í öðru lagi vegna þess að einn maður mundi fara með kr. 15,00 í minsta lagi og tveir því með kr. 30,00 og það væru of mikil útgjöld fyrir fjel. Ingólfur Þ. stakk upp á að senda engan fulltrúa; en móti því voru allir, sem töluðu. Þá sagði Ingólfur að sjer hefði dottið önnur leið í hug, og sú væri að kjósa 5 fulltrúa og að þeir færu sjóleiðis á sunnudagsmorguninn. Ræddu menn þá leið á málinu dálítið en flestir móti.

Steinunn Ágústsdóttir sagðist vera því fylgjandi að sendur yrði einn fullt. landveg. Hjálmar P. var á sama máli og stakk hann upp á því að form. fjel. yrði sendur til þessa starfa. Þá kom fram svohljóðandi till. frá Arna J. Straumi „Fundurinn samþ. að sendur sje 1 fulltrúi á „sambandsfund ungmenna fjelaga á S.króki: Studd af Jósafat S. Gröf. Áður en hún var borin upp kom breytingartill. frá Guðberg R. studd af Haraldi

„Fundurinn samþ. að senda hjeð 2 fulltr. á „Sambandsþing ungmennafjel. á Sauðárkróki 2. „maí. Þá var br. till. borin upp og feld með 13–3 atkv. Var þá aðaltill. borin upp og samþ. með 14–3 atkv. Þá var gengið til fulltr. kosninga og hlaut kosningu Árni J. Hrauni með 14 atkv., til vara Guðberg K. með 2 atkv.

4. mál. Form. fjel. sagði að sjer fyndist rjett að halda næsta fund 3ja sunnudag hjer frá t.d. 16. maí. Baldvin J. sagðist vera því mótfallinn að fundard. yrði færður, því það lægju mörg nauðsynjamál fyrir til umræðu, t.d. málið frá sjer. Jósafat S. gerði fyrirspurn um hvort ekki mætti taka það mál til meðferðar nú. Guðberg K. sagðist vera því mótfallinn að fundurinn yrði lengdur meir, því úti biðu skólabörnin eftir húsinu, til að æfa söng í því, og það sæti síst á ungmennafjel. að vera þeim þröskuldur í vegi með lærdóm undir vorpróf það er nú fer í hönd. Sagðist hann ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að halda fund næstkomandi sunnud. eins og búið hefði verið að ákveða. Þá kom fram till. frá Árna J. studd af Hjálmari P. „Fundurinn samþ. að halda næsta fund 3ja sunnud. hjer frá." En áður en hún var borin upp kom fram svohljóðandi br. till. frá Guðberg Kr. studd af Haraldi H. „Fundurinn samþ. að halda næsta fund á sunnud. kemur og svo úr því eins og lög fjel. kveða á um." Var þá br. till. borin upp og feld með 9 atkv. gegn 6. Þá var aðaltill. borin upp og samþ. með 12–6 atkv.

5. mál. Ingólfur Þ. gat þess að nú væri kominn tími til að fara að hugsa eitthvað um garðinn t.d. stinga hann upp. „En vanta mun áburð í garðinn" sagði hann „því sá er fratkastur var að bjóða áburð í vetur gefins hefir ekki komið með eitt einasta hlass enn." Björn J. Hofsós sagði að ekki mundi þurfa að ræða þetta hjer, því hann hefði meir en nógan áburð er hann skildi gefa í garðinn, en hann væri í vandræðum að koma honum inneftir í hann. Þá kom fram svohlj. till. frá Guðberg K. studd af Konráði J. Hrauni. „Fundurinn samþ. að slíta fundi undir eins." Áður en till. var borin upp nefndi formaður starfsmenn til næsta fundar. Til fundarstjóra: Hjálmar Pálsson og nefndi hann sjer til ritara þá Björn J. Hofsós og Steinþór Jónsson.

Ritnefnd: Jósafat Sigfússon, Steinþór Jónsson og Guðberg Kristinsson. Málefnanefnd og skemtinefnd ekki skipaðar. Þá var till. borin upp og samþ.

Þá bað Jósafat S. um orðið og sagði að sjer kæmi það undarlega fyrir sjónir að samþ. væri að slíta fundi áður en ákveðið væri hvernig koma ætti áburði þeim í garðinn er Björn J. Hofsós ætlaði að gefa.
Árni J. sagðist vona að B. J. útvegaði menn til að koma áburðinum inneftir.

Fleira ekki fyrirtekið á fundinum og sagði þá fundarstjóri fundi slitið.

Konráð Jóhannsson
fundarstjóri

Guðberg Kristinsson
Haraldur Hjálmarsson
ritarar.

# Fundargjörð

Árið 1926 sunnud. 16. Mai var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjul. stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Lesin upp fundargjörð frá 18. apríl, urðu um hana dálitlar umræður en var að síðustu samþ. með 4 gegn 2 atkv.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ. án breitinga.
3. Lesinn upp Fjelaginn.
4. Árni J. Hrauni skýrði frá því, sem gjörst hefði á sambandsfundi á Sauðarkróki, sem þá var nýafstaðinn. Sagði hann þess einnig að hann gæti ekki lækkið minna fyrir ytirum ferðina en Kr. 15,00
5. Kristján Á. mintist á að stjórnin hefði fram kvæmt harmoníku kaupin, eins og henni hefði verið falið að gera. Hefði hún fengið mann til að líta á hana, og hefði hann ekki fundið neina galla á henni. Líka mintist hann á að nú á þessum fundi yrðum við að ráðstafa gömlu harmóníkunni og hvorju ætti að sjá um sölu á henni. Till. kom frá Birni J. Bæ studd af Birni J. Hofsós.
„Fundurinn samþ. að stjórn U. M. F. H.
„selji og ráði verði á hinni gömlu harmó-
„níku fjel.
Till. borin upp og samþ.
6. Form. fjel. hvatti ekki geta mætt á fyrstu fundum fjel. á komandi hausti og mæltist hann til að Björn J. Bæ tæki við formannsstöðunni af sjer í húsbyggingartíðinni því hann væri málinu svo kunnugur.

Björn Jónsson Bæ gjörði fyrirspurn til formanns:
1. Hvort ákveðið ætti að byggja húsið.
2. Hvenær ætti að byrja á verkinu.
3. Hvar húsið ætti að standa.
Leysti form. úr þeim spurningum en B. J. þakkaði fyrir upplýsingarnar, og vildi láta ekkert fá málfunda fjel. Hofshrepps til að vinna meira fyrir málið en það hefði þegar gert.
7. Ákveðið að halda einn fund en fjórða sunnud. hjer frá
8. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Guðberg Kristinsson
ritarar Konráð J. Straumi, Sigurður Tómasson
ritnefnd Björn J. Bæ, Hjálmar Pálsson, Árni Jóhannsson Straumi.
Engin mál framnefnd kosin fyrirliggjandi mál látin bíða.
Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið.

Hjálmar Pálsson
fundarstjóri

Jóhannes Stefánsson
Björn Jónsson Hofsós
ritarar.

# Fundargjörð.

Sunnud. 31. október 1926 var fundur settur og haldinn í U. M. F. H. á venjul. stað og tíma. Hinn kjörni fundarstjóri var ekki mættur, og nefndi form. til fundarstjóra Björn J. Hóli
Gjörðir fundarins voru.
1. Jón Kjartansson óskaði eftir inngöngu í fjel. og var það samþ.
2. Fundargjörð frá síðasta fundi var ekki til, og fjelaginn kom ekki út, og var því lítið um upplestur.
3. Form. las upp brjef frá U. M. F. Tindastóll á Sauðárkróki, sem var um þátttöku í íþróttaæfingum sem kendar yrðu þar í fjel. frá 1. til síðasta nóvember, kennari B. J. Bæ. Þátttakendur áttu að gefa sig fram við stjórn U. M. F. T. eða kennarann. Kenslugjald fyrir utan fjel.-menn kr. 20,00, auk þess mundi fást tilsögn í glímum gegn aukagjaldi.
4. Form. las upp brjef frá Ungmennasambandi Kjalarnessþings.
6. Þriðja brjefið las form. upp var það frá U. M. F. „Afturelding", var það um mikils varðandi mál og var því þegar frestað til næsta fundar, svo menn

væru málinu kunnugri, enda fremur fáir á fundi.
6. Form. kom með Steinþóra og vildi að þeir, sem gerðust kaupendur að honum tækju hann þá á fundinum.
7. Form gat þess að húsið fengist fyrir sama gjald sem að undanförnu, en hve gerði það hreint væri ekki ákveðið.
8. Einnig fór form. nokkrum orðum um dómnefnd fjel., og sagði að ef fjel. ætti að þrífast þyrfti dómnefndin að vera vel skipuð, svo hún gæti dæmt lagabrot fjel.manna. Urðu um málið nokkrar umræður og voru allir því sammála að hafa eftirlit með að lögum fjelagsins væri hlítt
9. „Fatnaður Íslendinga" framsögum. Steinþór J. lagði hann málið fram á fundinum, og gat þess hvort það væri leiðin lagt fyrir okkur að klæðast þunnum og örþunnum fataefnum aðfluttum en hafa nóg af haldbetri og hlýrri fataefnum, sem flutt væru út úr landinu (sem sje ullina) Um málið urðu nokkrar umræður, en langt liðið á fundartímann. Kom munnl. till. frá form. studd af Konráði Jóhannssyni svohljóðandi. „Fundurinn leggur til að málið verði tekið út af dagskrá. Till. borin upp og samþ.
10. Starfsmenn nefndi formaður til næsta fundar til fundarstjóra Björn Jónsson Hofsós og nefndi hann til ritara Steinþór og Geirmund Jónssyni Grafargerði. Í málefnanefnd Jóhann Eiríksson, Kristján Ágústsson, Ingólf Þorleifsson. Ritnefnd. Jóhannes Stefánsson, Björn Jónsson Hóli, Hjálmar Pálsson. Skemtinefnd. Jóhann Eiríksson, Þorsteinn Stefánsson, Björn Jónsson Hóli.

Fleira gerðist ekki á fundinum
fundi slitið.

Björn Jónsson Hóli
fundarstjóri

Sigm. Baldvinsson
Baldvin Kristinsson
ritarar.

## Fundargjörð.

Sunnud. 14. nóv. 1926 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað en byrjaði óstundvíslega. Fundinum stjórnaði hinn kjörni fundarstjóri Björn Jónsson Hofsós.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ. án breytinga.

2. Lesin upp fundargjörð frá 16 Mai 1926 og samþ.

3. Þar, sem ekkert málefni lá fyrir fundinum, hvað fundarstjóri orðið frjálst ef einhver hefði málefni fram að færa.

Baldvin Á. vakti máls á að ekkert væri til af eldneyti, væri því æskilegt að taka það mál til umræðu. Nokkrir tóku til máls og flestir fjellust á að það væri í stjórnarinnar verkahring að athuga það. Kristján Á. var en ekki kominn, og því ekkert samþ. í málinu.

4. Guðberg K. lagði fram málefni þess efnis að haldin yrði skemtisamkoma til inntekta fyrir fjel., um eða eftir jól. Sigurður Jónsson stóð upp og kvaðst vera málinu mótfallinn. Ekki af því að hann vildi fjel. illa, heldur vildi hann hlífa því við bakstölum og því hnútukasti er að því hefði verið hent í fyrra fyrir að bjóða fólki ómerkilega skemtun í litlum húsum.

Kristján Á. lýsti því yfir að þetta mál þyrfti að vera vel hugsað áður en komið væri með það á fund svo fundurinn gæti tekið ákvörðun í málinu. Að endingu hvað hann nauðsyn að taka upp eldiviðarmálið, því margir væru með innvortis hita í þá átt ef ekki kæmi að hann rabaði út.

Till. kom í skemtimálinu frá Birni Jónssyni studd af Jóhannesi Stefánssyni svohljóðandi:

„Fundurinn samþ. að haldin sje inntekta
„skemtun fyrir U.M.F.H. svo fljótt sem tök eru
„á.

Urðu nokkrar umræður um till. og var hún svo samþ. með 10 gegn 1. atkv.

Munnl. till. kom frá Guðberg K. studd af Sig. Tómassyni svohljóðandi:

„Fundurinn leggur til að kosin verði 3ja manna
„nefnd til að gjöra það, sem hægt er fyrir málið.

Samþ. með 5 gegn 1 atkv.

Kom till. frá Kristjáni Á. studd af Jóh. Sigfússyni svohljóðandi:

„Fundurinn samþ. að framsögum. í skemtimálinu
„verði sjálfsagður formaður skemtinefndarinnar
„og hann nefni næsta mann og hann aftur
„þann þriðja.

Till. var borin upp og samþ. með 10 atkv. gegn 1.

Nefndi framsögum. Jósafat S. en hann sagðist ekki geta sint því vegna anna, en bað framsögum. að leifa sjer að nefna manninn, og fjekkst leifið.

Nefndi hann þá Björn Jónsson Hofsós og hann Björn Jónsson Bd. Jóh. Sigfússon bað sjer hljóðs og kvaðst hafa talað við mann í sumar, sem flutti fyrirlestra fyrir U. M. F. Hunvetninga. Sagði hann að hann mundi fást hingað fyrir Kr. 20.00 Kvað hann óþarft að nefna manninn en sagðist gjarnan vilja gefa nefndinni frekari upplýsingar ef hún æskti þess. Var svo málið tekið út af dagskrá

5. Aftur var vakið máls á eldsneytismálinu, því var skotið fram að æskilegt væri að stjórnin lýsti því yfir hvað hún hefði gert í málinu. Kristján Á. sagði að hann hefði reynt að fá Kol frá Siglufirði; og hjá þeim mönnum, sem Kol hefðu fengið hjer í Hofsós, en ekkert orðið ágengt. Kvað hann það neyðarlaust að hita upp með mó, sem fjel. menn legðu til af fúsum vilja. Kom þá till. frá Jóh. Sigfússyni studd af Guðberg K. svohljóðandi:

„Fundurinn leggur til að fjel. menn leggi til „eldsneyti í ofninn í vetur þangað til „eitthvað rætist fram úr, undir stjórn gjald„kera.

Till. var samþ. og málið þar með tekið út af dagskrá

6. Málefni var ekkert til frá málefnanefnd. En Kristján Á. sagði það ekki ótilhlýðilegt að gömul mál, sem lögst væru í gröfina og sem væru þess verð að þau væru rædd yrðu vakin upp, og kvaðst hann ætla að taka traustataki á máli Björns Jónssonar Hóli: „Hvejar eru þjóðlegastar og bestar byggingar á sveitabæjum.“?

Guðberg K. lagði fram málið. „Hvort er betra að hafa of mikið eða of lítið sjálfstraust.“?

7. Formaður fjel. var ekki mættur, og nefndi því gjaldkeri fjel. K. Á. til fundarstjóra á næsta fundi Jórunni Jónsdóttur og hún til ritara Kristbjörgu Árnadóttur og Jóh. Sigfússon. Málefnanefnd endurkosin og Sigurði Jónssyni bætt við. Ritnefnd endurkosin.

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Björn Jónsson Hofsós
fundarstjóri

Steinþór G. Jónsson
Geirmundur Jónsson
ritarar.

# Fundargjörð.

Árið 1926 sunnud. 29. nóv. var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað en byrjaði óstundvísl. Mættir voru 30 fjel.menn.

Gjörðir fundarins voru.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ. án breitinga.
2. Lesinn upp fjelaginn.
3. Kristinn Erlendsson gekk í fjelagið.
4. Tveir utan fjel.menn sátu á fundinum, þeir Pjetur Jónsson og Jón Guðmundsson.
5. Formaður las upp brjef frá U.M.F. Afturelding. Efni og innihald þess var að fá okkur sem önnur fjelög til þess að gjöra tilraun til að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum, var í því sambandi minst á fjárframlag sem óhjákvæmilegt hjálparmeðal til að hrinda þessu máli lengra áleiðis. Um málið urðu miklar umræður, og dálitill misskilningur kom fram en sem ekki snerti efni brjefsins. Formaður vildi láta svara þessu brjefi nú þegar taldi hann drátt á því ekki nema til ills eins, og þar sem að brjefið hefði áður verið lesið upp og menn þaraðleiðandi haft nagantíma til umhugsunar, gætu menn á þessum fundi ráðið fram úr hvað gera skildi. Einnig áleit hann nóg að einn maður svaraði brjefinu.

Flestir voru þessu mótfallnir bæði af þeirri ástæðu að þeir töldu málið ekki liggja svo opið fyrir sjer og sögðust ekki sjá að nein fljótaskrift á þessu væri nauðsynleg. Vanalegt væri að kjósa nefnd í málin og sú nefnd legði svo fram nefndarálit á næsta fundi á eftir. En allir voru sammála um að eitthvað þyrfti um vert fyrir málið að gera.

Formaður gerði dálitla breitingu við þann lið brjefsins, sem um fjárframlagið ræðir og var hún í þá átt að fjársöfnunin yrði ekki sem sjálfstæð heldur gengi til að lækka verði ræktunarsjóðs að einhverju leiti. Urðu um þessar breitingar litlar umræður.

Till. kom frá Jósafat Sigfússyni studd af K. E. svohljóðandi:

„Fundurinn samþ. að kosin verði þriggja manna
„nefnd, til þess að koma með nefndarálit á
„næsta fund sem var upp á brjef frá U.M.F.
„Afturelding.

Till. var borin upp og samþ. Önnur till. kom sem var frá form. fjel. studd af Birni Jónssyni Hóli.

„U.M.F. Höfðstrendinga samþ. að leggja
„fram árlega 50–100 kr. í samræmi við
„hugmynd U.M.F. Aftureldingu, en þó með
„eftir töldum skilyrðum. 1. Að sjóðsöfnunin
„yrði ekki sem sjálfstæð, heldur gengi til að
„lækka veit. rekstunarsjóðins að einhverju leit.
„2. og að þeir einir gætu notið þeirra hlunninda
„sem væru eða hefðu verið fjelmenn.
Um till. urðu töluverðar umræður og þótti
sumum hún vera nokkuð á eftir tímanum,
því ætti hefði verið að hún hefði komið á undan
áður nefndri till. Var hún síðan borin upp og
samþ. með 12 atkv. gegn 11.
Þar næst fór fram kosning á þeim þrem mönnum
sem áður er um talað.
Formaður flutti munnl. till. studda af Jósafat S.
um að Kristinn E. yrði fyrsti maður í nefndina
og hann kysi annan og hann aftur þann þriðja.
Till. var samþ. Kristinn nefndi form. fjel. sem
annan mann, en hann svo aftur Jósafat S.
Að þessu loknu var málið tekið út af dagskrá.
6. Þorsteinn Kristinsson gekk í fjelagið.
7. Björn Jónsson Hofsós mintist á hvernig haga ætti
meðferð á harmóniku fjel. framvegis, hvort við

ættum að lána hana áfram fyrir 75 aura á tímann
að lækka gjaldið og vildi hann heyra álit manna
um það. Voru flestir samdóma um að þetta gjald
væri of lágt og rjett væri því að hækka það upp í
1,00 kr. á tímann. Svohljóðandi till. kom frá form.
fjel. studd af Jósafat Sigfússyni
„Fundurinn samþ. að harmonika fjel. verði því
„aðeins lánuð utanfjel. að einhver fjel. maður
„spili á hana, og gjald fyrir hana sje 1.00 kr.
„á tímann, og að hún sje ei lánuð til nokkurra
„utan Hofsós
Tillagan var síðan borin upp og samþ.
8. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri. Jósafat Sigfússon
Ritarar. Þorsteinn Kristinsson, Sigm. Baldvinsson
Málshefjan. Jóhann Eiríksson, Ingólfur Þorleifsson
og Sigurður Jónsson.
Ritnefnd. Geirlaug Jónsdóttir, Kristín Kristinsd.
og Pála Árnadóttir
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Jónanna Jónsdóttir
fundarstjóri

Jóhann Sigfússon
Jóhannes Stefánsson
ritarar.

# Fundargjörð

Sunnud. 12/12 1926 var fundur settur og
haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru.
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi; og
samþ. án breitinga.
2. Kristinn Erlendsson las upp nefndarálit frá
nefnd þeirri er kosin var á síðasta fundi til að
svara bjefi frá U.M.F. „Aftureldingu".
Nefndarálitið hljóðar þannig.
Sunnud. 28/11 1926 var fundur haldinn
í U.M.F. Hörðstrendinga. Á dagskrá var bjef frá
U.M.F. Afturelding, hafði bjefið verið lesið upp
á fyrsta fundi í fjel. í vetur 31/10 1926, en ekki
rætt. Eftirfarandi línur segja frá gjörðum
fundarins viðvíkjandi bjefinu. Segja má að all-
flestir meðlimir fjel. voru U.M.F. Afturelding sam-
mála og mjög þakklátir fyrir hugmyndina vilja
reynast hugsjóninni trúir, verja og fylgja hug-
myndinni hvenær sem þörf gerist. En þó meiri
partur fjel. manna voru hugmyndinni sammála
þá voru nær allir fyrirkomulaginu ósammála.
Af þeim ástæðum kom fram breitingar tillög. við
aðalhugmyndina, og málið þaraflaiðandi rætt á

töluvert öðrum grundvelli en U.M.F. Afturelding lagði
til, í þeirri von að allar breitingar, sem málið tekur
til bóta í meðferðinni verði þakksamlega teknar
til greina, og það besta af till. svo aftur borið undir
U.M.F. víðsvegar út um landið til samþ.
Sendum við ekki neitt bindandi svar fyr en við
höfum fengið að heyra hvernig önnur U.M.F. taka í
málið. Þeir gallar, sem aðallega fældu fjel.menn
frá að fylgja till. bjefsins að öllu leyti; voru þessir
helstir 1. Vansé fjársöfnunin of há sem ætluð er
hverju fjel. fyrir sig, því þar eð mörg fjelögin eru en
á æskuskeiði og þrungin eldheitum áhuga fyrir sín-
um eigin áhugamálum, eiga mörg þeirra fjár-
hagslega í vök að verjast; er því hætt við að nefnd
upphæð 200.00 til 1000.00 Kr. yrði til að hnekkja
starfsemi þeirra að einhverju leiti en það má ekki
verða. 2. Að sára fáir njóta verðlaunanna, að
það eitt yrði til að fjarlægja menn hugmyndinni.
3. Margir fleiri stæðu á verðlaunin en fengju þau
og yrðu fyrir sárum vonbrigðum, og lentu ef til
vill þess vegna í meiri fjárhagsvandræðum en ella
hefði orðið, en það yrði til þess að þeim gremdist
við stofnunina og spillti fyrir hugmyndinni.
4. Að verðlaunin eru of hátt ætluð hverjum einstökum

því það af leiddi að þeir gætu fengið verðlaunin. Þetta
yrði með öðrum orðum nokkurskonar lotterí.
Þessir agnúar gerðu það að verkum að fjel. menn
gætu ekki fylgt málinu á sama grundvelli og
U.M.F. Afturelding.
Svarið verður því sem hjer frá segir. Láti helm-
ingur eða meira af öllum U.M.F. út um landið
eitthvað af hendi rakna lofar fjel. að leggja fram
árlega 50.00 til 100.00 Kr. í 6 til 10 ár hugmynd-
inni til eflingar. En þó verður það með eftir-
töldum skilyrðum, eða þeim, sem fjel. síðar kann
að samþykkja. Skilyrðin sem fjel. setur eru þessi:
1. Að nokkuð af því fje, sem safnaðist yrði varið
til að lækka vexti ræktunarsjóðsins t. d. úr
6% niður í 4-3%.
2. Að afganginn ár hvert skal leggja inn í
ræktunarsjóðinn og ávaxtaður þar.
3. Að þeir einir njóti þessarar vaxtar lækkun-
ar sem eru eða hafa verið U.M.F. og geta sint
það skriflega. Því bæði yrði það til að takmarka
eftirspurnina og hinsvegar til að hlynna mest
að ungum mönnum, sem eru að byrja búskap.

Kristinn Erlendsson
Jósafat Sigfússon Árni Jóhannsson.

Um nefndarálitið urðu litlar umræður var það því
borið upp og samþ.
3. Anton Kjartansson Þönglaskála beiddist eftir að fá
að sitja á fundi og var honum leift það. En í til-
efni af því urðu töluverðar umræður um slíkt
fyrirkomulag innan fjel. og vildu allmargir af þeim,
sem töluðu að slíkt yrði afnumið að nokkrum
utanfjel. manni yrði leift að sitja inni á fundi; og
kom fram í málinu svohljóðandi till. frá Kristni
Erlendssyni studd af Árna Jóhannssyni.
„Fundurinn er því mótfallinn að utan-
„fjel.mönnum sje leift að sitja inni á
„fundunum, ef þeir eru ekki úr Ungmennafjel.
„innan sambandsins, nema ef það eru
„menn sem kynnast vilja fjel. áður en þeir
„ganga í það.
Um till. urðu dálitlar umræður og voru menn
henni ekki að öllu leiti samsála sem þegar kom
í ljós þá till. var borin upp og feld með 9 gegn
6 atkvæðum. Í málinu kom fram önnur till. frá
Birni J. Hofsós studd af Jósafat S. Gröf.
„Fundurinn leggur til að engum verði leift að
„sitja inni á fundi í U.M.F.H. nema að eins
„sambandsfjel. Skagafjarðarsýslu.

Till. borin upp og samþ. með 6 atkv. gegn 5.
Að þessum umræðum loknum var fundartími á enda og skipaði formaður fjel. starfsmenn til næsta fundar, sem þá var ákveðið að haldinn yrði sunnud. 19/12 1926. Fundarstjóri til næsta fundar Sigm. Baldvinsson og nefndi hann til ritara Jóhann Eiríksson og Ingólf Þorleifsson.
Málefnanefnd engin, ritnefnd Fjelagans endurkosin. Fleira ekki til umræðu og sagði þá fundarstjóri fundi slitið.

Jósafat Sigfússon
fundarstjóri

Björn Jónsson Hofsós
Sigurður Tómasson
ritarar

## Fundargjörð

Sunnud. 19/12 1926 var fundur haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Í fjel. gengu Pjetur Jónsson Þangstöðum og Árni Jóhannsson Hofsós.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþ. með (atkvæði) gegn engu.
3. Björn J. Stóli gat þess að sjer hefði borist bref frá Jóni Normann í Stóarsdal, þess efnis að hann vildi halda fyrirlestur milli jóla og nýjárs. Kristján Á. sagði að stjórnin hefði fengið bref frá sama manni um sama efni.
4. Þar næst bað Björn J. Bæ um orðið og byrjaði með því að bjóða hina nýu fjel. velkomna. Þar næst sagði hann að leggja mál fyrir, sem var fyrst að á Sambandsfundi á Skörð(?) í fyrra vetur hefði verið samþ. að öll U.M.F innan sambandsins Skagafjarðarsýslu hjeldu skemtun til ágóða fyrir Stúdentagarðinn, og gat þess en fremur að þeir hefðu undirbúið hana að nokkru leiti. (Á. J. Hofsós og framsögum. (Björn J. Bæ.) Um málið urðu nokkrar umræður, og kom þá fram svohljóðandi till.
„Fundurinn samþ. að þessi skemtun, sem
„fjel. hefir gengið inná að halda til styrktar
„fyrir Stúdentagarðinn verði haldinn á 3ja í
„jólum, og kosin 3ja manna nefnd til að sjá
„um hana.
Kristinn Erlendsson studd af Árna J. Hofsós.
Um till. urðu litlar umræður og var hún því næst borin upp og samþ. Kosningu hlutu þessir:
Björn J. Bæ, Árni J. Hofsós og Árni J. Hrauni
5. Þessu næst stóð form. upp og sagðist bíast við

að í dag yrði hjer hafin höfuðorusta með úrslit á hús-
byggingar og grasræktarmálinu. Því næst kom form.
með svohljóðandi nefndarálit.

„Að öllu athuguðu leggur minni hluti hús-
„byggingarnefndarinnar til að frestað verði
„að byggja á húsbyggingunni þar til að haust.
„árið 1927. En í millitíð verði veitt fje til
„grasræktar og henni hrundið í framkvæmd
„strax í vor árið 1927. Minni hlutinn lítur
„svo á að grasræktin sje nauðsynleg fyrir
„fjel. til þess að hægt sje að vísa hinu stór-
„málinu breiða, fljótfarna og glæsilega
„braut til frama og framkvæmda.

Árni Jóhannsson. Straum.

Þá er hann hafði lesið upp nefndarálitið rakti hann
niður jarðræktina lið fyrir lið og útskýrði málið
svo vel sem hægt var að gjöra. Næsti maður, sem
tók til máls næst á eftir form. ámælti honum mjög
fyrir ósvífna framkomu í húsbyggingarmálinu,
sagðist vera á móti grasræktinni þar til hann sæi
að ekkert væri hægt að gjöra fyrir hitt málið. Næst stóð
K. E. Hofsós upp og sagðist vera með grasræktinni;
sagðist hann ekki vita betur en að ungmenna fjel.
ætti að hafa jarðræktina eitt af sínum fyrstu

áhugamálum, en ljet þó í ljósi um leið að hann væri
mjög hlintur húsmálinu. Fóru þá að verða fjörugar
umræður, voru margir um orðið svo fundarstj. hafði
nóg að gjöra. Voru flestir, sem töluðu með jarðræktinni
en þó hlintir húsinu.

Formaður sagðist segja sig úr nefndinni, en hvatst
vilja láta kjósa nefnd er hjeti framkvæmdanefnd,
er sæi um framkvæmdir á báðum málunum. Bað
hann því næst um að grasræktarmálið yrði borið
upp. Þá stóð Björn J. Bæ upp og taldi það óráðlegt
af formanni að láta bera grasræktarmálið upp
nú á þessum fundi. Kom þá fram svohljóðandi
till. í málinu.

„Fundurinn samþ. að málinu sje frestað
„til næsta fundar og þá tekin ákvörðun
„ir. — K. E. Hofsós studd af B. J. Bæ.

Till. var síðan borin upp og samþ.
Var þá farið að kjósa starfsmenn til næsta fundar
Fundarstj. Þorsteinn S. Bæ. Nefndi hann til ritara
Kristinn Erlendss. og Björn J. Hól. Ritnefnd Árni J. Hofsós,
Pjetur Jónsson og Sig. Tómasson. Fleira gjörðist ekki á
fundinum og sagði fundarstj. fundi slitið.

Sign. Baldvinsson — Jóhann Eiríksson
fundarstjóri — Ingólfur Þorleifsson ritarar.

# Fundargjörð

Þann 28/12 1926 var fundur haldinn í U. M. F. H. á venjul. fundarstað og byrjaði kl. 1 e. h. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Tveir utanfjelagsmenn beiddust inntöku í fjel., bar fundarstjóri það upp og var það samþ. voru það þeir Anton Kjartansson og Kristján Þorsteinsson.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi; var hún lítið rædd, gjörð breyting á einu orði síðan borin upp og samþ.
3. Jón Normann Jónasson Stóraisdal hjelt fyrirlestur er hann nefndi „Gylfaginning vorra tíma.“ Jón Jónsson Hofi bað um að fá að sitja inni á fyrirlestrinum og var það leift sem samþ. fundar manna. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur, var það tilgangur fyrirlesarans að vekja athygli manna á uppgötvunum er gjörðar hafa verið um uppruna heimsins. Formaður þakkaði Jóni fyrir komuna og góðan fyrirlestur. Framkvæmdarnefnd húsbyggingarinnar lagði fram svohljóðandi nefndar álit.

Húsbyggingarnefnd U. M. F. H. hefir komið saman og athugað möguleika fyrir húsbygging fjelagsins. Nefndin telur, að fjel. geti ekki greitt rentur og afborganir af láni, sem þyrfti að taka ef húsið yrði byggt að öllu leyti á 1–2 árum. Leggur því nefndin til að ekki verði ráðist í fyrirtækið á þeim grundvelli. Aftur telur hún að kleyft verði að koma húsinu upp á fleiri árum. Hennar till. eru því:
1. Vorið 1927 verði byrjað að grafa fyrir húsgrunni og koma að einhverju af efni.
2. Reynt verði að steypa kjallarann fyrir næstkomandi vetur.
3. 1928 verði stefnt að því takmarki að koma húsinu undir þak, og gera það þannig að hægt sje að hafa þar skemtanir.
4. Peninga til að framkvæma með 1928 hugsar nefndin sjer að hægt verði að afla þannig.
a. Leyta samskota fjel. til styrktar, hjer í sveitinni og ef til vill víðar.
b. Taka lán til að greiða það, sem þá vantar eftir. Hugsum við að það verði ekki svo mikið að fjel. geti ekki staðið straum af því.
5. Eftir að húsið er komið það á veg að hægt er að hafa í því skemtanir, hugsar nefndin sjer að það verði endur bætt eftir því sem gjald þol fjelagsins leyfir.

6. Nefndin telur þann stað, sem þegar hefir verið gefinn undir húsið heppilegastann, en telur þó eftirvill rjett, ef U.M.F. verða ekki sammála um staðinn, að fengnir verði 3 utanfjel. menn til að athuga hvar heppilegast verði að byggja.

Í húsbyggingarnefnd U.M.F.H. Hofsós
Björn Jónsson Bæ, Björn Jónsson Hofsós,
Jóhannes Stefánsson Bæ, Kristján Ágústsson Hofsós,
Jósafat Sigfússon Gröf.

Kristinn Erlendsson gat þess að nú væri svo álitið dagsins, og eftir að afa leitt, að ekki væri tími til að ræða nefndarálitið nú. Lagði hann fram svohljóðandi tillögu.

„Fundurinn samþ. að frestað verði að „ræða nefndarálitið þar til á næsta fundi.
K. E. studd af Árna Jóhannss.

Till. var litið rædd, bar fundarstjóri hana upp og var hún samþ.

4. Formaður fjel. ákvað að hafa næsta fund 4. janúar & byrja stuldið. Kl. 11 f. h.

5. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Kristinn Erlendsson, og nefndi hann til ritara Jóhann Eiríksson og Björn Jónsson Hofsós. Málefna nefnd og ritnefnd undur kosnar. Fleira gjörðist ekki á fundinum og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Pjetur Jónsson
fundarstjóri

Kristinn Erlendsson
Björn Jónsson Hóli
ritarar.

## Fundargjörð.

Föstud. 4. jan. 1924 var fundur haldinn í U.M.F.H. á venjul. stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og var hún samþ.
2. Lesin upp grein úr Fjelaganum.
3. Tekið til umræðu nefndarálit minni hluta húsbyggingarnefndarinnar. Voru um það engjallar umræður af formanni fjel., hvatti hann samt tilke hafa verið að bæta því hann væri búinn að lýsa afstöðu sinni í málinu, sem nefndarálitið fjallaði um. Fundarstjóri tók það fram að rjettast væri að blanda ekki húsbyggingunni inn í nefndarálitið en ræða það eins og það lægi fyrir. Var það síðan rætt fram og aftur, en þar, sem ekkert var á umræðunum að græða kom svohljóðandi till. frá form. fjelagsins

studd af Jóh. Eiríkssyni:
„Fundurinn leggur til að veitt verði fje
„til grasræktarinnar í vor og henni hrundið
„í framkvæmd í sumar 1928.
Um till. urðu allmiklar umræður. Voru allmargir af fundarmönnum sem ekki vildu aðhyllast till. og leggja fram fje til fyrirtækisins. Form. fjel. skýrði frá hvað mikill kostnaður það yrði að hrinda grasræktinni í framkvæmd, áleit hann það kleyft fyrir fjel. að ráðast í fyrirtækið án þess það stæði hinu málinu fyrir þrifum. Fyrirspurn kom frá Pjetri Jónssyni um það hvort land það sé rækta ætti og fjel. ætti að kaupa væri selt skilyrðalaust. Form. svaraði fyrirspurninni á þann veg, að hann byggist við að bletturinn yrði seldur skilyrðalaust og þótt skilyrði fylgdu þá myndu þau ekki verða til þess að tefja fyrir framkvæmdum, enda væri það ekki aðalatriði málsins. Þegar hjer var komið voru allmargir um orðið og bar þá fundarstjóri það upp fyrir fundinn, hvort ætti að leifa umræður um málið lengur, var þá samþ. að ræða málið lengur með 13 atkv. gegn 8. Fundarstjóri gat þess að tíminn væri takmarkaður, sem við hefðum til fundarhalda og áminti fjel.menn um að vera stuttorða því hann skýrði ekki fundinum lengur en sinn ákveðna tíma. Að þessu loknu urðu allmiklar umræður um málið og voru ekki allir á eitt sáttir. Mótpartur grasræktarinnar áleit ekki vera hægt að ganga frá málinu á þessum fundi á meðan ekki fengist fullnægjandi svar upp á kaup á hinum umrædda blett; því þeir teldu það aðalatriði málsins. Þar sem fundartíminn var nær því búinn og ekkert á umræðunum að græða bað form. þess að till. væri borin upp og atkv. greidd með nafnakalli; og þeir sem með málinu voru sögðu já, en þeir sem á móti voru nei, fór atkvæðagreiðslan fram sem hjer segir:

Nei sögðu:

Árni Halldórsson Hofsós
Pála Árnadóttir —
Valgerður Jónsdóttir —
Kristjana Árnadóttir —
Pjetur Jónsson Þangstöðum
Sigmundur Baldvinsson Þönglabakka
Þorgrímur Hermannsson Hofsós
Egill Kristinsson Syðra Ósi
Jóhannes Stefánsson Bæ
Guðmundur Sigmundsson Árbakka

Baldvin Kristinsson Syðra Ósi
Steinunn Ágústsdóttir Hofsós
Jakobína Hallsdóttir —
Vilhelm Jónsson Staðarbjörgum
Baldvin Ágústsson Hofsós
Gunnlaugur Einarsson Mýrakoti
Þorsteinn Stefánsson Bæ
Björn Jónsson Hofsós
Kristján Ágústsson —
Já sögðu:
Sigurður Jónsson Hofsós
Jón Kjartansson Þönglaskála
Ingólfur Þorleifsson Hofsós
Anton Kjartansson Þönglaskála
Steinþór Jónsson Grafargerði
Geirmundur Jónsson —
Kristín Kristinsdóttir Bæ
Ásta Kristinsdóttir Nöf
Randver Sæmundsson Á
Sigurður Tómasson Hofsós
Þorsteinn Kristinsson —
Jósafat Sigfússon Gröf
Guðberg Kristinsson Þrastastöðum
Kristján Þorsteinsson Naustum

Svanur Eiríksson Berlín
Árni Jóhannsson Hrauni
Jóhann Sigfússon Gröf
Jóhann Eiríksson Berlín
Björn Jónsson Bæ.

Þar næst voru talin atkvæðin og höfðu þau fallið þannig að 19 atkv. voru með og 14 á móti. Lá þá fyrir fundarstjóra að skera úr málum og var hans atkv. já. Að lokinni atkv.greiðslu kom fram till. frá form. fjel. studd af Jóhanni Sigfússyni Gröf svohljóðandi:

„Fundurinn samþ. að kosin
„verði 7 manna nefnd er heiti
„Framkvæmdanefnd er sjái um
„framkvæmdir á báðum málunum.

Um till. urðu litlar umræður og var hún borin upp og samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Lá þá fyrir að kjósa nefndina, og til þess að sem styttstur tími gengi í það kom mönnum saman um að hún yrði kosin þannig að fundarstjóri stingi upp á fyrsta manninum og svo hver af öðrum. Tilnefndi þá fundarstjóri fyrsta mann í nefndina Björn Jónsson Bæ, Kristján Þorsteinsson Naustum, Árni Jóhannsson Hrauni, Kristinn Erlendsson Nöf, Ingólfur Þorleifsson Hofsós, Jósafat Sigfússon

Gröf, Guðberg Kristinsson Þrastastöðum.
Að afloknum nefndarkosningu tók til máls
fyrverandi húsbyggingarnefnd, hvatti hún léta
svo á að hún væri þegar laus allra mála, þar,
sem hin nýja nefnd væri svo vel skipuð og
hefði tekið að sjer umsjón og framkvæmdir á báðum
málunum. Óskuðu þeir, sem eftir voru úr hús-
byggingarnefndinni hinni nýju framkvæmdar
gjörðar liðanar og óskuðu að meira sæist eftir
hana heldur en hina fyrri að ári liðnu.
Bjuggust fundarmenn við að svo mundi verða
og töldu það rjett fram borið að hin fyrri hús-
byggingarnefnd væri þegar laus.
4. Tekið fyrir nefndarálit húsbyggingarinnar.
Álitu sumir fundarm. engann tíma til að taka
það til umræðu þar, sem fundartími væri þegar
á enda. Samt komu fundarmenn sjer saman
um að lesa nefndarálitið upp eins og það lá
fyrir. Björn J. Bæ tók til máls og gerði fyrirspurn
til fjelagsm. hvort hann ætti að ~~bera~~ lesa upp
nefndarálitið. Álitu fundarmenn þess ekki
þörf þar sem það hefði verið lesið upp á síðasta
fundi í fjel. Var þá nefndarálitið borið upp
eins og það lá fyrir og samþ. með öllum greidd.

um atkv. Sátu fundarmenn agndofa í sætum
sínum þar til Björn J. Bæ stóð upp og sagði: „er
nefndarálitið samþ.?“ sögðu fundarmenn að svo
væri og álitu rjettast að lesa það upp. Las þá
B. J. Bæ nefndarálitið upp lið fyrir lið. Form.
fjel. sagðist ekkert hafa út á það að setja hann
væri því að öllu leiti sammála, nema því að
hann hefði ekki viljað láta byrja á byggingunni
fyr en í haust 1927, en nefndarálitið bæri það með
sjer að byrjað yrði á því í vor 1927, það yrði þá
að hafa það. Urðu um samþykktir á nefndar-
álitinu engar markverðugar umræður.
5. Jóhannes Stefánsson Bæ gat þess að sjer hefði
borist kæra frá einum fjel.manni, en þar, sem
einn maðurinn í dómnefndinni ætti tölu-
vert skylt við málið þá vildi hann vita hvort
hann ætti að sitja kyr eða kjósa annan í hans
stað. Þorsteinn Kristinsson hvatti þess ekki
þurfa því bæjarfógeti gæti dæmt mál bróður síns.
Álitu fundarmenn það undir atvikum komið, og álitu
rjett að einn maður væri kosinn til þess að dómnefnd
yrði fullskipuð. Og í tilefni af því kom svohljóðandi
till. frá Kristjáni Á. studd af K. Erlendssyni.
„Fundurinn samþ. að Jósafat Sigfússon Gröf sitji

uppá manni í nefndina." Till. var borin upp og samþ. með öllum greiddum atkv. Stakk þá Jósafat uppá formanni fjel. Árna Jóhannssyni Hrauni. Þegar hjer var komið var fundartími búinn, lá þá fyrir að kjósa starfsmenn til næstafundar. Til fundarstjóra var tilnefndur Jósafat S. Gröf, nefndi hann sjer til ritara Pjetur Jónsson Þangstöðum og Anton Kjartansson Þinglaskála.

Málshefjendur Björn Jónsson Bæ, Ásta Kristinsd. Höfn, Konráð Jóhannsson Hrauni.

Ritnefnd Kristján Þorsteinsson Naustum, Kristinn Erlendsson Höfn, Konráð Jóhannsson Hrauni.

Fleira ekki tekið fyrir

fundi slitið.

Kristinn Erlendsson
fundarstjóri

Björn Jónsson Hofsós
Jóhann Eiríksson
ritarar.

Ár 1927 sunnudaginn þ. 16. jan. var fundur settur og haldinn í U.M.F.H. á venjulegum stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með þeim breytingum að í stað orðsins „selja" komi kaupa „Jóhann Sigfússon" komi „Kristján Þorsteinsson"
2. Í félagið gengu Jón Konráðss. Bæ og Páll Erlendsson prestsetrinu.
3. Lesið upp úr „Félaga" og „Kobbeninunga"
4. Björn Jónsson Bæ lagði fram reikninga yfir skemtisamkomur er haldnar voru 2. 3. og 8. þ.m. Voru þeir samþyktir.
5. Sami maður gat þess að þá yrði til umræðu samnings-uppkast er framkvæmdarnefndin hefði fengið hjá Hofs-eiganda og væri um land það er félagið ætlaði að kaupa til grasræktar. Las hann upp samningsuppkastið. Einnig las hann upp álit 3ja utanfélagsmanna er átti að athuga hvar myndi heppilegast að láta hið fyrirhugaða hús fé-lagsins standa. Þá bauð fundarstjóri frjálsar umræður um samningsuppkastið.

Kristinn Erlendsson tók fyrstur til máls. Kvaðst hann fylgj-andi því að samningurinn yrði samþ.

Kristján Ágústss. óskaði eftir að nefndin upplýsti hvers vegna blettur-inn hefði ekki fengist innan við Hofsá.

Árni J. Hrauni sagði að land það er líkur hefðu verið til að félagið tæki þar hefði verið lofað öðrum og einnig gjörði hann ráð fyrir að allir hefðu ekki orðið ánægðir með að láta húsið standa uppi á móum.

Árni Jóhanness. Hofsós kvaðst ekki hafa mikið um málið að segja, enda teldi það að mestu samþykkt, en vildi víta þá aðferð sem notuð hefði verið til þess að fá grasræktina

og landkaupin samþykkt, að ef þetta fengist ekki samþykkt þá myndi félagið sundrast, og sagðist vilja telja það landráð við félagið ef satt væri að gengið hefði sundur skriflegt skjal meðal félaganna um stofnun nýs ungmennafélags, ef þessi nefndu mál næðu ekki fram að ganga.
Árni frá Hrauni lýsti því yfir að þetta væri alt ósannindi, sem Árni J. Hafstað hefði sagt.
Árni J. Hafstað kvaðst vilja minna Árna frá Hrauni á hans eigin orð frá næst síðasta fundi. Var þá kallað kröftuglega „rétt“ og „heyr“ í fundarsalnum.
Jón Konráðsson sagðist nærri vera farinn að sjá eftir að hafa gengið í félagið. Því vindist hver höndin upp á móti annari. Gat þess að ásetningur sinn væri að styðja af mætti félagsskapinn, en mæltist til að hann yrði ekki kosinn í stjórn því hann væri nógum störfum hlaðinn, og svo áliti hann að félagsstörfin ættu að vera í höndum yngri manna.
Árni frá Hrauni óskaði eftir að samningurinn yrði borinn upp, umræður væru þýðingarlausar.
Kristinn Erlendsson var því samþykkur, og taldi samninginn mjög aðgengilegan.
Björn Jónss. Hafstað sagðist álíta hið gagnslausa þar sem félagið mætti ekki nota hið umrædda land til hvers sem væri.

Þá tók til máls Páll Erlendsson. Sagði hann að mikið vantaði á að í flag væri breytt eftir lögum félagsins og reglum sem félagið hefði samþykkt að fara eftir. Einnig fór hann nokkrum orðum um aðal hugsjón Ungmennafélagsins. Gerðu flestir góðan róm að orðum hans og var oft kallað heyr.
Árni frá Hrauni þakkaði Páli fyrir góðan fyrirlestur og kvað hann hafa bætt upp það sem gleymst hefði á þessum fundi.
Jón Konráðsson kvaðst vilja að félagið gengi að þessum samningi frá landeiganda með þeirri breytingu að ekki væri félaginu gert að skyldu að girða landið í vor einnig að eigandi Hvammkots ætti kaupaforréttinn að öðru jöfnu.
Kom svohljóðandi tillaga frá Birni J. Bl. studd af Kristjáni Þorsteinssyni:

Fundurinn samþykkir að keypt verði umrætt
„land utan Hafstaðs en verði svo ~~ekki~~ látið bíða þar til að
„peningar ~~eða~~ vissa um að lán fáist út á blettinn þennan. En
[illegible]
„ef lán fæst út á hús byggt á blettinum vill fundurinn að
„byrjað verði þegar í vor á grasræktinni.

Kristinn Erl. taldi tillögu þessa miðlunartillögu og sagðist ekki geta skilið í öðru en allir gætu verið henni fylgjandi. Var hún borin upp og samþykkt með 28 atk. gegn 11.

Voru þá bornar upp breytingar frá J. Konráðssyni viðkomandi samningsform. og samþykkt með 16 gegn 8 atk.

Árni frá Hrauni lýsti því þá yfir að atkvæði hefðu fallið þannig að aðaltakmarki einu væri náð einnig gat hann þess að ef grasræktin yrði framkv. á komandi vori þá ætlaði hann að gefa til hennar 20 kr. í peningum 2 dagsverk og 2 sleða af áburði (skýt leiðrétt Kr. Erlendsson)

6. Jón Konráðss. sagði að nú þyrfti félagið að hafa úti allar klær að afla sér fjár þar búið væri að samþ. að framkvæma tvö stórmál. Í því sambandi væri hann með tillögu er hann með leyfi fundarstjóra ætlaði að lesa upp

Tillagan hljóðar svo:

Fundurinn samþykkir að næstkomandi fyrsta sumardag efni Ungmennafélagið til alm. samkomu sér til fjársöfnunar þar á meðal með tombólu

Jón Konráðsson studd af B. J. Bæ.

Um tillöguna urðu litlar umræður og var hún borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

7. Las fundarstjóri upp dóm er hafði borist fundinum frá dómnefnd félagsins og gat þess að umræður yrðu ekki leyfðar um hann en gerði ráð fyrir að því yrði frestað til næsta fundar

8. Formaður fél. gat þess að næsti fundur yrði aðalfundur og nefndi 3 menn til að rita í Félagann þá Pál Erlendsson, Árna Halldórsson, og Pétur Jónsson

Þá var kosin nefnd til framkvæmda á fyrirhugaðri skemmtisamkomu næsta sumardag fyrsta, og fór hún fram með bendingum. Bent var á

Jón Konráðsson hann benti á Björn Jónsson Bæ, hann benti á Kristinn Erlendsson, hann benti á Árna Jóhannsson Hofsós og hann benti á Jósafat í Gröf

Fleira gjörðist ekki á fundinum, og var því fundi slitið.

Jósafat Sigfússon

Ritari

Pétur Jónsson

Anton Kjartansson